

**SKOÐUN** Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um óþekkt í skólastofu, ofbeldi og ábyrgð fullorðinna. 23



**MENNING** Geimverurnar sem aldrei lentu á Snæfellsjökli 1993 eru til umfjöllunar í leikritinu 21.07. 30



**SPORT** Jón Arnór Stefánsson gerir upp afar eftirminnilegt tímabil á Spáni í vetur. 44






# FRÉTTABLAÐIÐ


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
20. júní 2013
143. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**700 glötuð reiðhjól** Um 700 tilkynningar um töpuð reiðhjól bárust til lögreglunnar í fyrra. Árlega endurheimta tíu til þrjátíu manns hjólin sín á ný. 18

**Rannsókn gagnrýnd** Hæstiréttur sýknaði tvo menn af nauðgunarákæru í gær en ein ástæða sýknunnar var sögð verulegir annmarkar á rannsókn lögreglu. 2

**Sömu áform** Þrátt fyrir erfiðleika við rekstur Hellisheiðarvirkjunar þykir ekki ástæða til að endurskoða nýtingu háhitasvæða. 6

**45 milljónir flýja** Fjöldi flóttamanna í heiminum hefur ekki verið hærri síðustu átján ár. 16




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | N | 6 |
| Akureyri | 10° | N | 4 |
| Egilsstaðir | 11° | NA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 16° | NV | 4 |
| Reykjavík | 13° | N | 5 |

**HLÝJAST S-LANDS** Í dag verður fremur hæg norðlæg átt og væta norðaustan til en annars víða bjart með köflum. Síðdegisskúrir SV-til. Hiti 10-16 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Plastiðnaður | Fólk




# Einn af hverjum tíu vill óbreytt veiðigjald

Meira en 23.600 manns höfðu skrifað undir í gærkvöld til að mótmæla frumvarpi ríkisstjórnarinnar um lækkun veiðigjalds. Fram úr öllum björtustu vonum, segja forsprakkar átaksins. Fjöldi undirskrifta kemur á óvart, segir sjávarútvegsráðherra.

**STJÓRNSÝSLA** „Maður er bara í sjokki. Ég er búinn að vera ringlaður og í hálfgerðu losti frá því í gær," segir Agnar Kristján Þorsteinsson, annar forsprakka undirskriftasöfnunar sem mótmælir frumvarpi ríkisstjórnarinnar um lækkun veiðigjalds.

Agnar og félagi hans, Ísak Jónsson, settu söfnunina af stað þann 17. júní síðastliðinn. Á rúmum sólarhring höfðu tæplega 11 þúsund skrifað undir. Í gærkvöldi var talan komin yfir 23.600. Á kjörskrá fyrir síðustu Alþingiskosningar voru 237.957 manns.

„Þetta er framar öllum björtustu vonum," segir Ísak, en tvímenningarnir ákváðu að hrinda söfnuninni í framkvæmd því þeim blöskraði forgangsröðun stjórnvalda í ríkisfjármálum. Þeir vonast eftir þrjátíu þúsund undirskriftum áður en þeir afhenda forseta listann og eru bjartsýnir á málið verði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að fjöldi undirskriftanna kæmi sér á óvart. Hann sagði þó að ef ekkert hefði verið að gert yrðu engin veiðigjöld á næsta fiskveiðiári þar sem lögin sem áttu að taka gildi 1. september næstkomandi séu óframkvæmanleg. „Þannig að ef undirskriftasöfnunin yrði til þess að það yrðu engin lög þá verða engin veiðigjöld," sagði ráðherra.



ÍSAK JÓNSSON — AGNAR K. ÞORSTEINSSON

Undirskriftasafnanir sem snerta þjóðaratkvæðagreiðslur beint eða óbeint hafa verið fjórar á síðustu 20 árum; samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES), fjölmiðlalögin, Icesave-samningarnir og salan á HS Orku.

**- sv, shá /** **sjá síðu 8**




**HJÓLAÐ TIL GÓÐS** Hjólreiðakeppnin Wow Cyclothon var ræst í annað sinn í gær við Hörpu. Alls 25 lið taka þátt í keppninni og munu þau hjóla hringinn í kringum Ísland en stefnt er að því að koma í mark á laugardag. Liðin hafa að undanförnu safnað áheitum til styrktar Barnaheilla og höfðu ríflega 2 milljónir króna safnast í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þeir laxar sem veiðst hafa virðast nánast allir mjög vel haldnir:

# Laxveiðitímabilið fer vel af stað

**VEIÐI** Veiðimenn eru á einu máli um að laxveiðitímabilið fari óvenju vel af stað. Þessa dagana er veiði að hefjast í laxveiðiám um land allt og sem dæmi höfu menn veiðar í Elliðaám og Laxá í Kjós í morgun.

Í Þverá, sem opnaði 12. júní, voru í fyrrakvöld komnir 40 laxar á land, þar af kom 21 í opnuninni. Í Kjarrá, sem opnaði 15. júní, eru komnir 54 laxar á land.

„Þetta er óskabyrjun," segir Ingólfur Ásgeirsson, einn leigutaka Þverár/Kjarrár. „Þetta er einhver besta opnun í Þverá í manna minnum. Að stærstum hluta er þetta fallegur tveggja ára lax sem er mjög vel haldinn og smálaxinn sem hefur líka verið að skila sér sem er mjög jákvætt."

Haffjarðará opnaði á sunnudaginn, 16. júní. Fyrstu þrjá dagana veiddust 40 laxar og var eingöngu veitt á þrjár stangir.

„Þetta er betri byrjun en undanfarin ár og eins og annars staðar kemur fiskurinn mjög vel haldinn úr sjó," segir Einar. „Ég man varla eftir að hafa séð svona fallega fiska í byrjun sumars. Laxinn er þykkur og pattaralegur. Sömu sögu er hægt að segja um smálaxinn þannig að þetta lofar allt mjög góðu tel ég."

**- th /** **sjá síðu 46**



**MARÍULAX** Hinn tíu ára gamli Daníel Þorri Haukson veiddi maríulaxinn í Flókadalsá í Borgarfirði í fyrradag



**KEMUR TIL ÍSLANDS** Tilda Swinton tekur þátt í tónlistarhátíðinni All Tomorrow's Parties. NORDICPHOTOS/GETTY

Tilda Swinton til Íslands:

# Velur myndir á ATP-hátíðina

**FÓLK** „Ég varð mjög ánægður þegar hún hafði samband en þetta kom mér ekki mjög á óvart því það hefur verið gríðarlegur áhugi fyrir hátíðinni," segir Tómas Young, skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar All Tomorrow's Parties.

Kvikmyndasýningar fara fram í gamla herstöðvarkvikmyndahúsinu í tengslum við hátíðina. Til stóð að leikstjórinn Jim Jarmusch sæi um að velja kvikmyndirnar annan daginn og hljómsveitirnar sem fram koma hinn daginn. Leikkonan Tilda Swinton óskaði sérstaklega eftir því að fá að velja myndir á hátíðina annan daginn og var það samþykkt.

**- sm /** **sjá síðu 50**

Gjaldtaka á túristastöðum:

# Gjöld gætu skilað 5 milljörðum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendir ferðamenn sem sækja Ísland heim á þessu ári verða 747 þúsund standist ný spá greiningardeildar Arion banka. Þá fjölgar þeim í 809 þúsund á næsta ári og 876 þúsund árið 2015 samkvæmt spánni.

Spáin er sett fram í nýrri skýrslu greiningardeildarinnar um ferðaþjónustu á Íslandi. Þar er einnig fjallað um mögulega gjaldtöku á vinsælum ferðamannastöðum. Er slík gjaldtaka sögð geta dregið úr ágangi og aflað fjár til uppbyggingar ferðamannastaða. Telur greiningardeildin að tekjur af gjaldtökunni gætu numið 3 til 5 milljörðum á ári.

**- óká /** **sjá síðu 4**







## SPURNING DAGSINS



Ásdís, er Svanni góður granni?

**Það má segja með sanni, hann hjálpar kvenmanni að verða að leikmanni.**

Ásdís Guðmundsdóttir er sérfræðingur í atvinnumálum kvenna og umsjónarmaður lánatryggingasjóðsins Svanna sem var endurreistur árið 2011 eftir átta ára dvala. Fjórar umsóknir hjá Svanna verða afgreiddar á næstu dögum.

Myndarlegt framlag Aurora velgerðarsjóðs hefur gjörbreytt möguleikum barna í Síerra Leóne:

# Metframlag til þróunarsamvinnuverkefnis

**HJÁLPARSTARF** Aurora velgerðarsjóður veitti á árunum 2009 til 2011 hæsta framlag einkaaðila á Íslandi til einstaks þróunarsamvinnuverkefnis hingað til. Aurora gaf alls 211 milljónir króna til verkefnis á vegum UNICEF en auk þess veittu stofnendur Aurora 37 milljónir til verkefnisins.

Verkefnið sem um ræðir er stuðningur við menntun barna í Síerra Leóne, einu fátækasta ríki heims. Menntun barna, og þá sérstaklega stúlkna, er mjög ábótavant í landinu. Þá er tíðni barnadauða í landinu ein sú hæsta í heimi.

„Aurora og íslenska landsnefndin hafa breytt landslaginu í menntamálum hér í Síerra Leóne,“ segir Roeland Monasch, yfirmaður UNICEF þar í landi. Þá segir hann að framlag sjóðsins hafi kostað byggingu nýs skóla, kaup á nauðsynlegum námsgögnum og þjálfun kennara.

UNICEF hefur í Síerra Leóne þróað nýja nálgun til þess að tryggja að fátæk börn fari í nám, svokallaða mæðraklúbba. „Mæðraklúbbarnir fylgjast með börnunum, bregðast við vandamálum þeirra, tala við foreldra og hafa umsjón með sjóði sem styður börn sem annars kæmust ekki í skóla til náms,“ útskýrir Monasch.

Þessi nýja nálgun hefur reynst mjög vel í hinu fátæka Konó-héraði þar sem UNICEF hefur beitt sér sérstaklega. Er því stefnt að því að stofna mæðraklúbba alls staðar í landinu á næstu árum. - ne

### HVAÐ ER AURORA?

Aurora velgerðarsjóður hefur þann megintilgang að stuðla að og styrkja menningar- og velgerðarmál á Íslandi sem og erlendis. Stuðningi sjóðsins er ætlað að hafa víðtæk áhrif og virka sem vítamínsprauta út í samfélög og áhersla er lögð á að styrkja hvert verkefni myndarlega. Stofnendur sjóðsins eru hjónin Ingibjörg Kristjánsdóttir og Ólafur Ólafsson.

## Ólafur Rafnsson lést í gær



Ólafur Eðvarð Rafnsson, forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), er látinn, fimmtugur að aldri. Ólafur varð bráðkvaddur í Sviss í gær.

Á yngri árum spilaði Ólafur körfubolta með Haukum og íslenska landsliðinu. Hann var kjörinn formaður Körfuknattleikssambands Íslands árið 1996 og gegndi því embætti til ársins 2006 þegar hann var kjörinn forseti ÍSÍ. Þá var hann kjörinn forseti FIBA Europe, körfuknattleikssambands Evrópu, árið 2010 og tók í lok síðasta mánaðar við stöðu forseta framkvæmdastjórnar Smáþjóðaleikanna.

Ólafur starfaði sem lögmaður og rak eigin lögmannsstofu í Hafnarfirði. Hann lætur eftir sig eiginkonu og þrjú börn.

Umræða um konur á þingi:

## Sammælast um kynjamisrétti

**ALÞINGI** Mikill samhljómur var meðal þingmanna í sérstakri umræðu um konur og stöðu kvenna sem fram fór á Alþingi í gær. Tilefnið var 19. júní, en 98 ár voru frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt.

Þingmenn voru óspariri á hamingjuóskir til kvenna og í upphafi þingfundar sagðist Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, meðal annars ætla að láta kjósa fimm manna framkvæmdarnefnd til að undirbúa hundrað ára afmælisárið 2015. Þau Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Pétur Blöndal og Bjarni Benediktsson voru meðal þeirra sem ræddu nauðsyn þess að koma á jafnrétti í landinu. - sv



**INSPIRED BY ICELAND** Ráðist var í Inspired By Iceland kynningarátakið í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skaðabætur vegna átaks:

## Auglýsingastofa fær skaðabætur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur komst í gær að þeirri niðurstöðu að ríkið þurfi að greiða auglýsingastofunni Jónsson & Le'Macks (J&L) 5 milljónir í skaðabætur vegna tillögu stofunnar að kynningarátakinu Inspired By Iceland.

Forsaga málsins er sú að starfshópur á vegum ríkisins óskaði eftir tillögu frá fimm auglýsingastofum, þar á meðal J&L, í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli. Seinna gerðu Ríkiskaup athugasemd við þetta fyrirkomulag þar sem verkefnið væri útboðsskylt. Var þá ákveðið að ferðaþjónustufyrirtæki myndu sjá um átakið og völdu þau aðrar auglýsingastofur til verksins. Hafði J&L þá varið 5 milljónum í verkefnið. Taldi Hæstiréttur að þetta verklag stæðist ekki og að J&L ætti rétt á skaðabótum. - mþl

### HEILBRIGÐISMÁL

**Nýr smitsjúkdómur greindur**

Alþjóðlegur hópur lækna hefur að undanförnu rannsakað um 25 dauðsföll í Sádí-Arabíu sem rekja má til áður óþekkts öndunarfærasjúkdóms. Sjúkdómurinn hefur fengið nafnið MERS en hann þykir svipa mikið til smitsjúkdómsins SARS sem dreifðist um heimsbyggðina árið 2003 og olli 800 dauðsföllum.

# Hæstiréttur gagnrýnir nauðgunarrannsókn

Nauðgunardómi yfir Stefáni Loga Sívarssyni og Þorsteini Birgissyni var snúið við í Hæstarétti í gær. Hæstiréttur gagnrýnir rannsókn lögreglu og niðurstöðu héraðsdóms. „Sigur fyrir réttarkerfið,“ segir verjandi. Réttargæslumaður er undrandi.

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær Stefán Loga Sívarsson og Þorstein Birgisson af ákæru um nauðgun í nóvember 2011. Héraðsdómur hafði áður sakfellt þá báða og dæmt Stefán í fimm ára fangelsi og Þorstein í fjögurra og hálfs árs fangelsi.

Í dómi Hæstaréttar er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í janúar gagnrýnd og sagt að þar hafi verið dregnar ályktanir af framburði ætlaðs brotaþola sem ekki fáist staðist.

Meirihluti Hæstaréttar segir að verulegs misræmis gæti um ýmis mikilvæg atriði í framburði stúlkunnar, sem var rétt tæplega nítján ára gömul þegar atburðurinn átti sér stað. Engu að síður segi í héraðsdómnum að hún hafi borið „á sama veg og fyrr“ frá einni skýrslugjöf til annarrar, jafnvel þótt það eigi sér ekki stoð. Þá stangist framburður hennar sumpart á við það sem sýnileg sönnunargögn taki af tvímæli um.

Þorsteinn og Stefán, sem er þekktur sem annar Skeljagrandabræðra og á langan brotaferil að baki, neituðu báðir sök og kváðu samræðið hafa verið með fullum vilja stúlkunnar. Niðurstaða Hæstaréttar er að gegn þeim framburði tvímenninganna hafi ákæruvaldinu ekki tekist að færa sönnur á sekt þeirra.

Þá segir einnig í dómi Hæstaréttar að annmarkar séu á rannsókn lögreglu „sem úr því sem komið er verður ekki séð að unnt væri að bæta úr nema að hluta“. Er þar meðal annars átt við að ekki hafi verið teknar skýrslur af ýmsum vitnum sem varpað hefðu getað skýrara ljósi á málið, ekki hafi verið kallað eftir upptökum úr öryggismyndavélum í tæka tíð og gagna um símtöl ekki aflað.

„Ég tel að þetta sé mikill sigur fyrir réttarkerfið á Íslandi,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, verjandi Stefáns. „Ég held að héraðsdómur í þessu máli þurfi alvarlega að hugsa sinn gang miðað við þá yfirhalningu sem héraðsdómur fær í niðurstöðu Hæstaréttar,“ segir hann og bætir við að niðurstaðan sé mikill áfellisdómur yfir vinnubrögðum lögreglu.

Margrét Gunnlaugsdóttir, réttargæslumaður stúlkunnar, er ósammála. „Ég er mjög undrandi yfir dómnum,“ segir hún. - sh, hjh



**SÝKNAÐUR** Stefán Logi Sívarsson á langan brotaferil að baki. Hann neitaði alla tíð að hafa nauðgað stúlkunni.

### Annað sératkvæði Ingibjargar



Hæstaréttardómarinn **Ingibjörg Benediktsdóttir**, eina konan í fimm manna dómi, skilar sératkvæði í málinu og vill staðfesta sektardóm Hæstaréttar.

Þetta er í annað sinn á þessu ári sem Ingibjörg situr ein með nokkrum körlum í dómi og skilar sératkvæði sem varðar kynferðisbrot. Það gerðist líka í febrúar þegar dómur féll í líkamsárásarmáli sem kennt var við Hells Angels.

Þá komst meirihluti dómsins að því að það væri ekki kynferðisbrot að stinga fingrum inn í leggöng og endaþarm konu ef tilgangurinn var ekki kynferðislegur heldur einungis að meiða þolandann. Ingibjörg var þessu ósammála.




Hvalur hf. er eina fyrirtækið sem hefur stundað hvalveiði hér á landi frá 1948:

# Hafa veitt 15 þúsund stórhveli

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslendingar hafa samtals veitt yfir 15 þúsund stórhveli og fyrirtækið Hvalur hf., með feðgana Kristján Loftsson og Loft Bjarnason í fararbroddi, stendur þar að baki. Noregur, Japan og Ísland eru einu þjóðir heims sem enn stunda hvalveiðar.

Frá fyrstu vertíð árið 1948 hafa alls verið veiddar 163 steypireyðar, en tegundin hefur ekki verið veidd frá árinu 1959. Fimm árum fyrr, eða árið 1954, var síðasti hnúfubakurinn veiddur.

Alls hafa verið veiddar 2644 sandreyðar og 2885 búrhvalir. Langmest hefur verið veitt af langreyðum, eða 9461 dýr alls. Þar af hafa 273 dýr verið veidd frá árinu 2009, en fimm ára veiðileyfi sem tók gildi það ár rennur út nú í ár. Ef veiðar ganga vel í sumar gætu allt að 180 dýr bæst við þessar tölur. Samtals hafa Íslendingar veitt 15.158 stórhveli. Þá hafa verið veiddar 2707 hrefnur, þar af 11 nú í ár.

Sigursteinn Másson, fulltrúi Alþjóðadýraverndunarsjóðsins á Íslandi, segir þetta ótrúlega háar tölur, ekki síst þar sem í mörg ár hafi engar hvalveiðar verið stundaðar hér.

„Og í ljósi þess líka að þessi dýr sem verið er að veiða hér 150 mílur vestur af landinu verða 80, 90 og jafnvel 100 ára gömul og það er verið að veiða jafnvel þetta gömul dýr og draga hér inn í Hvalfjörðinn, þannig að í þessu ljósi er þessi heildarfjöldi alveg gríðarlega hár,“ segir Sigursteinn. - hþ



**HALDIÐ TIL VEIÐA** Ísland, Noregur og Japan eru einu löndin sem enn stunda hvalveiðar.

SUMAR

# TAX FREE*

## ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI

Tax Free af öllum vörum í Blómavali og
einnig af eftirfarandi vöruflokkum
í Húsasmiðjunni:

Garðhúsgögn • Garðverkfæri • Grill
Viðarvörn • Útimálning • Garðleikföng
Búsáhöld






40,64% AFSLÁTTUR

TVÖFALT TAX FREE
AF TRJÁPLÖNTUM,
ÁVAXTATRJÁM
OG RUNNUM!



LÆGSTA LÁGA VERÐ

*Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og Weber grillum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

blómaval

## SVONA ERUM VIÐ



**2.148 Íslendingar eru skráðir í Ásatrúarfélagið.**

**Fyrir 10 árum tilheyrðu 636 trúfélaginu.** *Heimild: Hagstofan.is*

Reynt að ljúka rannsókn á barnaníðingnum í Vesturbænum í næstu viku:

# Bíða DNA- og geðrannsókna

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þrítugur maður, sem talinn er hafa numið tíu ára stelpu á brott í Vesturbæ um miðjan maí og beitt hana kynferðisofbeldi, hefur verið látinn sæta geðrannsókn.

Lögregla bíður enn niðurstöðu geðrannsóknarinnar, og auk þess niðurstöðu DNA-rannsóknar sem unnin var í Svíþjóð, að sögn Björgvins Björgvinssonar, yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar. „En ég á von á að málið verði klárað í næstu viku,“ segir hann.

Maðurinn er talinn hafa ekið með stúlkuna út að borgarmörkum og brotið gróflega gegn henni kynferðislega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann verið yfirheyrður í þrígang og heldur enn fast við þann framburð að hann muni ekkert eftir atburðinum. Hann hafi verið afar illa sofinn og undir áhrifum vímugjafa.

Sönnunargögnin gegn manninum eru þó ótvíræð og hann mun því ekki draga í efa að hann hafi gerst brotlegur við stúlkuna þótt hann muni ekki eftir því, samkvæmt heimildum blaðsins. **- sh**

> ➜ Maðurinn hefur sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna undanfarið. Það rennur út 28. júní. Björgvin segir ekki ljóst hvort farið verður fram á framlengingu á því.

Ráðist á SÞ í Sómalíu:

# Sextán létust í hryðjuverkárás

**SÓMALÍA, AP** Sjö hryðjuverkamenn með tengsl við Al-kaída sprengdu bílasprengju við skrifstofubyggingu Sameinuðu þjóðanna (SÞ) í Mógadisjú í Sómalíu í gær. Í kjölfarið réðust þeir inn í bygginguna og myrtu níu starfsmenn hið minnsta.

Hryðjuverkamennirnir náðu valdi á byggingunni en létust allir þegar öryggissveitir Afríkubandalagsins og sómalskra yfirvalda réðust gegn þeim. **- mþl**



**NÝJA DELÍ** Þótt ástandið sé verst í Uttrakhand hafa ár víðar flætt yfir bakka sína síðustu daga enda sumarrigningar monsúntímabilsins í algleymingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóð í Uttrakhand:

## Hundrað látnir á Indlandi

**INDLAND, AP** Ár hafa flætt yfir bakka sína í fylkinu Uttrakhand í norðurhluta Indlands síðustu daga. Manmohan Singh, forsætisráðherra landsins, segir að fjöldi látinna vegna flóðanna sé kominn yfir hundrað og fari enn hækkandi.

Indverski herinn bjargaði í gær nærri 12 þúsund manns sem urðu strandaglópar í fjalllendi. Enn eru 63 þúsund manns á sama svæði.

Í Uttrakhand hafa vegir og um 25 brýr skolast burt og þá hafa flóðin eyðilagt 365 hús og skemmt 275 til viðbótar. **- mþl**

### LEIÐRÉTT

Myndir af viðmælendum í svipmynd af Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur í Markaðnum í gær víxluðust. Mynd birtist af Aðalheiði Karlsdóttur, löggiltum fasteignasala, við athugasemdir frá Láru Björnsdóttur, félagsráðgjafa MA og fyrrverandi félagsmálastjóra, og öfugt. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

### HALDIÐ TIL HAGA

Vitlaus merking var á stöplum í stöplariti sem birtist á síðu 2 í Markaðnum í gær. Á mynd sem sýndi fjölda kvenna í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði í Háskóla Íslands voru stöplarnir merktir sem fjöldi karla og fjöldi kvenna. Hið rétta er að þeir sýndu fjölda kvenna annars vegar í tölvunarfræði og hins vegar í hugbúnaðarverkfræði.

# Gjaldtaka skilar milljörðum

**Innviðir ferðaþjónustunnar þola þá fjölgun ferðamanna sem ráð er fyrir gert næstu ár. Öðru máli gegnir um náttúru og staðhætti á vinsælum viðkomustöðum. Aukin gjaldtaka gæti hjálpað og skilað 3 til 5 milljörðum árlega.**



**Á FERÐ Í BORGINNI** Bent er á í umfjöllun greiningardeildar Arion banka að ferðamenn séu „misverðmætir“ og nauðsynlegt að auka framleiðni innan greinarinnar, þar sem mörg fyrirtæki virðist vera í erfiðri stöðu þrátt fyrir fjölda ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendir ferðamenn verða 36 prósentum fleiri á árinu 2015 en þeir voru í fyrra, gangi eftir spá sem sett er fram í nýrri skýrslu greiningardeildar Arion banka um ferðaþjónustu. Yfirskrift greiningarinnar er „Atvinnugrein á unglingsaldri“.

Grunnspá greiningardeildarinnar gerir ráð fyrir að í ár sæki heim landið 747 þúsund manns, fjölgi svo í 809 þúsund á næsta ári og verði 876 þúsund árið 2015.

Þrátt fyrir mikla aukningu milli ára telja sérfræðingar greiningardeildarinnar litlar líkur á að þolmörkum innviða ferðaþjónustunnar verði náð í bráð. Með innviðum er átt við gistirými, samgöngur og fleiri slíka þætti.

Bent er á að innviðir ferðaþjónustunnar séu sveigjanlegir og þenjanlegir. „Þar að auki er mikið vannýtt svigrúm til staðar í innviðum greinarinnar,“ segir í umfjölluninni.

Öðru máli gegnir hins vegar um þolmörk náttúru og samfélags og ástæða til að hafa áhyggjur af þeim þáttum, að því er fram kemur í umfjöllun greiningardeildarinnar. „Að vísu er mun erfiðara að mæla þessi þolmörk en vísbendingar eru um að vissum landsvæðum sé neikvæðra áhrifa þegar tekið að gæta sökum ásóknar ferðamanna.“ Bent er á að árinu 2011 hafi til að mynda þrír af hverjum fjórum erlendum ferðamönnum farið „gullna hringinn“ svokallaða, en hann felur í sér heimsókn frá Reykjavík á Þingvelli, Gullfoss og Geysissvæðið áður en haldið er til baka um Grímsnes (mögulega með viðkomu í Kerinu) og yfir Hellisheiði.

Aukin gjaldtaka er svo aftur sögð geta dregið úr ágangi og aflað fjár til uppbyggingar ferðamannastaða, sem aftur geti aukið þanþol þeirra.

> **747.000**
> ferðamenn sækja landið heim í ár gangi eftir spá greiningardeildar Arion banka.

Bent er á að núna fari sértæk opinber gjaldtaka af ferðamönnum einkum fram með gistináttaskatti. „Önnur leið væri sú að rukka beint fyrir aðgang að ákveðnum svæðum eða náttúruperlum, annaðhvort með beinum aðgangseyri eða útgáfu einhvers konar passa eða skírteina.“ Svæðisbundin gjaldtaka er sögð hafa þann kost að hægt sé að stjórna upphæð gjaldsins eftir vinsældum svæðisins og eftir árstíðum.

Í skýrslu greiningardeildarinnar er gert ráð fyrir að tekjur af slíkri gjaldtöku gætu hæglega numið þremur til fimm milljörðum króna á ári hverju.

Þá er bent á að ferðaþjónustan standi frammi fyrir því að þurfa að draga úr árstíðarsveiflunni í fjölda ferðamanna og um leið stuðla að jafnari dreifingu gistinátta. Breytingar í þessa átt myndu í senn stuðla að betri nýtingu fjármuna og draga úr hættunni á að ferðamenn sprengi af sér innviði greinarinnar. **olikr@frettabladid.is**

### Hlutur ferðaþjónustu hefur tvöfaldast



**VIÐ GULLFOSS** Í fyrrasumar heimsóttu 72 prósent ferðamanna Þingvelli, Geysi og Gullfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Uppgangur ferðaþjónustunnar undanfarin ár hefur hjálpað mikið við að jafna dreifingu útflutningstekna og draga úr líkum á efnahagsskellum,“ segir í umfjöllun greiningardeildar Arion banka. Fram kemur að hlutdeild ferðaþjónustu í útflutningi hafi tvöfaldast á undanförnum árum. „Beint framlag greinarinnar til vergrar landsframleiðslu er á við helming framlags sjávarútvegs, auk þess sem rúm fimm prósent vinnuaflsins starfa í ferðaþjónustu. Kemur þetta til af mikilli fjölgun ferðamanna undanfarinn áratug, ekki síst á síðustu tveimur árum.“ Ferðaþjónustan hefur með vexti síðustu ára öðlast fullt tilkall til þess að kallast þriðja stoð útflutningsins, á eftir iðnaðarframleiðslu og sölu sjávarafurða.

LÍFIÐ ER Í LIT
MEÐ CINTAMANI

CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SÓLIN SYÐRA** Nú mega þeir sem hafa beðið eftir sólinni suðvestan til á landinu gleðjast því það er gert ráð fyrir björtu veðri fram á sunnudag. Þó er hætt við stöku síðdegisskúrum. Hitinn ætti að ná að 18°C inn til landsins sunnan til.




**Á morgun**
3-8 m/s.




**Laugardagur**
Hæg norðvestanátt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Billund | 24° | Gautaborg | 25° | London | 21° | Orlando | 32° | San Francisco | 18° |
| Basel | 29° | Frankfurt | 31° | Kaupmannahöfn | 25° | Mallorca | 25° | Ósló | 24° | Stokkhólmur | 22° |
| Berlín | 35° | Friedrichshafen | 28° | Las Palmas | 23° | New York | 25° | París | 25° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Leggur þú þitt af mörkum?

# Átak gegn svartri atvinnustarfsemi

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Ríkisskattstjóri munu í sumar taka höndum saman á nýjan leik og ráðast í sérstakt átak til þess að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum sín í milli. Fulltrúar aðilanna þriggja munu heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir.

Svört atvinnustarfsemi, undanskot á launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum eru skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild sinni. Hún eykur skattbyrði þeirra sem fara að settum reglum og kemur í veg fyrir að fyrirtæki geti keppt á jafnréttisgrunni. Það er ósanngjarnt að láta aðra borga reikningana sína.

Athyglinni verður sérstaklega beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum í ýmsum atvinnugreinum og nauðsynlegra úrbóta og leiðréttingar gjalda krafist þar sem við á. ASÍ, SA og RSK hvetja forráðamenn atvinnurekstrar í landinu til að hafa tekjuskráningu sína í lagi og alla starfsmenn skráða. Jafnframt að nota vinnustaðaskilríki þar sem það á við og fara að lögum um færslu bókhalds og skil á staðgreiðslu, virðisaukaskatti og öðrum lögboðnum gjöldum.

Alþýðusamband Íslands | SAMTÖK ATVINNULÍFSINS | RÍKISSKATTSTJÓRI



## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er framkvæmdastjóri NATO?
**2.** Hver er formaður Kvenréttindafélags Íslands?
**3.** Með hvaða knattspyrnuliði leika þær Edda Garðarsdóttir og Ólína Viðarsdóttir?

**SVÖR**

**1.** Anders Fogh-Rasmussen. **2.** Steinunn Stefánsdóttir. **3.** Chelsea.

Hæstiréttur Ítalíu gagnrýnir niðurstöðu í umdeildasta dómsmáli síðari ára:

# Segja sýknudóm yfir Knox gallaðan

**ÍTALÍA, AP** Hæstiréttur Ítalíu deildi í gær harkalega á vinnubrögð áfrýjunardómstóls sem sýknaði hina bandarísku Amöndu Knox af morðákæru. Leggur rétturinn til að annar dómstóll verði skipaður til að taka málið upp á ný.

Mál Knox er eitt hið umtalaðasta og umdeildasta á Ítalíu síðustu ár, en hún og kærasti hennar voru ákærð og síðan sakfelld fyrir að myrða breska stúlku, Meredith Kerchner að nafni, árið 2007. Kerchner og Knox voru sambýlingar.

Áfrýjunarrétturinn sagði sakfellinguna gallaða, meðal annars þar sem morðvopnið fannst aldrei og ákæruvaldið hafi ekki sýnt fram á ástæðu fyrir morðinu. Þegar sá dómur féll árið 2011 var Knox sleppt úr haldi og hélt til Bandaríkjanna.

Nú hefur hæstiréttur hins vegar sakað áfrýjunarréttinn um að líta fram hjá margs konar sönnunargögnum, meðal annars vitnisburði Knox sjálfrar um að hún hafi verið í húsinu þegar morðið var framið og að hún hafi bendlað mann nokkurn við morðið, sem síðar reyndist saklaus. Nýr áfrýjunarréttur mun nú fara aftur yfir öll gögn í málinu en óvíst er hvaða áhrif möguleg sakfelling þar mun hafa. Ítölsk lög geta ekki þvingað Knox til að snúa aftur til landsins og lögmenn hennar segja að ekki standi til að hún snúi aftur af sjálfsdáðum.

Þó munu þeir verja hennar málstað í málarekstrinum sem fyrr og Knox sjálf, sem stundar nú háskólanám í Seattle, segist vonsvikin en viss um að hún verði sýknuð á ný.



**SÝKNUÐ AF ÁKÆRU** Ekki eru allir sáttir með sýknu Knox, sem var ákærð fyrir að myrða breska stúlku.






**REYKJANESVIRKJUN** Því hefur verið haldið fram að frekari nýting á svæðinu sé ekki ráðleg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Nýting háhitasvæða áfram í sama farvegi

Erfiðleikar við rekstur Hellisheiðarvirkjunar hafa ekki orðið til þess að Landsvirkjun og HS Orka telji ástæðu til að endurskoða nýtingaráform háhitasvæða frá því sem nú er. Landsvirkjun hægði á árið 2011.

**ORKUMÁL** HS Orka hefur ekki tekið neinar stefnumótandi ákvarðanir í ljósi erfiðleika í rekstri Hellisheiðarvirkjunar. Forstjóri Landsvirkjunar segir það hafa verið rétta stefnu að hægja á nýtingaráformum á háhitasvæðum á Norðausturlandi.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, segir að fréttirnar frá Hellisheiðarvirkjun hafi ekki orðið til þess að fyrirtækið hafi íhugað að breyta áherslum. „Hins vegar er nýting háhita verkefni þar sem menn verða að læra af reynslunni. Við erum að þreifa okkur áfram með niðurdælingu og fleira sem lýtur að því hvernig best er að nýta háhitasvæðin. En það hafa engar stefnumótandi ákvarðanir verið teknar,“ segir Júlíus.

Á undanförnum dögum hafa málsmetandi menn sett fram þá skoðun að nógu langt hafi þegar verið gengið við nýtingu háhitasvæða, ekki síst á Reykjanesi. Á teikniborði HS Orku eru virkjanir í Eldvörpum, Krýsuvík og stækkun Reykjanesvirkjunar.



**JÚLÍUS JÓNSSON**



**HÖRÐUR ARNARSON**

„Ég veit ekki alveg hvernig þeir vita það. Ég er ekki að segja að þeir hafi rangt fyrir sér, þetta er eitthvað sem enginn veit. Þeir vita þá meira en okkar sérfræðingar sem vinna við að rannsaka og mæla á svæðinu,“ segir Júlíus, inntur um efasemdaraddir um nýtingu á Reykjanesi. Um hvort frekari rannsóknir séu ekki nauðsynlegar segir Júlíus að svæðin séu stöðugt til rannsóknar, en vill ekkert fullyrða um hvort reynslan frá Hellisheiði seinki eða breyti áformum um nýtingu háhitasvæða fyrirtækisins.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að fyrirtækið hafi þegar breytt nálgun við uppbyggingu háhitasvæða. „Það er um eitt og hálft ár síðan við tilkynntum að á Norðausturlandi yrði farið í varfærna áfangauppbyggingu. Þar var áður stefnt á að virkja svæðin í einni atrennu, vegna eins stórnotanda á Bakka, en við féllum frá því. Við höfum því horft til reynslu annars staðar frá og erum að nýta hana,“ segir Hörður.

Landsvirkjun hefur áform um uppbyggingu tveggja 45 megavatta áfanga við virkjun í Bjarnarflagi, auk 90 megavatta virkjunar á Þeistareykjum. Virkjun í Bjarnarflagi hefur verið mikið til umræðu vegna nálægðar við Mývatn, en Landsvirkjun lætur nú vinna úttekt á gildandi umhverfismati virkjunarinnar.

Hörður segir mikilvægt að stíga varlega til jarðar við nýtingu háhita, og það hafi Landsvirkjun þegar tileinkað sér. „Þetta er auðvitað allt önnur nálgun en var á Hellisheiðinni,“ segir Hörður.

svavar@frettabladid.is

## Gufulögn í samræmi við leyfið

Hugmyndir Orkuveitu Reykjavíkur um nýtingu nærliggjandi vinnslusvæða til stuðnings við Hellisheiðarvirkjun er í samræmi við ákvæði gildandi virkjunarleyfis og umsagnar Orkustofnunar um Hverahlíðarvirkjun.

Þetta kemur fram í minnisblaði Orkustofnunar um virkjunarleyfi Hellisheiðarvirkjunar og sjálfbærni í framhaldi af fundi með þingnefndum í síðustu viku.

Orkustofnun vill koma því á framfæri að í virkjunarleyfi Hellisheiðarvirkjunar, sem Orkustofnun veitti OR árið 2011, eru skilgreind mörk vatnsborðslækkunar í jarðhitakerfinu. Þessum mörkum hefur ekki verið náð. Samkvæmt spáreikningum getur orðið erfitt að finna uppbótarholum stað næstu áratugina nema nota nærliggjandi vinnslusvæði sem uppbótarsvæði eins og OR hefur nú kynnt að fyrirtækið ætlar sér að gera.

Í minnisblaðinu segir að umhverfismat Hverahlíðarvirkjunar leiddi í ljós að veruleg óvissa ríkti um samanlögð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðhitaauðlindina að mati Orkustofnunar. Orkustofnun tók fram árið 2007 að reynslan hafi sýnt að skynsamlegt er að byggja ekki of stór orkuver á sama stað og á sama tíma.

Orkustofnun telur að OR hafi farið eftir leiðbeiningum Orkustofnunar frá árinu 2007 við mat á umhverfisáhrifum Hverahlíðarvirkjunar.

# KRÖFUR UM ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR

**➜ Hvað eru veiðigjöld?**

Veiðigjöld eru lögð á til að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar. Veiðigjöld eru lögð á aflamark, aðrar úthlutaðar aflaheimildir eða landaðan afla.

Fiskistofa leggur bæði á almennt og sérstakt veiðigjald og er eigandi skips við álagningu veiðigjalda ábyrgur fyrir greiðslu þeirra. Fiskistofa annast einnig innheimtu veiðigjalda.

*Úr lögum og reglugerð um veiðigjöld*




## EES-SAMNINGUR

Mikill fjöldi landsmanna skoraði árið 1992 á Alþingi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Alls skrifuðu 34.378 undir kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslu, tæplega nítján prósent atkvæðabærra manna. Að undirskriftasöfnuninni stóðu auk annarra ASÍ og BSRB, þó að forystumenn þeirra tækju opinberlega ekki afstöðu til þess hvort þjóðin ætti að samþykkja eða hafna inngöngu Íslands í EES. Tillaga um að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu var felld á Alþingi með 31 atkvæði gegn 28.

## FJÖLMIÐLAR

Mikil fjöldi skrifaði nafn sitt á undirskriftalista þar sem fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var mótmælt og skoraði á forseta Íslands að staðfesta lögin ekki, hlytu þau náð fyrir augum þingmanna.

Alls söfnuðust 31.752 undirskriftir, sem voru um fimmtán prósent kosningabærra manna. Í kjölfar undirskriftasöfnunarinnar synjaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lögunum staðfestingar. Ríkisstjórnin dró lögin þá til baka svo ekki þyrfti að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þau.

## ICESAVE

Metfjöldi skoraði á forseta Íslands að hafna því að staðfesta lög frá Alþingi um ríkisábyrgð á Icesave-skuldum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.

Alls skrifuðu 56.089 undir áskorun til forsetans. Af þeim fjölda voru ríflega 52 þúsund átján ára og eldri, sem voru um 23 prósent kosningabærra manna.

Árangurinn lét ekki á sér standa og synjaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lögunum staðfestingar. Haldin var þjóðaratkvæðagreiðsla um lögin og þeim hafnað af 93,2 prósentum þeirra sem atkvæði greiddu, en aðeins 1,8 prósent vildu staðfesta lögin.

## ORKUAUÐLINDIR

Alls skrifuðu 47.004 undir áskorun til stjórnvalda þar sem þess var krafist að stjórnvöld kæmu í veg fyrir söluna á HS Orku til Magma Energy. Jafnframt var skorað á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald á auðlindum Íslands og nýtingu á þeim.

## VEIÐIGJALDIÐ

Söfnunin hófst 17. júní en áskorunin hljóðar svo: Við undirrituð hvetjum Alþingi til að samþykkja ekki frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum 74 frá 26. júní 2012 þar sem skilgreind eru þau gjöld sem útgerðinni ber að greiða fyrir afnot af sameiginlegri fiskveiðiauðlind okkar. Verði Alþingi ekki við þeirri ósk verður þessi undirskriftalisti afhentur hr. Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands og hann hvattur til að undirrita ekki lög sem taka til breytinga á lögum 74 frá 26. júní 2012 heldur vísa þeirri ákvörðun í þjóðaratkvæði til eigenda fiskveiðiauðlindarinnar, íslensku þjóðarinnar.

**FJÁRLÖG** 0

**Í lögum fyrrverandi ríkisstjórnar frá síðasta ári var gert ráð fyrir að heildartekjur af veiðigjöldunum á næsta fiskveiðiári, sem hefst 1. september, yrðu tæpir 14 milljarðar, en breytingarnar í frumvarpinu lækka þá tölu umtalsvert, eða niður í tæpa 10 milljarða.**

10 milljarðar

**Verði frumvarp ríkisstjórnarinnar að lögum má gera ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs fyrir aflaheimildir verði um fjórum milljörðum lægri á árinu 2013 en gert var ráð fyrir í fjárlögum.**

14 milljarðar






# 23.500 á tveim dögum

Tugir þúsunda hafa skrifað undir til að mótmæla frumvarpi um veiðigjald. Ráðherra ætlar ekki að hvika. Gæti orðið flókið fyrir forsetann, segir prófessor.


**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is
**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is




Rúmlega 23 þúsund manns höfðu skrifað undir yfirlýsingu í gærkvöld til að mótmæla áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun veiðigjaldsins. Söfnunin fór af stað fyrir tveimur dögum, þann 17. júní síðastliðinn, og er því óhætt að segja að hún hafi fengið góðan hljómgrunn meðal þjóðarinnar.

Farið er fram á að Alþingi samþykki ekki frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um veiðigjöld. Verði Alþingi ekki við því er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hvattur til að vísa lögunum í þjóðaratkvæði.

Ólafur sagði í viðtali á Sprengisandi á Bylgjunni í fyrra að fá mál væru betur til þess fallin til að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu en kvótamál. Þau svör fengust þó frá forsetaembættinu í gær að hann fjalli ekki um mál á opinberum vettvangi sem séu til meðferðar á Alþingi.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir málið snúast um algjört geðþóttavald forsetans.

„Hann þarf ekki einu sinni að rökstyðja það sem hann gerir í hvert og eitt skipti. Hann getur sett sér nýja reglu í hvert skipti sem hann fær í hendurnar undirskriftir eins og þessar,“ segir Gunnar Helgi. Hann bætir við að forsetinn sé í nokkrum vanda ef mikill fjöldi undirskrifta safnast vegna veiðigjaldsins.

„Það er erfitt að sjá hvernig hann gæti vikist undan því kalli, sérstaklega í ljósi fyrri ummæla í málinu.“ Gunnar Helgi telur þessa skipan mála þrýsta á að settar séu reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur og hvernig almenningur getur náð þeim fram. „Ef við viljum nota þjóðaratkvæðagreiðslur í auknum mæli væri eðlilegra að finna skýra umgjörð til að þetta hvíli ekki allt á geðþóttavilja eins manns.“

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að ef til þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi þyrfti menn að vita hverju þeir væru að hafna og hvað þeir væru að biðja um.



**50.000 NÖFN** Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra, tók á móti Björk Guðmundsdóttur þann 17. janúar 2011 þegar söngkonan afhenti undirskriftir fjölda Íslendinga sem vildu hnekkja sölu á HS Orku og blása til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð orkuauðlinda þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Ef menn falla frá þessu eins árs frumvarpi þá verður óframkvæmanlegt að leggja á veiðigjöld á næsta ári. Ég efast um að það sé tilgangur þeirra sem standa fyrir undirskriftasöfnuninni.**

*Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra, í fréttum Stöðvar 2*




Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **4,3** til **5,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **113** til **159**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

UTANRÍKISMÁL

# Tími og orðalag enn óákveðið

Fjölmörg stórmál eru á könnu Gunnars Braga Sveinssonar sem tók nýlega við embætti utanríkisráðherra. Hann segir ekkert hafa verið ákveðið um tíma eða form þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald ESB-viðræðna en vill styrkja EES-samstarfið og efla veru Íslands í Brussel. Hvað viðkemur áframhaldandi móttöku IPA-styrkja frá ESB verður hvert verkefni metið fyrir sig. Samstaða á þingi um norðurslóðastefnu.

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



Gunnar Bragi Sveinsson settist í stól utanríkisráðherra í síðasta mánuði. Fyrir honum liggja margvísleg viðfangsefni, enda er málaflokkurinn yfirgripsmikill. Meðal annars eru mál tengd NATO-aðild Íslands, EES og norðurslóðum, sem verða að öllu óbreyttu einn af burðarásum utanríkisstefnunnar næstu ár. Það sem hefur þó borið hæst fyrstu vikur hans í embætti eru Evrópusambandsmálin. Eins og kunnugt er, gerði ríkisstjórnin hlé á aðildarviðræðum Íslands við ESB og tilkynnti Gunnar Stefan Füle stækkunarstjóra, formlega um þessa ákvörðun fyrir réttri viku.

„Viðtökurnar voru eins og við var að búast,“ segir Gunnar aðspurður. „Þetta kom þeim eðlilega ekki á óvart. Füle sagði sjálfur að þetta væru persónuleg vonbrigði en sýndi þessu að öðru leyti skilning. Það var einmitt það sem við vonuðumst til að heyra, að ESB myndi sýna því skilning að um væri að ræða pólitíska ákvörðun sem byggði á útkomu kosninga.“

*Á fundi þínum með Füle var rætt um samskipti ESB og Íslands á næstu árum. Var eitthvað minnst á makríldeiluna?* „Nei, við ræddum makrílinn ekki neitt, enda er ekki rétt að blanda þessu saman. Makrílmálið snýst um viðræður milli nokkurra ríkja, en ákvörðunin [um að gera hlé á aðildarviðræðum] er fyrst og fremst innanríkismál. Varðandi önnur mál, þá tjáði ég þeim að ríkisstjórnin hefði engin önnur áform uppi en að styrkja EES-samninginn ef það er einhver möguleiki. Svo erum við að sjálfsögðu alltaf til í tvíhliða viðræður við ESB um mál þar sem við getum átt samstarf, eins og til dæmis endurnýjanlega orku, viðskipti, menntamál og ýmislegt fleira. Það er í samræmi við það sem við höfum áður sagt, að þrátt fyrir allt erum við ekki á leið út úr Evrópu og viljum eiga gott samstarf við ESB áfram.“

### Óvíst með orðalag og tímasetningu þjóðaratkvæðagreiðslu

*Þú lést hafa eftir þér í viðtali á dögunum, aðspurður um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald ESB-viðræðna, að óvíst væri um hvað væri spurt. Hvernig sérðu þetta fyrir þér og hvaða tímaramma er rætt um?* „Í fyrsta lagi stendur í stjórnarsáttmálanum að ekki verði gengið lengra nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það þýðir að það verði ekki frekari vinna af hálfu þessarar ríkisstjórnar fyrr en sú þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram og þjóðin gefi þá skilaboð um að haldið verði áfram.

Það er ekki búið að ákveða neina tímasetningu og ekki heldur búið að ákveða um hvað verði spurt; hvort spurningin snúist um hvort halda eigi viðræðum áfram eða hvort Ísland eigi að ganga í ESB, og þá með möguleikunum já eða nei.



„Ég held að það sé óumflýjanlegt, ef við ætlum að vera áfram í þessu samstarfi og nálgun ESB verður óbreytt, að við þurfum að gera ákveðnar breytingar á stjórnarskránni hjá okkur.

MARGVÍSLEG ÚRLAUSNAREFNI Evrópumálin hafa verið fyrirferðarmikil á fyrstu dögum Gunnars Braga Sveinssonar í utanríkisráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í þessu samhengi er líka vert að spyrja: Alþingi tók ákvörðun um að hefja þessar viðræður. Getur Alþingi þá ákveðið að hætta þeim? Hvers vegna var þjóðin ekki spurð þegar farið var af stað? Mér finnst að þeir sem kalla nú eftir þjóðaratkvæðagreiðslu þurfi að svara því af hverju þjóðin hafi ekki verið spurð þegar ákveðið var að leggja upp í þessa vegferð.“

*En var ekki alltaf gert ráð fyrir því að spurt yrði hvort halda ætti viðræðunum áfram?* „Nei. Það eru einhverjir sem hafa talað þannig en það er hvergi gengið út frá því í stjórnarsáttmálanum.“

### IPA-verkefni metin hvert fyrir sig

*Nú standa nokkur atriði enn út af varðandi aðildarferlið, til dæmis hvað varðar IPA-styrkina. Til stóð að síðasta úthlutun yrði í ár. Hvernig verður því háttað í ljósi stöðunnar?* „Það má skipta þessum verkefnum sem um ræðir í þrennt. Í fyrsta lagi verkefni sem þegar eru byrjuð, svo verkefni sem eru tilbúin og loks verkefni sem eru lengra inni í framtíðinni.

Niðurstaðan var að láta embættismenn fara yfir öll þessi verkefni og komast að því hver þeirra tengjast aðildarumsókninni beint og hvort önnur tengist henni alls ekki og reyna að flokka hlutina út frá því og sú vinna er komin í gang nú þegar. Það er ljóst að styrkirnir geta nýst okkur að einhverju leyti sem EES-ríki en þarna eru líka verkefni sem eru beintengd aðildarumsókninni og hvert verkefni verður metið fyrir sig.“

*Verður þá síðasta úthlutun IPA-styrkja kláruð í einhverjum verkefnum og tekið á móti fjármunum?* „Við munum skoða hvort grundvöllur sé til að halda einhverjum verkefnum áfram eða hvort önnur þurfi augljóslega að slá af vegna þess að þau tengjast viðræðunum og breytingum þeim tengdum. En það er ekki tímabært að segja hversu mörg þau verkefni eru eða hver þau eru.“

### Stjórnarskrárbreytingar nauðsyn

*Talsvert hefur verið rætt um framtíð EES að undanförnu, meðal annars hvað varðar aðkomu Íslands að gerð reglna sem falla undir samninginn. Hver er ykkar áhersla í þeim málum?* „Við þurfum að skoða hvernig við stöndum okkur í innleiðingum á reglum og tilskipunum sem heyra sjálfkrafa eða beint undir EES-samninginn, en það má ekki gleyma því að þetta er tvíhliða samningur. Þrýstingurinn frá ESB hefur aukist sífellt með hluti sem setja þrýsting á stjórnarskrána bæði hjá okkur og Norðmönnum.

Ég held að það sé óumflýjanlegt, ef við ætlum að vera áfram í þessu samstarfi og nálgun ESB verður óbreytt, að við þurfum að gera ákveðnar breytingar á stjórnarskránni hjá okkur. Þar þarf þó að vanda mjög til verka því að við megum ekki afsala rétti okkar til að setja niður hælana. Við eigum að geta fylgt eftir eðlilegri þróun þessa samnings án þess að gefa eitthvað eftir af okkar fullveldi eða sjálfsákvörðunarrétti og án þess að þynna út stjórnarskrána. Að sama skapi er eðlilegt að við og hinar EES-þjóðirnar setjum spurningarmerki við þá þróun að þrýstingurinn frá ESB sé stöðugt að aukast í þessum málum.“

*Það eru sannarlega leiðir til að gæta hagsmuna Íslands í EES-samvinnunni, einna helst í sameiginlegu EES-nefndinni og á vettvangi Framkvæmdastjórnar ESB þar sem lög og reglur eru upprunnar. Hvaða leiðir teljið þið vænlegastar til árangurs?* „Við höfum áður sagst hafa áhuga á að styrkja okkar veru í Brussel til að koma fyrr að hlutum sem tengjast EES. Það er í samræmi við þingsályktunartillögu frá síðasta þingi og vonandi fáum við afl til þess. Ég held að það sé mikilvægt til að koma í veg fyrir óþarfa núning milli aðila, því það er enginn að tala um að hætta í EES-samstarfinu.“




## Önnur stór málefni

■ *Þú hefur talað um óhikaðri þátttöku Íslands í NATO undir þessari ríkisstjórn. Felst einhver raunveruleg stefnubreyting í því?* „Forveri minn í embætti, Össur Skarphéðinsson, gerði mjög vel í að halda góðum samskiptum við NATO og má þakka honum fyrir það. Var hann enda í þröngri stöðu þar sem hinn stjórnarflokkurinn hafði ákveðnar og vel þekktar skoðanir á NATO-samstarfinu. Núverandi ríkisstjórn er einhuga í því að virða okkar skuldbindingar gagnvart NATO á þeim forsendum að þær verði borgaralegs eðlis. Við erum herlaus þjóð og verðum það, en erum einn af stofnaðilum þessa bandalags og höfum ákveðnum skyldum að gegna. Það munum við gera án þess að skammast okkar nokkuð fyrir það.“

■ *Stefna síðustu ríkisstjórnar var að framlög til þróunaraðstoðar færu upp í 0,7% af fjárlögum hvers árs. Verður unnið áfram að því marki?* „Það hefur ekki verið rætt annað en að halda þessu áfram, en það verður að sjálfsögðu að ráðast af stöðu ríkissjóðs og ástandi heima fyrir. Tillagan er hins vegar enn í gildi og ég hef ekki í huga að breyta þessu.“

■ *Samskipti Íslands við nýmarkaðsríki hafa verið í deiglunni síðustu misseri. Hvernig sérðu þau mál þróast?* „Við lítum svo á þarna séu ýmis sóknarfæri, en þau verður að nýta af skynsemi og á forsendum íslenskra hagsmuna. Samningurinn við Kína er ágætt dæmi um að Ísland getur gert fríverslunarsamninga við stór og öflug ríki og gætt hagsmuna sinna um leið. Við eigum að vera vakandi fyrir möguleikum í hinum vaxandi ríkjum án þess þó að gefa upp á bátinn aðra markaði. Evrópa er okkar stærsti viðskiptaaðili og verður vonandi áfram, en við lokum að sjálfsögðu engum dyrum.“

### Breið sátt um norðurslóðir

*Málefni norðurslóða hefur skipað stóran sess í utanríkismálum Íslands síðustu árin. Er að vænta stefnubreytingar frá síðasta kjörtímabili?* „Norðurslóðastefna hlýtur alltaf að vera kvik og í stöðugri endurskoðun og við erum að sjálfsögðu að skoða hvernig við getum styrkt þetta samstarf. Við ætlum okkur að sjálfsögðu að vera þátttakendur í þessu starfi. Hvað varðar stefnubreytingu, þá eru allir að þróa sig í þessum málum og við munum fylgja því eftir og gæta hagsmuna Íslands.

Við eigum ákveðin sóknarfæri, til dæmis hvað varðar miðstöð til leitar og björgunar, sem við munum horfa á áfram. Það er mikilvægt að halda áfram að styrkja samstarf og samráð við þau ríki sem þar eru, en við erum strandríki og munum ekki gefa það eftir að koma að borðinu þegar strandríki hittast og teljum að við getum átt góða bandamenn þar á ýmsum stöðum.

Norðurslóðir eru einn af stóru áherslupunktunum í utanríkisstefnunni næstu ár en það góða í þessum málaflokki er að það hefur verið mikil samstaða um stefnuna inni á Alþingi. Það er mikilvægt að halda því þannig, þó að ef til vill kunni að koma upp skiptar skoðanir um einstök mál.“




## Húsnæðissparnaður Íslandsbanka

Það kemur að því að þig langar að flytja að heiman. Hjá Íslandsbanka bjóðum við húsnæðissparnað fyrir ungt fólk sem er farið að búa sig undir framtíðina.

Þú getur valið um tvo góða kosti, **verðtryggðan** sparnað sem hentar vel fyrir langtímasparnað eða **óverðtryggðan** sem hentar vel ef stefnt er á íbúðarkaup í náinni framtíð. Þegar komið er að húsnæðiskaupunum færðu **frítt greiðslumat** og **50% afslátt af lántökugjöldum*** hjá Íslandsbanka.

**Kynntu þér málið betur á www.islandsbanki.is/sparnadur eða í næsta útibúi Íslandsbanka.**

| Verðtryggður sparnaður | Óverðtryggður sparnaður |
|---|---|
| 2,10% vextir* | 4,50% vextir* |
| Hentugur sparnaðartími **3 ár +** | Hentugur sparnaðartími **1,5 ár +** |

**M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 11.06.2013. Skilyrði fyrir afslætti af lántökugjöldum og fríu greiðslumati er reglulegur sparnaður sem nemur að lágmarki 5.000 kr. út binditíma reiknings. Lánveitingar eru háðar útlánareglum bankans hverju sinni.*

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Skattsvikamál á Ítalíu:

# Dolce og Gabbana sakfelldir

**ÍTALÍA** Hönnuðirnir Domenico Dolce og Stefano Gabbana hafa verið sakfelldir fyrir skattsvik af dómstóli í Mílanó á Ítalíu.

Samkvæmt dómnum láðist þeim félögum að telja milljarð evra til skatts, en það eru rúmar 160 milljónir króna. Dolce og Gabbana neituðu ásökununum.

Fyrirtækið Dolce&Gabbana var stofnað árið 1985. Merkið er þekkt um allan heim og er hagnaður af fyrirtækinu yfir milljarður á ári.

Sjálfseignarstofnun leggur til breytingar á heilbrigðislögum í Danmörku:

# 15 ára stúlkur fái að ráða fóstureyðingu

**DANMÖRK** Fimmtán ára danskar stúlkur ættu að geta tekið sjálfar ákvörðun um það hvort þær láti eyða fóstri. Þetta er skoðun Etisk råd, danskrar sjálfseignarstofnunar sem fjallar um ýmisleg siðferðileg álitaefni, og segir frá í Politiken.

Rök stofnunarinnar eru þau að fimmtán ára einstaklingar eru, lögum samkvæmt, þess umkomnir að taka ákvörðun um hvort þeir gangist undir meiriháttar læknisaðgerðir, og hið sama ætti því að eiga við um fóstureyðingar.

Samkvæmt núgildandi lögum þurfa stúlkur undir átján ára aldri að fá samþykki frá forráðamönnum til að fara í fóstureyðingu.

Talsmaður Jafnaðarmannaflokksins í heilbrigðismálum vildi ekki tjá sig um málið áður en það væri rætt innan flokksins. Hins vegar eru Róttæki flokkurinn og Venstre, sem eru frjálslyndir flokkar, fylgjandi tillögunni, en Íhaldsflokkurinn og Danski þjóðarflokkurinn andsnúnir því að breyta lögum í þessa átt.

Á Íslandi miða lög við að stúlkur sextán ára og eldri þurfi ekki samþykki foreldra eða forráðamanna til að gangast undir fóstureyðingu. - þj

➜ Danskar stúlkur yngri en átján ára gamlar þurfa samþykki foreldra fyrir fóstureyðingu en á Íslandi er miðað við 16 ára aldur.




**LANDSPÍTALINN** Dönsk sjálfseignarstofnun um siðferðileg álitaefni telur einráðið að fimmtán ára stúlkur fái að taka sjálfstæða ákvörðun um fóstureyðingar. MYND/RIGSHOSPITALET



**REYKJAVÍK** Greining Íslandsbanka segir hraða í verðhækkun húsnæðis hafa aukist að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íbúðaverð hækkar í borginni:

# Mesta hækkun frá fyrrasumri

**EFNAHAGSMÁL** Hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu í maí hefur ekki verið meiri í einum mánuði síðan í júní í fyrra. Þetta kemur fram í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

Hækkunin nam 1,3 prósentum í mánuðinum og er sögð skýrast að mestu af mikilli hækkun á verði íbúða í fjölbýli, en þær hafi hækkað um 1,7 prósent milli mánaða. „Verð sérbýla hækkaði hins vegar um 0,1 prósent á milli mánaða."

Síðustu 12 mánuði er íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu sagt hafa hækkað um 6,5 prósent, en um 3,2 prósent að raunvirði. - óká

Karzai forseti Afganistans:

# Svekktur út í Bandaríkin

**AFGANISTAN, AP** Stjórnvöld í Afganistan frestuðu í gær viðræðum við Bandaríkin um framtíðarfyrirkomulag samstarfs ríkjanna í öryggismálum.

„Í ljósi þess að mótsagnir eru milli yfirlýsinga og efnda Bandaríkjanna varðandi friðarferlið," segir í tilkynningu frá Hamid Karzai forseta, „hefur afganska stjórnin frestað tvíhliða viðræðum um öryggismál milli Afganistans og Bandaríkjanna."



**HAMID KARZAI**

Ástæða þess er að Bandaríkin tilkynntu í gær um tvíhliða viðræður við talibana á næstu dögum, áður en Afganar yrðu kallaðir að borðinu. Karzai hafði skömmu áður boðað til viðræðna við talibana, en nú er óvíst hvenær þær fara fram. - þj

**ÖRYGGISMÁL**

## Kjarnorkuvopnum fækki

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, kallaði í gær eftir því að Bandaríkjamenn og Rússar fækki kjarnorkuvopnum sínum enn frekar. Sagðist hann viss um að öryggi Bandaríkjanna yrði ekki ógnað þótt kjarnorkuvopnum landsins yrði fækkað um þriðjung. Þá sagði Obama að hann myndi leita eftir viðræðum við Rússa um málið auk þess sem hann myndi hvetja önnur ríki Evrópu sem eiga kjarnorkuvopn til að minnka vopnabúr sitt.

# Ákærð fyrir að ræna apótek með kúbeini

Margdæmdur ofbeldismaður barði apóteksstarfsmann með kúbeini í fyrra og rændi peningum ásamt vinkonu sinni, að því er segir í ákæru. Sérsveitarmenn fóru í Grímsey sumarið 2008 og handtóku hann eftir að hann hótaði sjóstangveiðifólki.

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur tveimur Akureyringum, 26 ára manni og 29 ára konu, fyrir vopnað rán og sérstaklega hættulega líkamsárás í júní 2012.

Í ákærunni er þeim gefið að sök að hafa sammælst um það 3. júní í fyrra að fremja rán í Akureyrarapóteki í verslunarmiðstöðinni Kaupangi.

Þau hafi farið grímuklædd og vopnuð bæði hnífum og kúbeini inn um opnar dyr á starfsmannainngangi apóteksins og lent þar í átökum við tæplega fertugan starfsmann.

Í ákærunni segir að konan hafi hrint starfsmanninum þegar hann reyndi að halda félaga hennar, sem heitir Alexander Jóhannesson og er margdæmdur ofbeldismaður.

Alexander er þá sagður hafa slegið starfsmanninn tvisvar til þrisvar sinnum með kúbeininu, þar af einu sinni í höfuðið, hrifsað með sér peninga sem lágu á borði og í kjölfarið hafi þau bæði stokkið á flótta. Starfsmaðurinn hlaut bólgur á hnakka og eymsli á hálsi.

Jafnframt er Alexander ákærður fyrir tvö smávægileg fíkniefnabrot. Ákæran var gefin út síðasta dag maímánaðar og verður þingfest í dag. stigur@frettabladid.is



**HASAR Í GRÍMSEY** Sérsveitarmenn yfirbuguðu Alexander í Grímsey fyrir fimm árum. Hann hafði sveiflað hnífi og sleggju og haft í hótunum við sjóstangveiðifólk.

## ➜ Stakk þrjá og gekk berserksgang í Grímsey

Alexander Jóhannesson á langan sakaferil að baki sem hófst þegar hann var átján og var sektaður fyrir fíkniefnabrot. Síðan hefur hann hlotið nokkra dóma fyrir ofbeldisverk, auðgunar- og fíkniefnabrot.

Í júlí 2008 komst hann í fréttir þegar hann gekk berserksgang vopnaður hníf og sleggju á fögnuði í tengslum við árlega sjóstangveiðihátíð í Grímsey, hafði í hótunum við fólk og veittist að sérsveitarmönnum sem þangað voru komnir til að handtaka hann. Fyrir það fékk hann fjögurra mánaða fangelsisdóm.

Mánuði áður hafði hann fengið 20 mánaða dóm fyrir að stinga þrjá menn með hníf á Akureyri. Við ákvörðun þeirrar refsingar var tekið tillit til ungs aldurs og þess að hann var byrjaður að snúa lífi sínu á réttan kjöl.


www.volkswagen.is




CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Nýr Golf kostar frá

3.390.000 kr.

Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu bíl ársins

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum





**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**

**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**

**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGU-GREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN Á ARINELDSTÆÐUM





**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## RAFMAGNSSLÁTTUVÉL
## SLÁTTUBREIDD 32 CM
## 31 L SAFNKASSI




**BOSCH**

Vnr. 74891130
BOSCH ROTAK 320,
rafmagnssláttuvél, 1200W,
sláttubreidd 32 cm, stillanleg
sláttuhæð frá 20-60 mm.
31 l safnkassi.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð **23.990 kr.**

Almennt verð 29.990 kr.

## 3 MANNA TJALD



Vnr. 88015952
Þriggja manna tjald.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð **4.990 kr.**

Almennt verð 6.790 kr.

## FJÓRGENGISMÓTOR

Vnr. 53323120
Sláttuorf BC139, fjórgengismótor,
31cc, 25,5 cm sláttubreidd.



BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð **22.900 kr.**

Almennt verð 29.990 kr.



**Einhell**

Vnr. 74830010
EINHELL rafmagns-
sláttuorf BG-ET 2620,
260W, sláttubreidd 20 cm.

**4.990 kr.**

## MEÐ DRIFI
## FJÓRGENGISMÓTOR
## SLÁTTUBREIDD 51 CM
## 60 L SAFNPOKI

Vnr. 53323140
Sláttuvél OY510S, 5,5 hestafla fjórgengis-
mótor, 163cc, 2,6kw, 51 cm sláttubreidd,
60 l safnpoki, hæðarstilling 25–75 mm.



BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð **44.900 kr.**

Almennt verð 59.990 kr.

## ALLT FYRIR ÚTILEGUNA



Vnr. 88012299
Sóltjald, 400x135 cm.

**2.790 kr.**



Vnr. 88098157/8
Útilegustóll,
blár eða grænn.

**1.490 kr.**

Verð áður 1.990 kr.

LÆKKAÐ VERÐ!



Vnr. 423677471
Ferðastóll.

**2.990 kr.**



LÆKKAÐ VERÐ!

Vnr. 41120736
Útileguborð,
80x60 cm.

**4.990 kr.**

Verð áður 5.990 kr.




25 LÍTRA

Vnr. 87741450
Kælibox, 25 l.

**2.990 kr.**



Vnr. 88015966
Tjalddýna,
200x70 cm.

**899 kr.**





Vnr. 50632105
MR GRILL ferðagasgrill,
grillflötur 30x37cm, efri
grind, hitadreifiplata, 2,6 kW.

**9.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.







VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is










www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Brúðarkjóll Taylor til sölu:

# Uppboð á kjól látinnar stjörnu

**BRETLAND** Brúðarkjóll Elizabeth Taylor hefur verið settur á sölu. Um er að ræða kjólinn sem hún klæddist í fyrsta brúðkaupinu sínu árið 1950 en hún gifti sig alls átta sinnum. Kjóllinn kemur til með að kosta um sex milljónir króna.

Taylor var 18 ára þegar hún giftist Conrad Hilton í kjólnum. Elizabeth Taylor lést árið 2011. Salan á kjólnum fer fram 25. júní næstkomandi á vegum bresks uppboðshúss.

Nýtt verðþak á notkun farsíma á milli Evrópulanda tekur gildi þann 1. júlí samkvæmt reglugerð ESB:

# Fimmtíu krónur á mínútuna hámarkið

**FJARSKIPTI** Um næstu mánaðamót lækkar verð á notkun farsíma og netlykla milli landa innan Evrópu samkvæmt reglugerð ESB. „Íslenskir neytendur njóta góðs af reglugerðinni þar sem hún tekur einnig gildi hér í gegnum EES-samninginn,“ segir í umfjöllun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS). „Þannig gildir reglugerðin á evrópska efnahagssvæðinu öllu, það er innan ESB og á Íslandi, í Noregi og Liechtenstein.“ Reglugerðin gildir hins vegar ekki utan þessara landa.

Samkvæmt reglunum er fjarskiptafyrirtækjum skylt að láta viðskiptavini sína á ferð í Evrópulöndum vita þegar þeir hafa notað 80 prósent af mánaðarlegum hámarkskostnaði fyrir gagnanotkun, sem er 50 evrur. „Fyrirtækið skal loka á gagnanotkun í símann/netlykilinn þegar hámarkinu er náð, nema viðskiptavinurinn biðji sérstaklega um annað.“ **- óká**

## Hámarksverð síðustu tveggja ára*

| | Að hringja | Að svara | Sent SMS | Móttekið SMS | Gagnamagn |
|---|---|---|---|---|---|
| Sumar 2011 | 72,52 kr./mín | 22,79 kr./mín | 22,79 kr. | Frítt | - |
| Sumar 2012 | 58,72 kr./mín | 16,19 kr./mín | 18,22 kr. | Frítt | 141,74 kr./MB |
| 1. júlí 2013 | 47,63 kr./mín | 13,89 kr./mín | 15,87 kr. | Frítt | 89,30 kr./MB |

*Verð skv. reglugerðum ESB undanfarin ár (með VSK). Heimild: PFS



**MEÐ SÍMA Í HÖND** ESB setti fyrst reglugerð um verðþak á símtöl í farsíma milli landa árið 2007. MYND/SONY-ERICSSON



**BLEIKU STEINARNIR** Femínistar segja íslenska kvikmyndagerð miðla einsleitri sýn.

Femínistar skora á iðnaðinn:

# Kvikmyndagerð fær hvatningu

**VERÐLAUN** Kikmyndagerð á Íslandi fékk hvatningarverðlaun Femínistafélags Íslands í gær. Verðlaunin nefnast Bleiku steinarnir og eru árlega afhent þeim sem félagið telur vera í lykilstöðu til að hafa áhrif til góðs á jafnrétti kynjanna.

Með verðlaununum skorar Femínistafélagið á kvikmyndagerðarmenn að bæta stöðu kvenna í iðnaðinum og vera meðvitaðri um það með hvaða hætti konur eru sýndar í kvikmyndum.

Á vef Femínistafélagsins kemur fram að undanfarin fimm ár hafi einungis tvær konur leikið aðalhlutverk í íslenskum kvikmyndum og að íslensk kvikmyndagerð miðli ákaflega einsleitri sýn á stöðu kynjanna. **- le**

Opinber heimsókn forseta:

# Forseti sækir Þýskaland heim

**STJÓRNSÝSLA** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, verður í næstu viku í opinberri heimsókn í Þýskalandi í boði forseta Þýskalands, Joachims Gauck. Auk forseta og forsetafrúarinnar Dorrit Moussaieff verða Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, embættismenn utanríkisráðuneytisins og forsetaskrifstofu og fulltrúar vísinda, tækni, atvinnulífs og menningar með í för. Heimsóknin hefst í Berlín mánudaginn 24. júní og lýkur í Leipzig föstudaginn 28. júní.

Viðvörun frá Íslandsbanka:

# Tölvuþrjótar sendu svikapóst

**NEYTENDUR** Nokkrir viðskiptavinir Íslandsbanka fengu póst í gærmorgun þar sem þeir voru beðnir um að staðfesta notendaupplýsingar með því að tengjast netbanka í gegnum vefslóð. Efni póstsins var: „Staðfesting … reiknings Alerts“

Pósturinn er ekki frá Íslandsbanka heldur tölvuþrjótum sem vilja komast yfir lykilorð og aðrar upplýsingar um notendur netbankans. Íslandsbanki hvetur þá sem hafa smellt á slóðina til að breyta sem allra fyrst um lykilorð í netbankanum sínum.

# Tugmilljónir á flótta um allan heim

Skýrsla Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna sýnir ófremdarástand þar sem um 45 milljónir manna, fleiri en síðustu 18 ár, hafa hrakist frá heimilum sínum vegna átaka og annars konar áfalla. Borgarastríðið í Sýrlandi er stór áhrifaþáttur.

**SVISS, AP** Rúmlega 45 milljónir einstaklinga voru á vergangi í lok síðasta árs eftir að hafa hrakist burt frá heimilum sínum vegna stríðsátaka og annarra áfalla. Þetta kemur fram í árlegri úttekt Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNCHR) sem kom út í gær.

Skýrslan byggir á gögnum frá ríkisstjórnum, frjálsum félagasamtökum og UNCHR en þar segir að í lok árs 2012 hafi 45,1 milljón manns verið á flótta í heiminum, samanborið við 42,5 milljónir í árslok 2011. Þar af voru 15,4 milljónir flóttamenn, 937.000 hælisleitendur og 28,8 milljónir á vergangi innan landamæra eigin heimalands.

Stríðsátök eru meginástæða þess að fólk hrekst frá heimilum sínum en rúmlega helmingur flóttafólks kemur frá fimm löndum þar sem stríð hafa geisað, Afganistan, Sómalíu, Írak, Sýrlandi og Súdan. Auk þess hefur orðið vart við aukinn fjölda frá öðrum stríðshrjáðum löndum, til dæmis Malí og Kongó.

Þessi tölfræði vekur ugg, sérstaklega ef litið er til síðasta árs, þar sem 7,6 milljónir manna flúðu heimkynni sín, þar af voru 1,1 milljón flóttamenn í öðru landi og 6,5 milljónir voru á flótta innan eigin heimalands. Þetta jafngildir því að einn einstaklingur flýi heimili sitt fjórðu hverja sekúndu.

„Þetta eru verulega ógnvekjandi tölur,“ segir Antonio Guterres, æðsti yfirmaður UNCHR. „Þær endurspegla gríðarlega þjáningu fólks og þá erfiðleika sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir í viðleitni sinni til að koma í veg fyrir og leysa stríðsátök.“ **thorgils@frettabladid.is**

## Flóttamenn ekki verið fleiri í 18 ár

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi er helsta orsökin fyrir því að fjöldi fólks sem hefur hrakist frá heimilum sínum vegna átaka og margs konar áfalla hefur ekki verið meiri í átján ár. Samkvæmt úttekt Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna höfðu 45,2 milljónir manna flúið heimaland sitt eða voru á vergangi innanlands.




†Mögulega eru borgarar Suður-Súdans talin þar með, en löndin halda ekki utan um þessa tölfræði
*Þar með talið fólk sem er í aðstæðum álíka og flóttafólk
‡300.000 víetnamskir flóttamenn eru vel samlagaðir kínversku samfélagi og njóta verndar stjórnvalda.

Heimild: UNCHR
© GRAPHIC NEWS




# Sumarið verður gott!

## MÚRBÚÐARVERÐ



Gulur & rauður stóll **3.450,-**
Hvítur pottur með disk **490,-**
Borð, hvítt **4.990,-**
Glös, nokkrir litir 6 stk. **990,-**
Salatskál stærri **465,-**
Salatskál minni **199,-**
Vatnskanna **890,-**

Barnaborð 50x50 **2.390,-**
Bláir stólar með háu baki **1.190,-**
Bleikir stólar **699,-**





Vandaðir stólar **2.490,-**
Borð 70x120cm **6.990,-**
Salatskál orange **365,-**
Glös Decor 6 stk. **390,-**
Vatnskanna **399,-**

Diskur m/hjálmi **790,-**
Stór blómapottur m/disk 56cm **2.590,-**
Grænn blómapottur m/disk **695,-**
Vatnskanna 5 lítra **990,-**

Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn og annað tréverk
**2.690**

Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
**2.490**

Garðkarfa 65L
**1.990**

Garðverkfæra hirsla 52x32x20 cm
**1.390**

Þrýstiúðabrúsi 1 líter WZ-6001
**495**

Þrýstiúðabrúsi 5 lítrar WZ-6004
**1.590**

Garðkanna 10 L
**798**

PVC húðað vírnet 50cmx15 metrar
**3.995**

Slöngutengjasett með úðara WZ-9304
**395**

## Leir- og plastpottar í úrvali

## Gæðavara – Verð frá kr. 145

**Undirdiskar fylgja þessum plastpottum en eru fáanlegir fyrir leirpottana**





**1.990**
**1.970**
110 cm
**1.390**
**1.390**

5 lítra bensínbrúsi
**995,-**
einnig til 10 lítra
kr **1.395,-**

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18 |

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***



**NEYTANDINN** Berglind Pétursdóttir

## Sér mest eftir árskorti í líkamsræktina

Berglind Pétursdóttir er hugmynda- og textasmiður á auglýsingastofu, dansari, danshöfundur og umsjónarmaður bloggsíðunnar Berglindfestival. Í frístundum veiðir Berglind lax og kveðst vera mikill neytandi. „Það er hægt að selja mér nánast allt. Ég er mikill neytandi og tek neyslu mjög alvarlega. Ég held samt að bestu kaupin sem ég hef gert séu hlébarðapelsinn minn. Hann passar svo vel við öll hin hlébarðafötin mín sem er frábær tilviljun,“ segir Berglind. „Svo er hann líka flottur við ljóta strigaskó.“

Verstu kaupin segir hún vera líkamsræktarkort. „Ég keypti mér árskort í ræktina og því mun ég sjá eftir alla ævi. Eða að minnsta kosti í sjö mánuði til viðbótar.“

## Chrysler-jeppar innkallaðir



Chrysler, eitt af þremur stærstu bílafyrirtækjum Bandaríkjanna, hefur innkallað tæplega þrjár milljónir jeppa vegna hættu á íkveikju í bílunum. Chrysler hafði áður neitað stjórnvöldum um að innkalla bílana en tók skyndilega ákvörðun um að fylgja fyrirmælunum í því skyni að forðast rannsókn frá heilbrigðiseftirlitsmönnum. Fyrirtækið segir að hringingar frá áhyggjufullum viðskiptavinum hafi gert útslagið. Bílarnir sem innkallaðir voru eru Jeep Grand Cherokee-módel frá árunum 1993 til 2004 og Liberty-jeppar frá árunum 2002 til 2007.

# 700 tilkynningar um töpuð reiðhjól

**Um tíu til þrjátíu manns endurheimta árlega reiðhjólin sín hjá óskilamunadeild lögreglunnar. Tryggingafélögin gera ekki kröfu um sérstaka lása. Sala á lásum viðurkenndum af tryggingafélögum í nágrannalöndum hefur aukist hér á landi.**

Um 700 tilkynningar um töpuð reiðhjól bárust til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrra en um 650 árið þar áður. Árlega endurheimta tíu til þrjátíu manns hjólin sín hjá óskilamunadeild lögreglunnar en um eitt hundrað reiðhjól seljast á hverju ári á uppboði deildarinnar.

„Fólk sem hefur tapað hjólinu sínu kemur og leitar að því hjá okkur en það þyrfti að koma oftar. Oft finnst hjólið ekki fyrr en nokkrum mánuðum eftir að það tapaðist,“ segir Telma Glóey Jónsdóttir, starfsmaður óskilamunadeildarinnar. Hún getur þess að það sé undantekning ef lögreglan er látin vita af því að tapað hjól hafi fundist.

Langflest hjólanna sem berast til lögreglunnar eru fullorðinshjól. „Sum eru garmar sem hafa legið lengi úti en önnur eru í mjög góðu ástandi. Það eru meiri líkur á að eigandi finnist ef hann hefur skráð hjá sér stellnúmerið á hjólinu.“

Að sögn Telmu er mikilvægt að hafa sterkan lás á hjólinu og festa það við eitthvað. „Best er að nota lás sem ekki er hægt að klippa í sundur en slíkir lásar eru að vísu dýrir og þungir.“

Samkvæmt könnun sænsku vefsíðunnar Smartson eru lásar úr hertu stáli öruggustu lásarnir. Lásasmiðir voru fengnir til þess að reyna að brjóta upp lása úr vír og hertu stáli og notuðu þeir verkfæri sem talið var að þjófar gætu auðveldlega borið með sér, eins og til dæmis hamar, klippur, sög og skrúfjárn. Lásasmiðirnir voru eina mínútu að klippa í sundur sterkasta víralásinn. Suma gátu þeir strax klippt í sundur.

Á vefsíðunni er greint frá því að tryggingafélög geri venjulega kröfu um að lásar séu prófaðir og samþykktir af Stöldskyddsföreningen, óháðum samtökum sem vinna að forvörnum og öryggismálum.

Samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélögunum VÍS, Sjóvá og TM krefjast þau ekki sérstakra lása fyrir reiðhjól, heldur er krafa um að hjólið hafi verið læst.

Hjá reiðhjólaversluninni Erninum fengust þær upplýsingar að sala á lásum úr hertu stáli, svokölluðum U-lásum, hafi aukist undanfarin þrjú ár. Um tíu prósent af þeim lásum sem seljast hjá Erninum teljast til öruggra lása sem viðurkenndir eru af tryggingafélögum í nágrannalöndunum.

ibs@frettabladid.is



**Á HJÓLI** Meiri líkur eru á að eigandi finni tapað hjól hafi hann skráð hjá sér stellnúmerið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Best er að nota lás sem ekki er hægt að klippa í sundur en slíkir lásar eru að vísu dýrir og þungir.**

*Telma Glóey Jónsdóttir, starfsmaður í óskilamunadeild lögreglunnar*

### BÆTUR FRÁ TM YFIR 6 MILLJÓNIR Á ÁRI

**6,3 MILLJÓNIR KRÓNA** hefur TM greitt að meðaltali á ári í bætur vegna reiðhjólaþjófnaða frá 2008 til 2012. Fjöldi þjófnaða á tímabilinu er um 180 á ári hjá viðskiptavinum TM.

Reiðhjól falla almennt undir innbústryggingu Heimatrygginga TM séu viðskiptavinir með slíka tryggingu. Í algengustu Heimatryggingunni TM3 fást greiddar bætur að hámarki 110 þúsund krónur þegar eigin áhætta hefur verið dregin frá. Hægt er að kaupa viðbótartryggingar fyrir dýrari reiðhjól.





STÓLADAGAR
20-50% AF VÖLDUM STÓLUM
MIKIÐ ÚRVAL AF SESSUM
PÚÐAR
3 FYRIR 2
Mamasan
18.990
Áður 29.900
12.900
Papasan
52.900
BORÐ
Politrattan
STÓLL
Með örmum
13.900
STÓLL
Án arma
15.900
ÞOLIR -15° C
8.900
STÓLL
15.900
BORÐ
LUKTIR
MARGAR GERÐIR
FRÁ 990
MORELIA-HÚSGÖGN
99.900
Borð
139.900
Glerskápur
119.900
Bókaskápur
19.900
Stóll
990
FLÖSKUR
VINDMYLLUR
FRÁ 790
the PIER
129.900
Skenkur
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

## HÁTÍÐIR HELGARINNAR

**Gönguhátíðin Umfar.**
**21. til 28. júní 2013**
Gönguferðir alla daga um náttúruperlur Vesturbyggðar.

**Skógardagurinn mikli.**
**22. júní**
Fjölskylduhátíð í Hallormsstaðaskógi.

**Landsmót Fornbílaklúbbs Íslands.**
**21.-23. júní**
Ýmiss konar dagskrá á Selfossi.

**Jónmessan.**
**22. júní**
Jónsmessu er fagnað um helgina, meðal annars á Eyrarbakka og Siglufirði. Þá er Jónsmessuganga Útivistar haldin um helgina og sumri fagnað í Básum.



## VEÐUR

**Föstudagur**
**8-15°C HLÝJAST SUNNAN- OG VESTANLANDS**
Norðaustan 3-8 m/s. Víða bjart með köflum en skýjað og dálitlar skúrir NA-til og einnig SV-lands síðdegis.

**Laugardagur**
**10-15°C BJART MEÐ KÖFLUM**
Hæg norðvestlæg eða breytileg átt og bjart með köflum. Skúrir SV- og V-lands.

**Sunnudagur**
**9-17°C ÞYKKNAR UPP**
Vestlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og bjart með köflum. Síðdegisskúrir A-til og þykknar upp um landið vestanvert þegar líður á daginn með lítilsháttar úrkomu um kvöldið. *Heimild: vedur.is*



**HÁLENDIÐ** Allur akstur er bannaður á ýmsum hálendisleiðum vegna aurbleytu og hætta á skemmdum. Nánari upplýsingar **Vegagerdin.is eða í síma 1777.**

## UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI
## SNÆFELLSNES



**HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR**

# Sterk tilfinning fyrir fortíðinni heillar

Halldóra Geirharðsdóttir leikkona ferðast um landið ásamt manni sínum og ungum börnum og því skiptir máli fyrir hana að ferðast um staði sem eru fjölskylduvænir. „Ég myndi segja að það væri Snæfellsnesið,“ segir hún eftir örskamma umhugsun spurð um sinn uppáhaldsstað á landinu. „Allt það svæði, sérstaklega Arnarstapi og Hellnar. Það er frábært að vera þarna með börn, stutt að fara og svo aðgengilegt.“



Hún segir að þar sé alltaf eitthvað nýtt að sjá og að hver ferð sé ótrúlegt ævintýri. Það leiðist engum á Snæfellsnesi ef marka má orð Halldóru. „Æðislegir klettar, hellaskoðun, hægt að tjalda og ótrúlega margar gönguleiðir sem eru viðráðanlegar fyrir fjölskyldu.“ Hún heimsækir Snæfellsnesið gjarnan og var þar síðast í fyrrasumar. Hún segir að lokum að sterk tilfinning fyrir fortíðinni á staðnum sé heillandi og nefnir sem dæmi að þar sé hægt að sjá gamlar hlaðnar réttir. **-ne**






**VIÐ VEISLUBORIÐ** Geitin Mollí stillir sér upp við kræsingar á Bjarteyjarsandi sem er eitt fjölmargra býla sem selja afurð sína beint frá býli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Lostæti og handverk úr héraði

Fíflahunang, geitakæfa, nautatunga, sultur, ostar og loftþurrkað lambakjöt. Þetta er meðal þess úrvals af matvælum sem um 70 bændur víðs vegar um land selja beint frá býli. Úrvalið af handverki er einnig fjölbreytt. Hér eru nefnd nokkur af öllum þeim býlum sem bjóða ferðamönnum upp á lostæti og handverk úr héraði.




➜ Bændum sem selja vörur beint frá býli hefur fjölgað undafarin ár og eftirspurn eftir vörunum aukist.

**1. Háls í Kjós**
Nautakjöt, sultur og kæfur auk margs annars.

**2. Bjarteyjarsandur við Hvalfjörð**
Ferðaþjónustan er grundvölluð á matvælaframleiðslu og er gestum boðið í heimsókn í fjárhúsin. Gallerý Álfhóll er rekið á staðnum og þar eru til sölu glerlistaverk, ullarvörur, sultur, brauð og fíflahunang auk ýmislegs annars.

**3. Háafell í Hvítársíðu**
Kiðlingakjöt, geitakjöt, egg, handverk úr geitaskinni, sápur, geitagærur og geitamjólkurís.

**4. Erpsstaðir í Dalasýslu**
Heimagerður rjómaís, sem ber nafnið Kjaft-æði. Pokaskyr unnið á gamla mátann og svo ostur í kryddlegi.

**5. Staður í Reykhólasveit**
Framleiðsluvörur Reykskemmunnar á Stað eru hangikjöt, bjúgu, rúllupylsa og reyktur rauðmagi. Æðardúnn og sængur eru einnig til sölu.



**6. Gil í Skagafirði**
Sultur, pickles, reyktur silungur, heimabakstur og handverk.

**7. Holtsel í Eyjafjarðarsveit**
Rjómaís fyrir sykursjúka. Ávaxtaís eða sorbet, t.d. fyrir þá sem eru með mjólkur- og eða eggjaóþol. Kiðlingakjöt, lífrænt lambakjöt, vistvænt svínakjöt, hákarl, taðreyktur silungur, sultur, saftir, hlaup, kryddsultur og mjölvörur svo sem hrökkkex, byggflögur, bankabygg og margt fleira.

**8. Hella í Mývatnssveit**
Í Reykkofanum fæst hangikjöt, lambakjöt, sauðakjöt, reyktur silungur, hakk, sperðlar og kæfa.

**9. Lón II í Kelduhverfi**
Sápugerðin Sælusápur framleiðir og selur handgerðar íslenskar gæðasápur úr náttúrulegum hráefnum.

**10. Egilsstaðir I**
Á Egilsstöðum I er kaffihús og verslun sem kallast Fjóshornið á Egilsstöðum. Skyr, jógúrt, ostur, mjólk, nautakjöt, berjahlaup og prjónavörur.

**11. Miðhús á Egilsstöðum**
Listmunir úr íslenskum við, hornum og beini. Þurrkaðir og frystir sveppir, berja- og rabarbarasíróp, þurrkaðar jurtir og heil og möluð fjallagrös.

**12. Langholtskot í Hrunamannahreppi**
Á bænum Langholtskoti eru ræktaðir nautgripir sem eru holdagripir af Galloway og Aberdeen Angus kyni og einnig naut af íslensku kúakyni.

**13. Engi í Biskupstungum**
Kryddjurtir, grænmeti og ávextir.


VINSÆLASTA ÚTIVISTARMERKI Í HEIMI
FÆST EINGÖNGU Í ÚTILÍF
FLÍSPEYSUR
GOTT VERÐ OG ÚRVAL LITA. FÁST Í DÖMU- OG HERRAÚTFÆRSLUM.
VERÐ FRÁ: 9.990 KR.
BASE CAMP DUFFEL
FARANGURSPOKARNIR SEM DUGA. ÝMSIR LITIR OG STÆRÐIR.
VERÐ FRÁ: 19.990 KR.
TREKKER CONVERTIBLE
GÖNGU- OG ÚTIVISTARBUXUR MEÐ SKÁLMUM SEM HÆGT ER AÐ TAKA AF. LÉTT OG FLJÓTÞORNANDI EFNI. FYRIR DÖMUR OG HERRA.
VERÐ: 18.990 KR.
TREKKER GÖNGUBUXUR
VERÐ: 14.990 KR.
ALEUTIAN 3S
FRÁBÆR SVEFNPOKI FYRIR NOTKUN SUMAR, VOR OG HAUST.
FYLLING: „HEATSEEKER“ TREFJAR
ÞYNGD: 1655 G
ÞOLMÖRK: -7°C
TILBOÐSVERÐ: 19.900 KR.
THE NORTH FACE
Fáðu aðstoð við valið á rétta útivistarbúnaðinum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÁRNASYNIR
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

Þúsundir krefjast þjóðaratkvæðis um veiðigjald:

# Geðþóttaákvörðun í vændum?

Undirskriftalisti, þar sem skorað er á forseta Íslands að synja væntanlegum lögum um lækkun veiðigjaldsins staðfestingar og leyfa þjóðinni að greiða atkvæði um málið, hefur náð miklu flugi undanfarna sólarhringa. Enda er málið heitt og umdeilt.

Hætt er við að tugir þúsunda undirskrifta setji forsetann í dálítið snúna stöðu. Hann hefur tvisvar áður vísað til „þjóðarvilja" sem meðal annars kom fram í slíkum undirskriftasöfnunum þegar hann synjaði lögum staðfestingar; fyrst í fjölmiðlamálinu 2004 og síðar í Icesave-málinu snemma árs 2010. Í seinna skiptið var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla, sú fyrsta á lýðveldistímanum.

Forsetinn hefur líka gefið yfirlýsingar um að einmitt þetta mál sé til þess fallið að þjóðin geri út um það. Hann sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í kosningabaráttunni í fyrra: „Þar er um að ræða ráðstöfun á sameign þjóðarinnar. Þar er um að ræða hvað þjóðin, eigandi auðlindarinnar, fær í sinn hlut. Það er erfitt að hugsa sér stærra mál en það, sem myndi vera eðlilegt að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu, ef einhver hluti þjóðarinnar telur það mikilvægt." Í sama þætti sagði forsetinn: „Þannig að ég hlýt að hugleiða það mjög alvarlega, ef upp kemur sú staða, af því að ég tel að fá mál liggi jafnvel fyrir til þess að láta þjóðina sjálfa ákveða það."



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Almennur áhugi á beinu lýðræði fer vaxandi. Í raun er þverpólitísk samstaða um að almenningur eigi að fá að segja sitt álit á ýmsum málum milliliðalaust í þjóðaratkvæðagreiðslum.

Vandinn er hins vegar sá að engar skýrar reglur gilda um það hvernig tiltekinn hluti þjóðarinnar geti farið fram á atkvæðagreiðslu um einstök mál. Eina leiðin sem fólk á er að skora á forsetann að synja tilteknum lögum staðfestingar. Það eitt og sér útilokar að mörg brýn mál séu útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslu, því að lagafrumvarp liggur ekki alltaf fyrir.

Þegar þessi leið er farin, eins og núna, vita áskorendurnir heldur ekkert um það við hvað forsetinn miðar þegar hann ákveður að beita synjunarvaldinu. Rök hans í áðurnefndum tveimur málum voru mismunandi. Enginn veit hvað „einhver hluti þjóðarinnar" þarf að vera stór svo forsetinn ákveði að taka fram fyrir hendurnar á Alþingi. Rúmlega 30.000 manns skoruðu á hann í fjölmiðlamálinu og yfir 50.000 í Icesave-málinu. Haustið 2009 skoruðu hins vegar um 10.000 á hann að synja fyrsta Icesave-samningnum staðfestingar. Hann tók ekki mark á því. Hvar liggja mörkin?

Fleira getur spilað inn í. Forsetinn gæti hikað við að valda frekara uppnámi í einni helztu útflutningsgrein landsmanna, jafnvel þótt hann fengi tugi þúsunda áskorana. Hann gæti líka hikað við að efna strax til ófriðar við nýja ríkisstjórn, sem hann hefur fylgt föðurlega úr hlaði. Hann ræður þessu alveg sjálfur.

Það er brýnt að setja almennar reglur í lög og stjórnarskrá um það hversu stór hluti atkvæðisbærra manna geti krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. Vegna þess hversu auðvelt er orðið að safna undirskriftum á netinu ætti líklega að setja þröskuldinn fremur hærra en lægra. Áður en slíkar reglur hafa verið settar, er hins vegar ekki tímabært að taka ákvarðanir um slíkar atkvæðagreiðslur, því að þær verða eðli málsins alltaf geðþóttaákvarðanir eins manns. Og það á lítið skylt við beint lýðræði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Spennandi námskeið í Suðurhlíðarskóla

21.-25. JÚNÍ

21/6 föstudagur – kl. 20:00
Líffræðileg starfsemi fyrirgefningarinnar: Hefurðu efni á því að fyrirgefa ekki?

22/6 laugardagur – kl.12:00
* ATH Aðventkirkjunni í Rvk
Eining og fjölbreytileiki (gjafir andans og ríkjandi hlutar heilans)

22/6 laugardagur – kl.15:00-18:00
Eining og fjölbreytileiki, úthverfa og innhverfa

23/6 sunnudagur – kl.11:00
Hvað gerist þegar tæknin og heilinn rekast á?

23/6 sunnudagur – kl.13:00
Frumuminni

23/6 sunnudagur – kl.14:00-16:00
Kynjamunur og vinnustaðurinn (eða heimilið)

24/6 mánudagur – kl. 20:00
Að skipta niður í lægri gír

25/6 þriðjudagur – kl. 20:00
Viljastyrkur og fyrirbærið hvíti björninn

Dr. Arlene Taylor hefur víða fengið góðar undirtektir við efnisflutning sinn. Sérgrein hennar er starfsemi heilans. Hún segir m.a.: „Þinn heili er óumræðilega mikilvægur. Hvað veistu um starfsemi heilans almennt og þinn heila sérstaklega? Þú gætir fræðst um það hvernig nýta má upplýsingar um heilavirkni til að ná meiri árangri persónulega og í starfi." Efni hennar er spennandi, gagnlegt og öllum aðgengilegt.

aðgangur ókeypis

sudurhlidarskoli.is
Suðurhlíð 36 105 Reykjavík
adventistar.is

Dr. Arlene Taylor

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að opna umræðuna

**Eygló Harðardóttir** félagsmálaráðherra veltir nú fyrir sér hvort breyta þurfi lögum um lögheimili í ljósi máls Dorritar Moussaieff forsetafrúar, sem færði sitt lögheimili úr landi í fyrra. „Kannski, eftir nokkur ár, munum við geta horft til baka og þakkað Dorrit og hennar háöldruðu foreldrum fyrir að opna umræðuna," segir Eygló við Fréttablaðið í gær. Þetta er misskilningur hjá ráðherranum. Það voru fjölmiðlar sem opnuðu umræðuna, ekki Dorrit og foreldrar hennar. Áður en Fréttablaðið greindi frá lögheimilisflutningnum hafði hann legið í þagnargildi í hálft ár og allt eins víst að hann hefði gert það áfram.



### Allt annað

Ríkisstjórnin boðaði strax og hún tók við að hækkun virðisaukaskatts á gistingu úr 7 prósentum í 14 yrði afturkölluð hið snarasta. Um helgina boðaði **Ragnheiður Elín Árnadóttir** iðnaðarráðherra síðan að sem allra fyrst þyrfti að hefja gjaldtöku á fjölförnum ferðamannastöðum. Sem sagt: Í stað þess að ríkið hafi tekjur af ferðamönnum í gegnum skatt á gistingu, sem væntanlega var hugmyndin að aðilar í ferðaþjónustu mundu velta út í verðlagið, ætlum við að hafa tekjur af þeim í gegnum gjaldtöku á ferðamannastöðum. Það sér hver maður að það er miklu sniðugri leið. Eða hvað?



### Færði sig sjálfur

Á þessum stað var fyrr í vikunni fullyrt að samflokksmenn Brynjars Níelssonar á þingi hefðu skúbbað honum út úr efnahags- og viðskiptanefnd til að koma konu að. Bent var á að Brynjar hefði áður talið sjónarmið um jafnréttislagabrot við skipan í þingnefndir hið mesta þrugl og því hefði komið vel á vondan þegar hann var látinn víkja. Brynjar vill hins vegar koma því á framfæri að honum hafi alls ekki verið vikið úr nefndinni heldur hafi hann fært sig fyrir konu að eigin frumkvæði. Öðruvísi mönnum áður brá. **stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Flóttamenn eiga rétt á aðstoð!

FLÓTTAMENN



**Hermann Ottósson**
framkvæmdastjóri Rauða krossins

Allir eiga rétt á því að sækja um og njóta verndar gegn ofsóknum og alvarlegum mannréttindabrotum. Því miður eru dæmi þess að stjórnvöld í Evrópu reyni að koma í veg fyrir að fólk nýti sér þennan rétt en það getur haft í för með sér að hælisleitendur lenda í mikilli hættu og verði jafnvel fórnarlömb mansals og ofbeldis.

Þvert á það sem margir halda þá leita fæstir flóttamenn skjóls í Evrópu. Langflestir flóttamenn leita skjóls í nágrannaríkjum sínum sem oft eru fátæk og þar ríkir oft spenna eða jafnvel átök. Þannig hýsa t.d. Íran, Pakistan og Sýrland langflesta flóttamenn í heiminum.

Þótt Ísland sé eyland í eiginlegum skilningi þess orðs er svo ekki í raunveruleikanum. Við erum hluti af umheiminum. Ríkisstjórnir hafa stutt vopnuð átök í fjarlægum ríkjum og hingað leita einstaklingar sem hafa orðið fyrir barðinu á hörmungum stríðsátaka.

En íslensk stjórnvöld hafa einnig axlað ábyrgð og tekið á móti flóttamönnum í samvinnu við Flóttamannastofnun SÞ og veitt hluta þeirra sem sækja hér um hæli vernd. Það þarf hins vegar að gera betur í þeim efnum.

Í dag, á alþjóðadegi flóttamanna, vill Rauði krossinn ítreka þá áherslu sína að stjórnvöld tryggi skjótari afgreiðslu á umsóknum hælisleitenda til að koma í veg fyrir þá óvissu og jafnvel örvæntingu sem fólk finnur fyrir ef biðtíminn er of langur. Það er erfitt og mannskemmandi að bíða milli vonar og ótta – jafnvel árum saman. Á meðan getur fólk hvorki tekið virkan þátt í íslensku þjóðfélagi né skipulagt framtíð sína.

> **➜ Við þurfum að hætta að fangelsa flóttamenn fyrir það eitt að framvísa fölsuðum skilríkjum enda brýtur slíkt líklega í bága við alþjóðlegar skuldbindingar stjórnvalda.**

Við þurfum að hætta að fangelsa flóttamenn fyrir það eitt að framvísa fölsuðum skilríkjum enda brýtur slíkt líklega í bága við alþjóðlegar skuldbindingar stjórnvalda.

Við Íslendingar þurfum einnig að taka á móti fleiri „kvóta"-flóttamönnum í samvinnu við Flóttamannastofnun SÞ. Árið 2007 gerðu ráðherrar utanríkis- og velferðarmála með sér samkomulag um að taka árlega á móti hópi flóttamanna. Rauði krossinn vonar að hægt verði að standa við það samkomulag þannig að árlega fái 25-30 flóttamenn öruggt skjól á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hvar liggja mörk ofbeldis?

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



> Mat á hegðun og samskiptum er flókið og mörkin á milli þess hvað er ásættanleg hegðun og hvað ekki eru afar mismunandi. Hegðun sem flokkuð er eðlileg í einum skóla er talin ólíðandi í öðrum.

Saga almennrar óþekktar í skólastofunni er þekkt frá upphafi skólastarfs en að margra mati hefur orðið breyting til hins verra síðustu ár. Samfélagið allt hefur upplifað reiði, hneykslan og særindi sem hafa skilað sér í harkalegri orðræðu, persónuárásum og svívirðingum í athugasemdum samfélagsmiðla.

Nýútskrifaðir grunnskólakennarar segja næstum allir að það sem komi þeim mest á óvart þegar þeir hefja störf sé ónóg þekking á hegðunarvanda barna. Undir þetta taka reyndir kennarar sem segja að mest skorti handleiðslu í skólastofunni til að takast betur á við alvarlega og óæskilega hegðun. Kennarar segjast fá feikinóg af pappírum um hvað eigi að gera þegar úrskurðað er að barn þurfi stuðning en að raunveruleg úrræði skorti. Foreldrar hafa allir heyrt af alvarlegum uppákomum í skólastofunum og margir hafa áhyggjur af því að aukinn hegðunarvandi barna tefji fyrir námi. Spurningin hlýtur að vakna hvort vandinn sé þjóðfélagsmein. Hafa þolmörkin fyrir ofbeldi færst til?

Þetta hefur allt áhrif á skólana okkar, kennarana og börnin. Börnin okkar alast upp með síma og tölvur í fanginu og taka þátt í umræðum um ótrúlegustu hluti alla daga ársins. Þau horfa á þá sem eldri eru takast harkalega á með orðfæri sem flokkast sem ofbeldi. Þolið fyrir óviðunandi hegðun í samfélaginu hefur aukist og fréttir, myndir og myndbönd sem sýna ofbeldi eru aðgengilegri en nokkru sinni fyrr.

Mat á hegðun og samskiptum er flókið og mörkin á milli þess hvað er ásættanleg hegðun og hvað ekki eru afar mismunandi. Hegðun sem flokkuð er eðlileg í einum skóla er talin ólíðandi í öðrum. Brúarskóli er sérlega flottur sérskóli í Reykjavík sem menntar börn með geðraskanir og börn í vímuefnavanda. Þar fer fram þjónusta við börn og ungmenni sem eiga erfitt með að fóta sig í venjulegu skólaumhverfi í lengri eða skemmri tíma. Í Brúarskóla er lögð sérstök áhersla á að skilgreina hvað sé ásættanleg hegðun og markvisst unnið í því að krakkarnir haldi sig réttum megin við línuna. Að auki veitir starfsfólk Brúarskóla ráðgjöf til grunnskóla vegna barna með hegðunarvanda. Reynslan af þessari ráðgjöf er sérlega góð. Í raun er biðlisti eftir plássum í Brúarskóla og langur biðlisti eftir ráðgjöf skólans enda þekking starfsmanna Brúarskóla á hegðunarvandamálum mikil.

### Of hár þröskuldur

Starfsfólk Brúarskóla telur að í grunnskólum borgarinnar sé oft á tíðum of hár þröskuldur gagnvart því hvað sé ofbeldi. Reynsla þeirra sýnir að stundum aðhafist kennarar ekkert eða ekki nægjanlega mikið þrátt fyrir að þeir eða börn verði fyrir andlegu og jafnvel líkamlegu ofbeldi í skólastofunni. Þetta er bagalegt því þrátt fyrir að hver og einn hafi mismunandi þol fyrir óæskilegum samskiptum þarf að vera skýrt í huga kennara hvaða hegðun flokkist sem ofbeldi eða ógnandi hegðun. Í Brúarskóla liggur þetta ansi skýrt fyrir og í hverri stofu eru skýringarmyndir sem minna starfsmenn og nemendur á hvaða hegðun er óásættanleg. Það er ofbeldi að hrinda eða ýta, að segjast ætla að lemja einhvern. Orðin geta líka verið ofbeldi. Starfsmenn geta þannig bent krökkunum á hegðun sem er ekki í lagi og rætt uppákomur ásamt því að börnin taka þátt í að bæta við listann ef einhverjar uppákomur verða. Þannig er stöðugt verið að ræða um hvar mörkin liggja.

### Skýra umræðu strax

Vissulega er nóg að gera í skólastofunni og fleira á dagskrá en umræða um hegðun. Það er þó líklegt að óæskileg hegðun, þó ekki sé nema eins nemanda, trufli miklu meira en góðu hófi gegnir og tímanum því vel varið í að ræða um hegðun við börnin. Í íslenskri rannsókn frá 2006 kom fram að í þeim skólum þar sem agavandamál eru hvað minnst einkennast viðhorf starfsfólks til nemenda af jákvæðni, hlýju og virðingu. Í sömu rannsókn sést einnig að langflestir nemendur hegða sér vel en að kennarar eigi erfitt með að stjórna hegðun á öllum aldursstigum. Skýr umræða um mörk þarf þannig að hefjast strax við upphaf grunnskóla í samstarfi við foreldra. Í ljósi þess hve þyngstu málin reynast skólum erfið er einnig mikilvægt að huga betur að því hvort almennur grunnskóli sé bestur fyrir þá nemendur sem eru verst staddir.

Samskipti eru alls staðar flókin, ekki bara í skólum. Það er kúnst að vera góður í samskiptum og ekki öllum jafnt gefið í þeim efnum. Kennarar hafa í gegnum aldirnar þurft að takast á við alls kyns uppákomur í skólum og munu þurfa þess áfram. Hæfileikar þeirra til að takast á við ólíka einstaklinga og ólíka foreldra skipta sköpum. Kennarar eru hins vegar ekki einir ábyrgir fyrir því hvernig börnin okkar hegða sér. Við erum það öll og þurfum að benda hvert öðru á að sýna náunganum virðingu. Við erum fyrirmyndirnar.

## AF NETINU

### LÍÚ eða heimilin

Loforð ríkisstjórnarinnar um skuldaniðurfellingu heimilanna gerði út um síðustu kosningar. En nú setur ríkisstjórnin í forgang að fella niður löngu tímabæra hækkun veiðigjalds á útvegsmönnum, hópi sem í þrjátíu ár hefur notið einokunaraðgengis að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, fiskimiðunum. Þessi hópur hefur verið í sviðsljósinu fyrir alls konar kvótabrask, fjármálasukk, kennitöluflakk, skuldaniðurfellingar og afskriftir. Helstu forsvarsmenn útgerðarinnar, ekki síst þiggjendur gjafakvótans, hafa í krafti þessarar ríkisforsjár náð að sölsa undir sig hálft Ísland og meira til.

http://www.dv.is/blogg

*Lýður Árnason*

# Framþróun lýðræðis

LÝÐRÆÐI
Eiríkur Bergmann
prófessor í stjórnmálafræði



Lýðræðið er ekki sjálfgefið. Raunar hafa ýmsar útfærslur af einræði, fáræði og harðræði verið mun algengari í gegnum tíðina. Það frumstæða borgarlýðræði sem þróaðist meðal frjálsra manna í grískum borgum til forna hvarf í átökum. Síðan liðu margir mannsaldrar þar til að hugmyndir um það fulltrúalýðræði sem við nú þekkjum fór að ryðja á braut fáræðisstjórnum á síðari hluta átjándu aldar og fyrri hluta þeirrar nítjándu í kjölfar upplýsingarinnar og lýðræðisbyltingar innar miklu. En lýðræðið er ekki fasti. Það þarf vökvunar og framþróunar við, annars getur orðið brátt um ræði lýðsins eins og varð í Grikklandi til forna.

### Lýðræði 2.0

Að mörgu leyti eru stoðir hins klassíska vestræna fulltrúalýðræðis farnar að feyskna. Því hafa menn víða um heim fært fram heilmargar hugmyndir og framkvæmt fjölda tilrauna, svo sem við að nýta tölvutæknina til þess að þróa okkar góða lýðræðiskerfi áfram og vefa ofan í það aukinni beinni þátttöku borgaranna. Þetta er það sem á tæknimáli má kalla Lýðræði 2.0 – þegar nýju þátttökulýðræði er bætt ofan á það fulltrúalýðræði sem fyrir er.

Þó svo að hérlendis hafi enn lítið verið fjallað um þessa þróun hafa slíkar tilraunir víða verið framkvæmdar undanfarna tvo áratugi eða svo. En ástæðan fyrir þeirri athygli sem stjórnarskrárferlið á Íslandi hefur fengið er ekki sökum þess hversu einstakt eða séríslenskt það er heldur einmitt þvert á móti; því það þykir merkilegt dæmi í flóru margra um framþróun lýðræðis.

Viðlíka tilraunir í stjórnarskrárgerð hafa verið gerðar víðar, þó svo að verkefnin hafi yfirleitt verið afmarkaðri en hér var raunin. Í Ástralíu var borgaraþingi (e. citizens assembly) árið 1998 falið að rökræða hvort rjúfa ætti tengslin við bresku krúnuna, í kanadísku fylkjunum Bresku-Kólumbíu (2004) og Ontario (2007) voru slembivalin borgaraþing látin rökræða kosti nýs kosningakerfis og viðamiklir þættir hollensku stjórnarskrárinnar fengu árið 2006 álíka meðferð. Á Írlandi stendur nú yfir sérstakt stjórnlagaþing (e. constitutional convention) sem ræðir afmarkaða þætti írsku stjórnarskrárinnar frá árinu 1937. Á írska stjórnlagaþinginu, sem hittist flesta laugardaga yfir nálega ár, eru hundrað fulltrúar, tveir þriðju slembivaldir en þriðjungur er fulltrúar á írska þjóðþinginu. Annars konar yfirferð er einnig yfirstandandi í Belgíu.

### Þátttökulýðræði

Viðameiri tilraunir til aukins þátttökulýðræðis er þó að finna í Suður-Ameríku, eins ólíklega og það kann að hljóma í eyrum íslenskra fjölmiðlaneytenda. Ein sú allra merkilegasta hefur undanfarna rúma tvo áratugi verið gerð í brasilísku borginni Porto Alegre í syðsta fylki landsins, Rio Grande do Sul. Frá 1989 hefur hluti fjárhagsáætlunar borgarinnar verið saminn í viðamiklu og kerfisbundnu þátttökuferli íbúanna. Upphafið má rekja til aukinnar lýðræðisáherslu stjórnarandstöðunnar á tíma herforingjastjórnarinnar og hægri stjórnarinnar en þá fór stjórnarandstaðan fyrir ýmsum fylkjum og héraðsstjórnum. Sú stjórnarandstaða hefur nú tekið við völdum á landsvísu og lagt í margþætta vinnu við að breyta skipulagi opinberrar ákvarðanatöku, til að mynda með lögfestum rökræðuþingum borgaranna um ýmis ný mál sem ráðuneyti landsins leggja fram.

Í Porto Alegre fer fjárlagagerðin fram í þremur þrepum. Fyrst kemur fólk saman í litlum sjálfsprottnum hverfishópum sem leggja meginlínurnar. Hverfin kjósa svo fulltrúa í svæðahópa sem að nýju kjósa til borgarráðs sem klárar fjárlagagerðina í samráði við kjörna borgarfulltrúa. Að samanlögðu koma 50 þúsund manns að samningu fjárlagagerðarinnar í þessari 1,5 milljón manna borg. Alþjóðabankinn hefur í nýlegri skýrslu komist að þeirri niðurstöðu að þessi viðamikla þátttaka hafi gert Porto Alegre og fylkið Rio Grande do Sul í heild sinni að einu því hagsælasta í landinu.

> Þó svo að hérlendis hafi enn lítið verið fjallað um þessa þróun hafa slíkar tilraunir víða verið framkvæmdar undanfarna tvo áratugi eða svo. En ástæðan fyrir þeirri athygli sem stjórnarskrárferlið á Íslandi hefur fengið er ekki sökum þess hversu einstakt eða séríslenskt það er heldur eiginlega þvert á móti; því það þykir merkilegt dæmi í flóru margra um framþróun lýðræðis.

Þessi tegund þátttökufjárlagagerðar (e. participatory budgeting) hefur breiðst út til yfir hundrað borga í Suður-Ameríku og er í smærri mynd farin að ryðja sér til rúms í Bandaríkjunum, Kanada og í Evrópu.

### Tækifærið

Tilraunir af þessum toga munu aðeins aukast þannig að ofan á hið hefðbundna fulltrúalýðræði sem við þekkjum bætist nýtt form þátttökulýðræðis þar sem borgararnir sjálfir koma að rökræðu og beinum ákvörðunum.

Í þessari þróun til aukins þátttökulýðræðis sem alveg örugglega mun færast um heim eygjum við Íslendingar fjölmörg tækifæri. Sá áhugi sem er á lýðræðistilrauninni á Íslandi við stjórnlagagerðina er til að mynda mikil auðlegð. Því er brýnt að skammsýnar flokkspólitískar skærur sem því miður einkenna íslensk stjórnmál villi okkur ekki sýn. Hérlendis geta bæði sveitarstjórnir í kringum landið og nýja ríkisstjórnin haft forystu um að færa opinbera ákvarðanatöku út til fólksins. Það má gera með ýmsum aðferðum eins og dæmin hér að ofan og miklu fleiri slík sanna. Slíkar kerfisbundnar aðferðir við beina þátttöku borgaranna sem ofnar yrðu inn í hið hefðbundna fulltrúalýðræðiskerfi gætu orðið raunverulegt framlag til framþróunar lýðræðis í heiminum.



# Hvers vegna dró ráðuneytið skýrsluna til baka?

MENNING



**Margrét Hermanns Auðardóttir**
doktor í norrænni forsögulegri fornleifafræði og miðaldafornleifafræði

Á heimasíðu menntamálaráðuneytis birtist þann 22. maí sl. skýrsla um úttekt á stjórnsýslu fornleifarannsókna og fornleifaverndar á Íslandi 1990 til 2010, sem ráðuneytið hafði látið fornleifafræðing vinna, þar sem fjallað er um ástandið í fornleifaverndinni (t.d. 150 þús. uppgrafnir forngripir í óskilum). Þetta er raunar ekki nýtt og meira að finna í greinasafni Mbl. sl. 15 ár. Ef nafn undirritaðrar er slegið í leitarvél kemur fram hörð gagnrýni í viðtölum og aðsendum greinum (m.a. þeirri sem vitnað er til í skýrslunni).

Skýrsluhöfundur kom fram í Kastljósi RÚV þann 27. maí http://www.ruv.is/sarpurinn/kastljos/27052013-1 og viðbrögðin létu ekki á sér standa, t.d. frá handhafa Hólarannsókna og Fornleifastofnun Íslands (ekki opinber stofnun eins og oftast misskilst, heldur verktaki í einkaeign) auk Fornleifanefndar ríkisins og nýrrar Minjastofnunar Íslands, sem urðu hvað harðast úti í gagnrýninni. Forstöðumaður Minjastofnunar, sem ber stjórnunarlega ábyrgð, sat fyrir svörum í Kastljósi daginn eftir http://www.ruv.is/sarpurinn/kastljos/28052013-0. Bar ýmsu við en slapp í raun með að gefa málefnalegt svar við nokkrum hlut. Lögmaður Hólarannsókna ýjaði að málssókn í fréttaviðtali hjá RÚV. Ráðuneytið dró skýrsluna til baka af heimsíðu sinni (?) sbr. t.d. Fréttablaðið 29. maí. Hvers vegna? Og ekkert hefur heyrst meira um málið, er hér þöggun í gangi á kostnað menningararfs þjóðarinnar sem fornleifar hafa að geyma?

Forstöðumaður nýrrar Minjastofnunar taldi eitt gagnlegt við skýrsluna; að hana mætti nota til að fá meira fjármagn til sinnar stofnunar, sem undirritaðri fannst nokkuð bíræfið, þar eð ein af brýnustu tillögum skýrslunnar er að Ríkisendurskoðun geri úttekt á málaflokknum. Því að hér er um mikla fjárfestingu af opinberu fé að tefla, sem augljóslega hefur ekki skilað sér.

### Meginatriðum ekki svarað

En með þögninni virðist málið ganga óáreitt áfram. Eftir að þetta „slys“ átti sér stað (þ.e. sannleikurinn slapp út hjá sjálfu ráðuneytinu, frekar en gagnrýnisrödd úti í bæ sem ekki þyrfti að svara) auglýsir Minjastofnun Íslands 27. maí styrkveitingar sínar úr nýjum Fornminjasjóði þetta árið, þar sem einungis verkefna er getið en ekki styrkþega (þ.e. ábyrgðarmanna) http://www.husafridun.is/styrkir/fornminjasjodur/uthlutun-styrkja-2013/.

Undirrituð spurðist fyrir um þetta 31. maí sem umsækjandi sem ekki hlaut styrk og barst það svar 7. júní að henni væri boðið að gera athugasemdir ef hún svo kysi!

En vandinn er sá að undirrituð fær ekki upp gefið hverjir fengu styrkina (ábyrgðarmenn, rannsóknaleyfishafar) svo að unnt sé að

**➜ Og ekkert hefur heyrst meira um málið, er hér þöggun í gangi á kostnað menningararfs þjóðarinnar‘?**

ganga úr skugga um, hvort hér sé ekki verið að styrkja áfram þá sem brotlegir eru við fornleifaverndarlögin.

Þar sem meginatriðum er ekki svarað með beinum spurningum til forstöðumanns Minjastofnunar Íslands sem úthlutar styrkjunum, er sá eini kostur eftir (fyrir hönd þeirra umsækjenda sem ekki fá áheyrn) að gera fyrirspurnina opinbera. Þetta getur vart talist sú gegnsæja stjórnsýsla sem boðuð er við úthlutun styrkja úr nýjum Fornminjasjóði, fjármögnuðum af fjárveitingum Alþingis?

# „In Memoriam?“

NÁTTÚRUVERND



**Páll Steingrímsson**
kvikmyndagerðarmaður

Ómar Ragnarsson frumsýndi nýlega mynd sína „In Memoriam?“ í Bíó Paradís. Fyrir áratug lauk hann við enska gerð myndarinnar og kynnti erlendis. Í myndinni varar hann við óafturkræfum áhrifum Kárahnjúkavirkjunar og þeim skaða sem framkvæmdin gæti valdið.

Nú, tíu árum síðar, gengur hann frá íslenskri útgáfu og bætir þar við upplýsingum um hvað eftir hafi gengið um fyrri spár. Þeir sem fylgst hafa með vita að nær allar „hrakspár“ um virkjunina hafa gengið eftir. Neikvæðu áhrifanna gætir í tilfellum mun hraðar en reiknað var með. Aurburðurinn frá Brúarjökli er ótrúlega ör. Gilið við Töfrafoss, sem kunnáttumenn gáfu hundrað ár til að fyllast, hvarf á tveimur árum. Hvað er langt í að lónið hætti að skila þeirri orku sem því var ætlað? Hvað hefur það grynnkað frá því að það myndaðist? Svæðið sem lónið fyllir fáum við aldrei aftur. Vitneskja um veður og vatnafar fyrri alda, sem lágu eins og opin bók, er varanlega glötuð. Sérstætt gróðurlendi og griðland dýra týnt fyrir fullt og allt. Fossar, hjallar og heiðaland sem heilluðu augað þurrkuð út. Hvernig geta menn verið svona skammsýnir? Hver gaf leyfi til að ráðskast þannig með náttúruna?

Síðustu tvær þrjá mínútur myndarinnar þyrmir yfir mann þegar höfundur tíundar væntingar og röskun sem menn svo upplifðu að framkvæmd lokinni. Áttatíu prósent starfsmanna við framkvæmdina voru útlendingar. Heimamönnum sem fjölga átti um 1.500 vegna virkjunarinnar og álvers á Reyðarfirði fjölgaði ekki, en húsnæði sem byggt var til að taka á móti nýbúunum stendur autt. Rekstur álversins gengur vel að sögn ráðamanna Alcoa, þeir njóta líka skattfríðinda og lágs orkuverðs.

### Enn steinöld

Hver er svo staða Íslendinga vegna Kárahnjúkavirkjunar? Íslendingar borga nú kr. 8.47 fyrir kílóvattstundina sem þeir nota. Þessi tala hefur mjög hækkað síðan Kárahnjúkavirkjun tók til starfa. Hinu er aldrei flíkað hvað stóriðjufyrirtækin borga. Hitt kemur mjög á óvart hve stór hluti íslenskrar raforku fer til málmbræðslu. Heimamenn nota aðeins fimm prósent þeirrar orku sem framleidd er í landinu. Engin íslensk starfsgrein nýtur sömu fríðinda og Alcoa. Til að örva útflutning mætti örugglega ívilna til dæmis ylræktendum eða þeim sem sinna úrvinnslu sjávarfangs. Það mundi um leið ýta undir fullvinnslu og fullnýtingu. Við gætum örugglega gert meira af því að sinna orkufrekri hátækni. Í þessu tilfelli ríkir enn steinöld á Íslandi.

Síðasta snjallræðið er sæstrengur til Evrópu. Líklega er það þrisvar sinnum dýrari framkvæmd en Kárahnjúkavirkjun og mundi fara sömu leið. Framkvæmdaraðilar mundu fá allt sitt greitt að fullu, en þjóðin bera skaðann af lántökum sem hugsanlega skiluðu sér aldrei í arði. Hvernig stendur á því að stórframkvæmdamennirnir benda aldrei á leið til að afrekin þeirra skili hagnaði? Jarðýtur, gröfur, dýnamít og umturnun lands virðist vera lokatakmark.

### Holl hugvekja

Enginn hefur barist jafn hetjulegri baráttu fyrir verndun íslenskar náttúru og Ómar Ragnarsson. Þetta er honum hjartans mál. Hann spyr aldrei um tíma eða kostnað. Veður eða aðrar hindranir stoppa hann ekki. Hann veit sem er að stóru augnablikin koma ekki aftur. Nú, eða

**➜ Hvernig stendur á því að stórframkvæmdamennirnir benda aldrei á leið til að afrekin þeirra skili hagnaði?**

aldrei! Hann býr yfir óþrjótandi elju, knúinn áfram af kölluninni. Ómar fór margar ferðir til Noregs og eins til Bandaríkjanna til að kynna sér og mynda virkjanaframkvæmdir þar, einnig griðlönd og þjóðgarða sem stjórnvöld friðuðu fyrir ágengni virkjunarsinna. Hann segir að á tímum Kárahnjúkavirkjunar hefði hún aldrei verið leyfð þar sem verndunarsjónarmið voru einhvers metin. Einn félaga á Ómar sem hefur verið honum afar hollur. Það er Friðþjófur Helgason, besti heimildatökumaður á landinu. Myndin „In Memoriam?“ er holl hugvekja með ríkan boðskap og einstæð myndskeið. Því hvet ég alla sem unna landi sínu til að sjá „In Memoriam?“.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17

ford.is

Ford SYNC samskiptakerfið er staðalbúnaður í Ford Kuga. Rafdrifinn afturhleri með skynjara er fáanlegur sem aukabúnaður.
Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 154/162 g/km.
Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 179 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# nettó
Kræsingar & kostakjör



## SVÍNABÓGUR
GRILLSAGAÐUR

**697**
ÁÐUR 996 KR/KG

# VERÐSPRENGJA!

### KJÚKLINGABRINGUR
OKKAR - 3STK
**1.998**
ÁÐUR 2.498 KR/KG



### KINDAFILLE
KRYDDAÐ
**3.097**
ÁÐUR 4.489 KR/KG
KJÖTSEL



31% AFSLÁTTUR

### GRILL KINDAINNRALÆRI
KRYDDAÐ
**2.598**
ÁÐUR 3.289 KR/KG



KJÖTSEL

### GRILL GRÍSAFILLE
SNEIÐAR
**1.884**
ÁÐUR 2.298 KR/KG



KJÖTSEL

### SUNPRIDE
APPELSÍNU, ANANAS EÐA EPLA
200 ML
**44**
ÁÐUR 59 KR/STK



### LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKT
**1.884**
ÁÐUR 2.298 KR/KG



### FERSKT LAMBA PRIME
M/HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
**2.699**
ÁÐUR 3.749 KR/KG
28% AFSLÁTTUR



### STÓRLÚÐA L
FROSIN
**1.998**
ÁÐUR 2.895 KR/KG
31% AFSLÁTTUR



### BLÁBER BOX 125G
**249**
ÁÐUR 498 KR/PK



50% AFSLÁTTUR

### KARTÖFLUSALAT 500GR
MATUR & MÖRK
**347**
ÁÐUR 469 KR/STK
26% AFSLÁTTUR



### HRÁSALAT 380GR
MATUR & MÖRK
**243**
ÁÐUR 329 KR/STK

### SÓDAVATN 2L
CO-OPERATIVE
**169**
ÁÐUR 199 KR/STK

### SÓDAVATN 2L
CO-OPERATIVE
**97**
ÁÐUR 149 KR/STK



35% AFSLÁTTUR

### ARIEL ACTILIFT COLOR/REGULAR
4,74 LÍTRAR, 65ÞVOTTAR
**1.987**
ÁÐUR 2.798 KR/PK
29% AFSLÁTTUR



**Tilboðin gilda 20. - 23.júní**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Ástkær maður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRHALLUR DAN JOHANSEN**

lést 12. júní sl. á Líknardeild Landsspítalans í Kópavogi. Hann verður jarðsunginn frá Háteigskirkju 21. júní kl 13.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknardeild Landsspítalans í Kópavogi.

**Anna Lilja Gunnarsdóttir**
**Bertha Ingibjörg Johansen** **Elliði Vignisson**
**Gyða Dan Johansen** **Ari Edwald**
**Hallur Dan Johansen** **Oddný Jóna Bárðardóttir**
**Agnar Gunnar Agnarsson** **Atsuko Sato**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR JÓNSSON**
**skipstjóri og útgerðarmaður**
**frá Vestmannaeyjum,**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þann 13. júní verður jarðsunginn frá Landakirkju Vestmannaeyjum laugardaginn 22. júní kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Selma Jóhannsdóttir**
**Eysteinn Gunnarsson** **Íris Róbertsdóttir**
**Jón Atli Gunnarsson** **Sigurhanna Friðþórsdóttir**
**Árni Gunnarsson** **Bryndís Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem heiðruðu minningu elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGU J. GÍSLADÓTTUR**
**Vogatungu 5, Kópavogi.**

Þökkum fyrir auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á öldrunarlækningadeild B4 fyrir hlýju og fagmennsku.

**Guðrún Halldórsdóttir** **Baldur Jónsson**
**Guðborg Halldórsdóttir**
**Andri Már Ólafsson** **Birna Friðfinnsdóttir**
**Baldur Baldursson** **Anna Rún Einarsdóttir**
**Kristín Sveiney Baldursdóttir** **Hlynur Guðlaugsson**
**og barnabarnabörn.**



Elskulegur stjúpfaðir minn, afi okkar og bróðir,

**JÓN KLEMENZ JÓHANNESSON**
**lyfjafræðingur,**
**áður til heimilis að Stóragerði 28, Reykjavík,**

sem lést á Droplaugarstöðum mánudaginn 10. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. júní kl. 15.00.

**Elín Davíðsdóttir**
**Bergljót Gyða Guðmundsdóttir**
**Kolbrún María Guðmundsdóttir**
**Kristján Páll Guðmundsson**
**Óskar Gíslason**
**og systkini hins látna.**



Minningarathöfn og útför um okkar ástkæru

**SIGRÍÐI HJARTARDÓTTUR COLLINGTON (SIRRÝ)**

sem lést í Bandaríkjunum 7. febrúar sl. verður haldin í Dómkirkjunni miðvikudaginn 26. júní kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Wayne Collington**
**Gabriela Bóel, Oliver Thor, Freyja Ena**
**Ingibjörg F. Ottesen** **Garðar Valur Jónsson**
**Bóel Ísleifsdóttir** **Ena James**
**Bóel Hjartardóttir** **Hjálmar Þorsteinsson**
**Hjörtur Kristjánsson** **Anna Margrét Einarsdóttir**



**Á HNAPPAVÖLLUM Í ÖRÆFUM** Stigafoss, sem hér sést, er meðal hæstu fossa landsins. Hann fær fóður sitt úr lindum við jökulrætur norðan Bleikafjalls.

# Málar íslenskt landslag með ævafornum kínverskum aðferðum

Sýning á málverkum myndlistarkonunnar Lu Hong verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan 16 í tilefni 60 ára afmælis Kínversk-íslenska menningarfélagsins.

Tveggja heima sýn er heiti sýningar sem opnuð verður í dag í Ráðhúsi Reykjavíkur og stendur í tíu daga. Nafnið vísar til þess að listakonan Lu Hong notar eingöngu hefðbundnar aðferðir kínverskrar landslagsmálunar til að túlka íslenskt landslag, ásamt kínversku bleki, vatnslitum og þunnum bambuspappír.

Lu Hong er fædd í Peking og hóf þar skipulegt myndlistarnám þegar hún var fimmtán ára undir handleiðslu Zhu Daxiongs, eins virtasta núlifandi málara í hefðbundnum kínverskum stíl. Hún var ein sex nemenda sem fengu inngöngu í kínverska listaháskólann í Peking, æðsta myndlistarskóla Kína, árið 1981. Sum ár eru engir teknir inn vegna strangra inntökuskilyrða. Þaðan útskrifaðist Lu Hong árið 1985 og var fyrsta konan til að ljúka námi í kínverskri landslagsmálun frá skólanum.

Íslandi kynntist Lu Hong í gegnum íslenska námsmenn. Hún kom til Íslands árið 1990 og býr nú í Garðabæ, er gift Íslendingi og eiga þau tvær dætur.

Það er Kínversk-íslenska menningarfélagið sem stendur fyrir sýningunni í Ráðhúsinu í tilefni 60 ára afmælis félagsins. Með því vill það kynna Lu Hong, sem í verkum sínum tvinnar saman íslenskt þjóðarvitund og ævafornar hefðir kínverskrar myndlistar.

- gun



**LU HONG** Segir íslenska náttúru mjög frábrugðna þeirri sem hún ólst upp við í Asíu.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**RAGNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 15. júní. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Þórður Bjarnason** **Edda Karen Haraldsdóttir**
**Hjördís Sif Bjarnadóttir** **Hilmar Þórarinn Hilmarsson**
**Birta Dís, Atli Þór, Darri, Haraldur Hrafn og Hjörtur Þór**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,

**GUÐLAUG BRYNJARSDÓTTIR**

lést mánudaginn 17. júní.

**Gunnar Steinþórsson**
**Brynjar Þór Gunnarsson** **Sindri Freyr Gunnarsson**
**Fríður Björnsdóttir** **Brynjar Júlíusson**
**Lilja G. Sigurðardóttir** **Steinþór Ingvarsson**
**Björn Brynjarsson**
**Júlíus Brynjarsson** **Þóra Hreinsdóttir**
**Kristín Brynjarsdóttir** **Pétur Óskarsson**
**Guðrún Brynjarsdóttir** **Skúli Aðalsteinsson**
**Halldór Brynjarsson** **Guðrún Þórðardóttir**
**Anna Sigríður Brynjarsdóttir** **Halldór Grétar Einarsson**
**Katrín Brynjarsdóttir** **Hjörleifur Steinarsson**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**HERJOLF SKOGLAND**
**yfirvélstjóri,**
**Melgerði 10, Reykjavík,**

sem lést þann 5. apríl í Haugesund í Noregi, verður jarðsettur frá Fossvogskapellu föstudaginn 21. júní kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
**Gunnhildur Jónsdóttir**
**Elsa Herjolfsdóttir Skogland**
**Hulda Björg Herjolfsdóttir Skogland**
**Árni Herjolfsson Skogland**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

Graníthöllin Legsteinar

ÁVÍSUN 35.000.-



35.000.- krónur

Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innáborgun á legstein.

Ávísunin gildir sem hlutagreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.

Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutagreiðsla við kaup á einum legsteini.

Graníthöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði · Sími 555 3888 · granithollin.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## TÍMI BRÚÐKAUPA

**Brúðurin skal alltaf vera í aðalhlutverkinu og því eiga kvenkyns gestir ekki að klæðast hvítum fatnaði í brúðkaupi. Ljósir litir geta hins vegar vel gengið, til dæmis fölbleikt, fölgult eða fölgrænt. Þá eiga konur hvorki að mæta í mjög flegnum kjólum í brúðkaup né mjög stuttum, segja brúðkaupssérfræðingar.**


iittala

KAUPAUKI



Alvar Alto skál, glær 98 mm

Verslaðu fyrir 15 þús. eða meira af iittala vörum, þá fylgir kaupauki. Alvar Alto skál, glær 98 mm.



Tékk KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



STÆRSTA FÖNDURVERSLUN LANDSINS



Mikið úrval af taulitum fyrir náttúruleg og gerfiefni

Föndurlist

Holtagörðum | Sími 553 1800 | Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-15 | www.facebook.com/fondurlist




**HERMA EFTIR DÝRUM** Æfingarnar sem krakkarnir læra byggja margar á hreyfingum dýra, til dæmis apa og tígrisdýra.

# KUNG FU FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

**HEILSUDREKINN KYNNIR** *Í sumar verða haldin barna- og unglinganámskeið í kung fu. Kínverskur gestakennari stýrir námskeiðunum.*

Heilsudrekinn býður upp á sumarnámskeiðnámskeið fyrir krakka og unglinga í wu shu art, eða kung fu. „Krökkunum er skipt niður eftir aldri, en yngstu krakkarnir eru fjögurra ára," segir Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans. Sumarnámskeiðin eru á vegum ÍTR.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skiptið sem Heilsudrekinn býður upp á námskeið fyrir börn og unglinga, en það hefur verið á boðstólum í mörg ár. Hins vegar er þetta í fyrsta sinn sem gestakennari er fenginn til að sjá um námskeiðin, alla leið frá Kína. „Við erum í samstarfi við kínverskan íþróttaháskóla og þaðan kemur kennarinn sem mun kenna á námskeiðunum í sumar," útskýrir Qing.

Hún segir kung fu vera mjög góða íþrótt fyrir börn og unglinga. „Þetta er bardagaíþrótt, en þó með mismunandi áherslur. Sumar æfingarnar eru kraftæfingar hugsaðar til að styrkja og efla líkamann, aðrar eru rólegri og til þess að auka jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu. Með þeim eiga krakkarnir að ná betri stjórn á líkamanum. Kung fu er þannig ekki bara bardagaíþrótt, það er líka list." Qing segir að kung fu hjálpi krökkkum sem eiga erfitt með að einbeita sér og auki almenna vellíðan. „Kung fu er mjög góð íþrótt fyrir börn og unglinga, hún byggir upp sjálfstraustið og eykur vellíðan. Það er unnið að því að byggja krakkana upp andlega jafnt sem líkamlega." Æfingarnar byggjast að miklu leyti á leikrænni tjáningu. „Krakkarnir bregða sér í hlutverk ýmissa dýra, til dæmis apa, fugla og tígrisdýra," útskýrir Qing.



**BARDAGALIST** Unglingahópur frá Heilsudrekanum sýnir kung fu á 17. júní.

***Námskeiðin eru í allt sumar og hægt er að skrá sig í nokkra daga, mánuð eða tvo. Þau eru haldin í Íþróttafélaginu Drekanum í Skeifunni 3j, í húsnæði Heilsudrekans. Nánari upplýsingar á heimasíðu Heilsudrekans, heilsudrekinn.is, eða í síma 553-8282.***


Ný sending af vinsælu "push up" buxunum frá Dranella!

Svartar og gallabuxna bláar

Stærðir 32-46

Verð 17.980

Frábært snið!

Sendum í póstkröfu um land allt!



TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777





Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Fyrsta sending seldist strax upp!

Kíktu á www.reverie.com





- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Fimm stjörnu verslun

**Frábært tilboð** fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm

Verð áður kr. 569.900.-

**Verð nú kr. 499.900.-**

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm

**Verð kr. 399.900.-**

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Kjólar – Pils – Jakkar – Bolir – Peysur

GERRY WEBER-TAIFUN sparidress

20% AFSLÁTTUR



laxdal.is

Vertu vinur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63

s: 551 4422







## MOKKASÍNUR FYRIR HERRA

**FLOTT**

**Mokkasínur eru það allra vinsælasta fyrir herra í sumar. Hér getur að líta nokkrar gerðir af sumarskóm frá ítalska tískurisanum Gucci. Elegant mokkasínur í mörgum litum og gerðum úr vönduðum efnum. Mokkasínur eru í raun sívinsælar og hafa verið í áratugi. Upphaflega komu slíkir skór frá indíánum í Ameríku en þá úr mjúku skinni. Skórnir hafa þróast með árunum og Gucci kemur með nokkrar nýjar gerðir þetta sumarið. Mokkasínur eru þó alltaf þægilegir skór sem fara vel á fæti og endast lengi séu þær vel gerðar.**

ÚTSALA!

WEEKEND

MaxMara

MARINA RINALDI

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



Minna að fletta meira að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

visir.is

FITON / SÍA




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

# BÝR TIL LISTRÆN SÍMAHULSTUR

**LISTAMAÐUR Á UPPLEIÐ** *Rakel Tómasdóttir er listamaður með meiru sem stefnir á Listaháskóla Íslands í haust að læra grafíska hönnun. Hún heldur úti Facebook-síðunni Utopia þar sem hún selur símahulstur með teikningum eftir sjálfa sig.*

Rakel Tómasdóttir er tvítugur listamaður og nýstúdent úr Verzlunarskóla Íslands. Fyrir stuttu komst hún að því að hún hafði komist inn í grafíska hönnun í Listaháskóla Íslands. „Ég get varla beðið eftir að byrja í haust,“ segir Rakel full af spenningi. Rakel heldur úti Facebook-síðunni Utopia þar sem hún setur inn teikningarnar sínar. Viðbrögðin hafa verið ótrúleg enda um falleg verk að ræða. „Eftir að ég byrjaði að setja myndirnar á netið prófaði ég að setja þær á símahulstur. Fólk var í sífellu að skora á mig að byrja að selja hulstrin en það er líka góð leið fyrir mig til að koma verkunum mínum á framfæri,“ segir Rakel. Salan á símahulstrunum hefur gengið eins og í sögu, enda hefur Rakel, og verkin hennar, fengið umfjöllun víða um netheimana.

Myndlist er ekki það eina sem Rakel sinnir en hún æfir með meistaraflokki í hópfimleikum Gerplu. Eftir viku fer hún til Danmerkur í sýningarferð en það sem eftir er af sumrinu ætlar hún að einbeita sér að akrílmálun og ýmsum uppsetningarverkefnum. „Þetta stefnir í ógleymanlegt sumar,“ segir hún.

Rakel hefur mikinn áhuga á tísku og eyðir miklum tíma í að skoða föt og blogg á netinu. Stíllinn hennar einkennist af víðum bolum og peysum við sokkabuxur eða þröngar gallabuxur. „Munstur eiga sinn stað í hjarta mínu eins og sést á teikningunum mínum,“ segir Rakel þegar hún er spurð út í stílinn. Uppáhaldsbúðirnar eru Monki og Urban Outfitters en hún reynir að spara kaupgleðina þangað til hún kemst til útlanda eins og svo margir hér á landi. Hægt er að sjá verkin hennar og panta símahulstur á Facebook-síðunni hennar Utopia-Rakel Tómasdóttir.

**gunnhildur@365.is**



**AFSLAPPAÐUR STÍLL** Rakel klæðist hatti frá Monki, skyrtu frá Spútnik, sokkabuxum frá H&M og skóm frá Urban Outfitters. MYND/STEFÁN



**ÖÐRUVÍSI LIST** Rakel leikur sér með Photoshop eftir að hafa teiknað myndirnar.



**FLOTT SÍMAHULSTUR** Hulstur Rakelar er hægt að kaupa á Facebook-síðunni hennar Utopia-Rakel Tómasdóttir.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# SPREYTIR SIG Á BÚNINGAHÖNNUN

***ÍSLENSK HÖNNUN** Gunnhildur Stefánsdóttir fatahönnuður mun hanna búninga á persónur í nýju leikriti Skoppu og Skrítlu í vetur. Hún kom sér nýlega fyrir á Skólavörðustígnum með merkið sitt Gamm.*

**GAMMUR AFTUR Í BÆINN** Gunnhildur Stefánsdóttir fatahönnuður hefur komið sér fyrir á Skólavörðustíg 1a ásamt Ernu Óðinsdóttur í Kurl Project og Hönnu Hlíf Bjarnadóttur myndlistarkonu. MYND/STEFÁN

Þetta er mjög spennandi verkefni og ótrúlega skemmtilegt. Ég gæti alveg hugsað mér að gera meira af þessu," segir Gunnhildur Stefánsdóttir fatahönnuður þegar Fólk spyr hana frétta. Hún mun hanna búninga á allar persónur í nýju leikriti Skoppu og Skrítlu, sem fer á fjalirnar í Borgarleikhúsinu fyrir næstu jól.

„Ég gerði á þær nýja kjóla fyrir jóladagatalið síðasta vetur og er að sauma á þær nýja undirgalla núna. Þetta er svo allt annað en ég hef fengist við áður og fer algerlega út fyrir minn ramma að hanna á svona litríkar ævintýraverur," bætir hún við. Hún segist þó reyna að stíga út fyrir þægindarammann í fatahönnun sinni en Gunnhildur hannar kvenfatnað undir merkinu Gammur.

„Ég hef mjög gaman af því að hanna flíkur sem hægt er að breyta og binda upp á mismunandi vegu og reyndar þróast flíkin yfirleitt í allt aðra átt en hún stefndi í hjá mér þegar ég hefst handa. Ég reyni að leika mér með liti og fantasíur í efnum og munstrum þó að svart sé oftast undirtónninn. Mér finnst einna skemmtilegast í öllu ferlinu að sjá hvernig hver og ein flík þróast. Það er svo gaman að vinna á þann veg og einskorða sig ekki við ákveðna hugmynd. Ætlaði mér inn á miklu hefðbundnari línu í upphafi þegar ég byrjaði með Gamm."

Gunnhildur framleiðir ekki fleiri en fjögur stykki af hverri flík. Hún sér um framleiðsluna sjálf á vinnustofu sinni heima og heldur úti vefsíðunni www.gammur.is. Nýlega opnaði hún verslun á Skólavörðustíg ásamt fleirum.

„Það er gaman að vera komin aftur niður í bæ með búð. Ég byrjaði á Hverfisgötunni fyrir þremur árum en þurfti að hætta um tíma. Nú hef ég komið mér fyrir á Skólavörðustíg 1a, ásamt Kurl Project og Hönnu Hlíf myndlistarkonu. Við opnuðum síðustu helgi," segir Gunnhildur. „Við verðum með einhverja skemmtilega uppákomu fyrsta fimmtudag í mánuði. Ég ætla til dæmis að kynna nýja flík og samstarfskonur mínar munu líka gera eitthvað sniðugt. Þessa daga ætlum við að hafa opið fram eftir, bjóða upp á léttar veitingar og hafa gaman."

■ heida@365.is

# FARMERS MARKET OG BRITISH MILLERAIN Í SAMSTARF

*Skútustaðir eru heiti á nýjustu vöru Farmers Market, útivistarjökkum sem unnir eru í samstarfi við British Millerain.*

Íslenska fatahönnunarfyrirtækið Farmers Market er komið í samstarf við breska framleiðandann British Millerain. Fyrstu vörurnar eru útivistarjakkar úr vaxborinni bómull en British Millerain hefur frá árinu 1880 þróað vatnsvarin efni fyrir sjómenn.

Fyrirtækið er í fremstu röð þegar kemur að vaxbornum bómullarefnum í útivistarfatnað og er meðal annars í samstarfi við merki eins og Barbour, Belstaff og Timberland.

Bergþóra Guðnadóttir fatahönnuður setti Farmers Market á fót árið 2005 og segir frábært að vera komin í samstarf við þetta rótgróna breska fyrirtæki.

Hönnun Farmers Market dansar gjarnan á mörkunum þar sem fortíð mætir nútíð og sveitin mætir borginni að sögn Bergþóru og við hönnun jakkanna var innblástur sóttur í inúítaklæði norðurslóða og skoska fjallarómantík og til íslenska sjómannsins fyrr á öldum.

Útivistarjakkarnir hafa fengið nafnið Skútustaðir og koma í verslanir í dag.



*Nánar má forvitnast um hönnun Farmers Market á www.farmersmarket.is*









# PLASTIÐNAÐUR

FIMMTUDAGUR 20. JÚNÍ 2013

Kynningarblað



## Létt og slitþolið efni

Guðmundur Arason ehf. flytur inn hágæða iðnaðarplast 3

## Heildarlausnir í hálfa öld

Sigurplast er í fremstu röð þegar kemur að framleiðslu og innflutningi plastumbúða 2

## Allt frá innréttingum yfir í óróa

Í sumarbyrjun sameinuðust fyrirtækin Merking ehf. og Format Akron ehf. undir nafninu Merking Format 3

# Nýtt hlutverk

**Plast nýtist ekki aðeins í sínu upprunalega formi því það getur eignast framhaldslíf eftir að hefðbundnu hlutverki þess lýkur.**


Afskorin gosflaska getur þjónað hlutverki gróðurhúss utan um græna sprota.

# Pokar og plast fá annað hlutverk

**Plastpoka og plastílát ýmiss konar má nota til margvíslegra hluta þegar hefðbundnu hlutverki þeirra lýkur. Poka má til að mynda klippa niður í lengjur og hekla úr þeim töskur og mottur og flöskur og brúsar geta breyst í hirslur undir smáhluti og jafnvel í lítil gróðurhús. Á Pinterest má finna óteljandi hugmyndir að sniðugum hlutum úr gömlu plasti.**


Þeir sem eru slungnir með heklunálina geta snarað fram inniskóm úr gömlum plastpokum.


Stórsniðugt fóðurbúr fyrir fugla úr plastflösku og trésleifum sem hengja má upp í tré.


Gamall djúsbrúsi verður að garðkönnu með lítilli fyrirhöfn.


Sjálfvökvandi blómapottar úr flöskum sem búið er að skera í tvennt og stinga stútnum ofan í botninn.

# Heildarlausnir í hálfa öld

**Þegar kemur að framleiðslu og innflutningi plastumbúða er Sigurplast í fremstu röð. Fyrirtækið hefur þjónað landsmönnum í rúmlega hálfa öld með góðum árangri. Flestir starfsmenn Sigurplasts hafa starfað hjá fyrirtækinu í áratugi og búa yfir mikilli þekkingu sem nýtist viðskiptavinum vel.**

Sigurplast er gamalgróið og leiðandi umbúðafyrirtæki sem hefur starfað hérlendis í rúmlega hálfa öld. Fyrirtækið hefur alla tíð boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbreyttar heildarlausnir í umbúðamálum, hönnun og dreifingu. Fyrir nokkrum árum skipti fyrirtækið um eigendur og í dag er framkvæmdastjóri þess Ragnar I. Pétursson. Hann segir rekstur félagsins hafa alla tíð gengið vel þótt smá hiksti hafi komið á reksturinn kringum hrunið. „Meginstarfsemi Sigurplast hefur alla tíð verið í framleiðslu og innflutningi á plastumbúðalausnum, þá helst fyrir matvælaframleiðendur hérlendis en einnig fyrir fjölda smærri aðila. Við höfum meðal annars framleitt plastumbúðir fyrir flest helstu matvælafyrirtæki landsins eins og Vogabæ, Gunnars og Kjarnavörur. Sigurplast hefur einnig framleitt og merkt umbúðir utan um hið fræga SS pylsusinnep sem allir Íslendingar þekkja auðvitað og nánast allar grillsósur sem landinn kaupir yfir sumarið.“

Fyrir utan matvælageirann framleiðir Sigurplast einnig umbúðir fyrir lyfjaiðnaðinn hérlendis og má þar meðal annars nefna fyrirtæki eins og Lýsi og Actavis. „Svo má ekki gleyma einum af elstu viðskiptavinum Sigurplasts sem er Mjöll Frigg en við höfum séð um umbúðaframleiðslu fyrir hreinlætisvörur þeirra í marga áratugi.“ Plastpokar eru ein af þeim lausnum sem Sigurplast framleiðir en um er að ræða poka úr efninu sellófan sem notaðir eru sem gjafaumbúðir en einnig sem umbúðir utan um íslensku páskaeggin frá Nóa Síríus.


Sigurplast býður viðskiptavinum upp á fjölbreyttar heildarlausnir í umbúðamálum, hönnun og dreifingu. MYND/VALLI

## Reynslumiklir starfsmenn

Framleiðsla fyrirtækisins fer fram í Mosfellsbæ en þangað flutti fyrirtækið starfsemi sína árið 1990. „Fyrir utan eigin framleiðslu er innflutningur fyrirtækisins mikill og er stöðugt að aukast. Hann nálgast nú um þriðjung veltu fyrirtækisins. Einnig má nefna að við flytjum inn mikið magn tappa sem notaðir eru á ýmsar gerðir af flöskum, auk þess að flytja inn allt frá 30 lítra fötum niður í 150 millilítra fötur en salan á þeim eykst stöðugt.“

Starfsfólk Sigurplasts hefur flest unnið hjá félaginu í mörg ár og jafnvel áratugi í sumum tilvika. Sú mikla reynsla skilar sér að sögn Ragnars í mikilli þekkingu á plastumbúðum bæði fyrir matvöru og efnafyrirtæki. „Svo má geta þess Sigurplast endurnýtir allt hráefni sem fellur til við framleiðsluna og við hendum engum úrgangi. Úr þessu hráefni hafa til dæmis verið framleiddar kúlur sem notaðar eru í gólfplötur í stórum byggingum eins og tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu.“

Nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Sigurplasts má finna á www.sigurplast.is.

SIGURPLAST - umbúðir

# Allt frá innréttingum yfir í óróa

Nú í sumarbyrjun sameinuðust fyrirtækin Merking ehf. og Format Akron ehf. undir nafninu Merking Format. Aðalsmerki fyrirtækisins er að veita viðskiptavinum sínar sérsniðnar heildarlausnir þar sem hönnun, efnissala og framleiðsla fer fram á einum og sama staðnum.

Hönnun, efnissala og framleiðsla á einum stað tengir saman Merkingu og Format, því það sem við hönnum og teiknum getum við einnig framleitt að mestu," segir Pétur Ingi Arnarson framkvæmdastjóri um hið nýsameinaða fyrirtæki.

„Markmið okkar er veita viðskiptavinum heildarlausnir sem eru sérsniðnar að þeirra þörfum. Samspil fagurrar hönnunar og fullkominna framleiðslutækja gerir okkur kleift að framleiða vörur með mjög öruggum hætti; allt frá flóknum innréttingum yfir í skiltagerð fyrir fyrirtæki og einfalda óróa í glugga," útskýrir Pétur Ingi.




Merking Format vinnur ekki eingöngu hluti úr hinum ýmsu tegundum plasts heldur einnig úr pappa, „reboard", krossviði, mdf-plötum og stáli.

„Tækjabúnaðurinn er afburðagóður og tölvustýrðir fræsarar og laser-skurðarvél í aðalhlutverki. Við getum einnig beygt og formað plasttegundir í þar til gerðum hitabeygjuvélum og ofni," upplýsir Pétur Ingi.

Fyrirtækið á í góðu samstarfi við fjölda hönnuða og arkitekta þegar kemur að vöruþróun og framleiðslu á þeirra vörum.

„Með því að sameinast Merkingu getum við nú boðið upp á pakkningar úr bylgjupappa fyrir vörur sem við framleiðum og auk þess prentað myndir og grafík beint á plexigler. Það er afar skemmtileg vinnsla og gefur aukna möguleika á fjöldaframleiðslu smáhluta og fleira," segir Pétur Ingi.

Mörg stærri verkefni Merkingar Formats snúast um sjálfsafgreiðslu í verslunum.

„Þar framleiðum við til dæmis nammibari, bakarí og blaðarekka. Verkefnin eru eins mismunandi og þau eru mörg og taka þarf tillit til ólíkra þátta ef vel á að takast til. Velja þarf réttu efnin og hanna traustar vörur sem þola þá umgengni sem ætlast er til. Við erum reynslumiklir í þessum geira og höfum hannað fjöldann allan af úrlausnum sem reynst hafa vel," segir Pétur Ingi.

Efnissala er stór hluti vöruframboðs Merkingar Formats og í boði fjölmargar tegundir og þykktir af plexigleri og skyldum plasttegundum. Hægt er að kaupa plötur í heilu lagi eða niðursagaðar eftir óskum, og einnig plaströr og öxla.




Pétur Ingi Arnarson er framkvæmdastjóri Merkingar Formats þar sem möguleikar á hönnun, efnisvali og framleiðslu eru nær takmarkalausir. Á gula spjaldinu má sjá hönnun sem er nákvæmt útskorin í laser-skurðarvél. MYNDIR/ANTON

„Stór hluti okkar verkefna hefur einnig snúist um framleiðslu og umsjón með uppsetningu á hinum ýmsu sýningum. Má þar nefna Upplýsingamiðstöð Þjóðgarðsins í Ásbyrgi, Gljúfrastofu og 200 ára afmælissýningu um Jón Sigurðsson, sem sett var upp á Hrafnseyri," útskýrir Pétur Ingi.

Sameiginlegur starfsmannafjöldi Merkingar Formats verður um 37 manns og ársvelta um 500 milljónir. Fram í september verður starfsemi Formats Akron óbreytt að Gjótuhrauni 3 í Hafnarfirði. Þá mun öll starfsemi sem tengist sölu og vinnslu á plexigleri og plastefnum flytjast í hús Merkingar að Viðarhöfða 4 í Reykjavík.

Sjá meira á **www.merking.is** og **www.format.is**.



Lególand er byggt úr meira en 60 milljónum legókubbum sem gerðir eru úr plasti.

## *Lególand 45 ára*

Lególand er einn þekktasti skemmtigarður í Danmörku og vinsæll hjá fólki á öllum aldri, ekki síst börnunum. Í Lególandi er bæði margt að sjá og gera þannig að það þarf að minnsta kosti heilan dag til að upplifa sem mest.

Lególand er byggt úr meira en 60 milljónum legókubbum sem gerðir eru úr plasti. Margir Íslendingar hafa heimsótt þennan skemmtilega garð en stutt er frá flugvellinum í Billund í garðinn.

Í garðinum er fjöldi veitingahúsa þar sem gott er að tylla sér niður á milli þess sem skoðað er. Auk þess er þar hótel Legoland sem er ævintýri líkast fyrir börnin. Hótelið er í miðju ævintýralandinu.

Í Lególandi má sjá heilu borgirnar sem byggðar eru úr plastkubbum en ekkert hefur verið til sparað til að gera þessa smáveröld sem eðlilegasta. Í garðinum er hægt að fara í lest, sigla á bát, aka bíl og skoða mörgæsir og vísindatæki. Þá eru margvísleg skemmtitæki sem öll börn kunna að meta. Lególand er fullkomin ævintýraveröld og hugmyndaflugið óþrjótandi.

Lególand opnaði 7. júní 1968 og er því 45 ára á þessu ári. Garðurinn hefur vaxið mikið á undanförnum árum. Hugmyndin varð til árið 1960 þegar Legó-kubbarnir höfðu náð miklum vinsældum um allan heim. Ferðamenn streymdu til verksmiðjunnar til að skoða þessa flottu kubba. Um 20 þúsund gestir komu árlega í Legó-verksmiðjuna áður en garðurinn var opnaður.

# Létt og slitþolið efni

Guðmundur Arason ehf. flytur inn þrenns konar plastefni. Iðnaðarplast frá gæðamerkinu Quadrant í Belgíu, PVC-plastplötur frá VEKA í Þýskalandi og ýmiss konar plast í byggingariðnað.

Guðmundur Arason ehf., eða GA Smíðajárn, er rúmlega fjörutíu ára fjölskyldufyrirtæki. Það hefur lengst af sérhæft sig í innflutningi og sölu á járni og stáli en hin síðari ár hefur fyrirtækið einnig boðið upp á önnur hágæðaefni á borð við plast af ýmsu tagi.

„Við höfum nýlega hafið samstarf við belgíska fyrirtækið Quadrant um innflutning á iðnaðarplasti á borð við pólýetýlen og POM. Quadrant, sem varð nýlega hluti af Mitsubishi-samsteypunni, er leiðandi á sviði hátækni-plastefna," segir Þórhallur Óskarsson, sölustjóri hjá Guðmundi Arasyni.

„Iðnaðarplastið er notað í framleiðslu á fiskvinnsluvélum og hefur yfir að búa ýmsum sérstökum eiginleikum. Efnið er bæði létt og slitþolið, auk þess sem auðvelt er að þrífa það," upplýsir Þórhallur en viðskiptavinir fá efnið afhent í plötum sem þeir síðan vinna úr.

Þórhallur segir miklar framfarir hafa orðið í vinnslu plastefna undanfarin ár, sérstaklega í iðnaðarplasti. „Þar má líkja því við hátækniiðnað en fólkið hjá Quadrant vinnur til dæmis að því að finna lausnir og reyna að þróa plastefni til sérhæfðra verka," segir hann en viðskiptavinir Guðmundar Arasonar geta sérpantað iðnaðarplast hjá fyrirtækinu.



Þórhallur Óskarsson sölustjóri hjá Guðmundi Arasyni ehf. segir miklar framfarir hafa orðið í vinnslu plastefna. MYND/ANTON

### Á veggi í matvælafyrirtækjum

Guðmundur Arason flytur inn PVC-plast frá VEKA í Þýskalandi. „PVC-efnið hefur verið notað í auknum mæli undanfarið. Þetta eru hvítar plötur sem eru mjög vinsælar í hin ýmsu rými þar sem hreinlæti þarf að vera í fullkomnu lagi," segir Þórhallur og nefnir þar fyrirtæki í matvælavinnslu, allt frá frystitogurum til kjúklingasláturhúsa. „Plöturnar eru notaðar sem veggklæðningar. Þær eru auðvelt að þrífa og þola öll hreinsiefni," segir hann. PVC er einnig notað í margt annað. Til dæmis í skiltagerð og í klæðningar á svalir, enda þykir efnið þykir henta mjög vel í slíkt þar sem það er viðhaldsfrítt.

Að lokum er Guðmundur Arason einnig með plast fyrir byggingaiðnað. Þar má nefna ylplast sem notað er í gróðurhús og sólskála og glært báruplast. „Það hefur sama form og gamla góða bárujárnið og er oft notað í loft á stórum skemmum og jafnvel í gróðurhús."

Hjá fyrirtækinu starfa um 20 manns en starfsstöðvar fyrirtækisins eru að Skútuvogi 4 og Rauðhellu 2, auk þess sem rekin er söluskrifstofa á Akureyri. Nánari upplýsingar má finna á **www.ga.is** og í síma 568-6844.



## PLAST TIL GÓÐRA VERKA

Pokasjóður fær tekjur af sölu plastburðarpoka í verslunum. Pokasjóður hét áður Umhverfissjóður verslunarinnar og úthlutaði styrkjum til verkefna sem heyrðu undir almannaheill, svo sem umhverfismál, menningarmál, listir, íþróttir og mannúðarmál.

Stjórn Pokasjóðs hefur ákveðið að hætta hefðbundnum úthlutunum en setja þess í stað fjármuni í tækjakaup fyrir sjúkrastofnanir landsins og fleira. Pokasjóður mun því ekki lengur auglýsa eftir umsóknum um styrki en hafi einstaklingar eða hópar góðar hugmyndir um verkefni er þeim frjálst að fylla út umsóknareyðublað sem finna má á heimasíðu sjóðsins.

Eftirtaldar verslanir standa að Pokasjóðnum: ÁTVR, Bónus, Hagkaup, Kaskó, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík, Kaupfélag V-Húnvetninga á Hvammstanga, Melabúðin, Nettó, Samkaup Úrval, Samkaup Strax og Þín verslun á Seljabraut.

*Heimild: www.pokasjodur.is*



## ENDURVINNSLA Á PLASTI

**Á síðastliðnum** fjörutíu árum hefur orðið mikil vakning á endurvinnslu og umhverfisvernd. Mikil tæknivæðing og betra upplýsingaflæði eru talin vera ástæðan fyrir því að u.þ.b. 80% allra plastumbúða í Bandaríkjunum skila sér til endurvinnslustöðva og prósentan fer einnig hækkandi hér á landi. Hægt er að endurvinna flestar tegundir plasts. Hægt er að sjá tegund plastsins á umbúðunum en þá er endurvinnslumerkið með tölu í miðjunni frá einum upp í sex. Þær umbúðir sem merktar eru á þann máta eru endurvinnsluhæfar, aðrar ekki. Hægt er að fara með plast til endurvinnslu í Sorpu.

## NOKKRAR STAÐREYNDIR UM PLAST

- Orðið plast er komið af gríska orðinu „plasticos“ sem þýðir: má auðveldlega móta.
- Náttúruleg plastefni, eða lífrænar fjölliður, má meðal annars finna í dýrabeinum, hornum, steingerðri trjákvoðu furutrjáa, trjákvoðu ýmissa hitabeltistrjáa og í býflugnavaxi.
- Það tekur eina plastflösku um 450 ár að brotna niður í náttúrunni.
- Í eina flíspeysu þarf að endurvinna um 25 plastflöskur.
- Um tíu prósent af heimilisrusli eru plast, þar af eru plastflöskur um 40 prósent.
- Innkaupapokinn klassíski var fundinn upp af sænska verkfræðingnum Gustaf Thulin snemma á sjöunda áratugnum. Thulin hannaði pokann fyrir fyrirtækið Celloplast í Norrköping í Svíþjóð en einkaleyfi fékkst fyrir pokanum árið 1965.






## Hjólhýsi



Hjólhýsi með fortjaldi til sölu. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 893-2696/897-2696.

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í Lancer 1,6 station ,97 1300 árg.'00.MMC Carisma ,98, Kia Rio ,01, primera ,98. Baleno Wagon ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,'98, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98, ,99. Impreza ,97 & ,99. Legacy ,98. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Sunny ,94. S. 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

## Bátar



Til sölu 12 volt utanborðsmótor (með löngum legg) + rafgeimir. Verð 55 þús. S. 892 3334.

## Bílaþjónusta

GB TJÓNAVIÐGERÐIR

Gæðavottað réttingar og málningarverkstæði Tjónaskoðun. Bílaleiga

GB Tjónaviðgerðir ehf. Dragháls 6-8 - 110 Rvk

S: 567-0690

tjon@tjon.is • www.tjon.is

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Barnaheill

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur • Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.

**Viðrar vel til veisluhalda?**

Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.

550 9800

Tjaldaleiga skáta

Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.

---

TOPP HESTAR

HESTALEIGA

Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös., allan daginn frá kl. 9-16 með fæði. Aldur 5-12 ára.

Reiðkennari: Lárus Sindri

Uppl. í s. 557 2208 & 895 3588

---

**Flugnanet fyrir glugga og hurðir**

Varanleg lausn fyrir heimilið og sumarhúsið.
Snyrtilegt og sérsmíðað eftir máli.

SBD ehf. Sími 895-9801
oskar@sbd.is – www.sbd.is

---

- Almenn raflagnaþjónusta
- Nýlagnir
- Teikningar
- Endurnýjun á eldra húsnæði
- Dyrasímaþjónusta

RAFRÓS
Löggiltur rafverktaki
S: 544 4099 - 893 5565

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

---

**VARAHLUTIR**

Iveco • Benz • Man • Renault

*Varahlutaþjónusta*

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

---

**Iveco**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

---

**SPARAÐU BENSÍN!**

Metan uppfærðu bílinn þinn

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða

bigas

VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

---

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is

---

Glæsilegu vörurnar frá Vanity Fair

Vanity Fair

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

Erum á Facebook

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

PALLAR.IS

Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar

SALA LEIGA

altrex

KVARNIR Akralind 8

► www.kvarnir.is ► Sími: 564 6070

---

CMT ORANGE TOOLS

CMT sagarblöð og fræsitennur

Ásborg vélar verkfæri

Smiðjuvegi 11 S 5641212

---

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist Parketlagnir og viðhald

---

www.facebook/gottbón

GOTT BÓN

ÓDÝRT EN GOTT

Sækjum • Bónum Skilum

Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

---

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf

alhliða bílaviðgerðir

Tímapantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

---

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fellihýsi






Palomino Colt árgerð 2005 Mjög gott eintak. Sólarsella, ískápur, truma-miðstöð, 2 gaskútar og grjótgrind. Eggjabakkadýnur og svefntjöld. Ný yfirfarið og alltaf geymt inni. Tilboðs verð: 750.000,- stgr. Uppl. í s. 825 5802.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




GARÐLIST 554 1989




**GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

**20% AFSLÁTTUR FYRIR ELDRI BORGARA.**

Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, þökulagnir, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. s. 777-8100.

Sælugarðar.is
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði
- Öll garðvinna

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**

Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**EINSTAKLINGAR/HÚSFÉLÖG**

Málningar þak og sprungu viðgerðir. Uppl. í síma 854 0222 flottverk@hotmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna Volkova.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**Uppsteypa mannvirkja.**

**Dynkur ehf**

**S. 894 2454 Ragnar**

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

Til sölu eru: búslóð, garðhúsgögn, garðáhöld og stór stofublóm. Upplýsingar í síma 896 5656.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, ísskápar, þurrkara, uppþvottavélar, Ford Explorer ,96 nýskoðaður ,14, frystikista, frystiskápur, eumenia með þurrkara, eldavélar, hjólastóll, video, reiðhjól, þríhjól, hlaupahjól, mikið af ódýrum dekkjum og felgum S. 896 8568.





**NÝJAR VÖRUR**
Frábær verð, kjóll á mynd 4.990, Bolur á mynd 4.990. Mikið úrval af töskum. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Vélar og verkfæri




## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð!! Tökum millifærslu og greiðslukort. NÝTT kortatímabil. Við sendum um allt land www.hush.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Við kennum þér að fljúga Flugkennsla síðan 1964 Sími 5510880 / 8959028 Flugskóli Helga Jónssonar

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Til sölu íslenskur fjárhunds hvolpur með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í S. 821 6041

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




Heimavík ehf. S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 herb. íbúð á jarðhæð til leigu í vesturbæ Kópavogs. Reykleysi og reglusemi áskilin. Uppl. í s. 864 0561 & 554 0561.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4 herb. Íbúð helst í Grafarvogi til leigu frá 1 september ath leita eftir langtímaleigu Meðmæli ef óskað er Uppl. í síma 772-6658.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 661 8216.

## Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNARHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlagegi 6 og 8 (gamla Toyotahúsinu) Til leigu 150 - 2000 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**51,6 M2 FRÍSTUNDABIL TIL SÖLU**
Eitt bil af þessari eftirsóttu stærð er til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GÓÐ SÖLUKONA ÓSKAST**
Óskum eftir GÓÐRI sölukonu í tískufataverslun okkar sem fyrst. Um fullt starf er að ræða. Æskilegt að viðkomandi sé með reynslu af verslunar- og sölustörfum og hefur brennandi áhuga á tísku. Rík þjónustulund, jákvætt viðmót og verður að geta starfað sjálfstætt. Ef þú ert heiðarleg, hress og kemur vel fyrir og hefur áhuga á þessu starfi þá
**endilega sendu okkur umsókn á: tiskufataverslun@gmail.com**

**GARÐYRKJUFYRIRTÆKI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
óskar eftir hraustum starfsmönnum í fullt eða hlutastarf í sumar - mikil vinna í boði. Reynsla af trjáklippingum æskileg.
**Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjendur sendist á: gardyrkjumenn@gmail.com**

Tapas Barinn is hiring a dishwasher full time. Information at Tapas Barinn every day between 14:00 and 18:00. Tapas Barinn Vesturgata 3

Óskum eftir starfsmanni í hlutastarf í eldhús og sal. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

**ERT ÞÚ FÍNN KOKKUR?**
Nýr staður opnar í miðbænum þann 4.júl og vantar okkur kokka á staðinn í 100% vinnu. Sendið fyrirspurnir á vallisverriss@hotmail.com eða í síma 771-7171

Smiðir og verkamenn óskast, á höfuðborgarstæðinu og í keflavík. Góð verkefni. Uppl. Halli 894 0048/Arnar 771 8141.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**AÐALFUNDUR FÉLAGS ÁHUGAMANNA UM STJÖRNULÍFFRÆÐI VERÐUR HALDINN ÞANN**
**27. JÚNÍ 2013 KL. 20.00 AÐ SKIPHOLTI 37, 105 REYKJAVÍK.**
Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 4. og 5. gr. félagsins.
2. Önnur mál.

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur o live spjall
908-6000 • 535-9999

Karlmaður með góða aðstöðu til stefnumóta kvölds og nætur vill kynnast samkynhneigðum eða tvíkynhneigðum karlmanni, 35-45 ára. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8954.

**KONA, LEITAR ÞÚ ÁSTAR?**
Tilbreytingar? Afþreyingar? Ertu nuddari? Auglýstu frítt. Rauða Torgið, s. 555-4321

**ERT ÞÚ NUDDKONA?**
Íslenskar nuddkonur auglýsa frítt á Rauða Torginu Stefnumót, s. 535-9922.

## Atvinna

**SMIÐIR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
s. 777 2 333

**VERKAMENN**
ERUM MEÐ VANA VERKAMENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
s. 777 2 333

## Styrkir




Stjórn Styrktarsjóðs Samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns auglýsir eftir umsóknum til tónleikahalds í Hörpu árið 2014.

Veittir verða styrkir til tónlistarmanna og /eða tónlistarhópa.

**Umsóknarfrestur er til 19. ágúst 2013.**

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu sjóðsins: http://styrktarsjodursut.is/

Úthlutað verður í byrjun september í Hörpu.

## til sölu



# Fræg hönnun til sölu!

**B3 "Wassily" Tubular Arm chair. Hannaðir fyrir Bahaus árið 1926 af hinum fræga og virta hönnuði, Marcel Breuer**

**Ófáanlegir nýir á Íslandi í dag en kostuðu 377.000 kr. stykkið síðast þegar þeir fengust í Epal.**

**Raunhæf tilboð óskast en lágamarksverð er 275.000 kr fyrir báða eða 150.000 annan.**

**Upplýsingar í síma 857-3503**

## Fasteignir

**Álfabrekka 2**
200 Kópavogur
Mikið endurnýjað einbýli

Stærð: 243, fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1971
Fasteignamat: 52.400.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind




**Fimmtudaginn 20. júní kl 17:30-18:00** | **Verð: 64.600.000**

Fallegt 243fm einbýlishús með fallegu útsýni og stórum timbur veröndum og skjólveggjum. Stórar samliggjandi stofur,parketlagðar með útgengi á verönd allan hringinn í kringum húsið. Heitur pottur. Eldhús: Nýleg innrétting og vönduð tæki. Baðherbergi, flísalagt með fallegri innréttingu. Hjónasvíta með baðherbergi og fataherbergi innaf. Sér sjónvarpsstofa. Möguleiki er að gera aukaíbúð með sér inngangi á neðsta palli hússins. ATH:Vegna vegavinnu við Álfabrekku er aðgengi einungis frá Nýbýlavegi.



Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

## Fasteignir

# NÚPALIND 6 - 201 KÓP.

OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 20. JÚNÍ
KL. 17:30 OG 18:00



Virkilega falleg 95,7 fm. 3ja herbergja íbúð á 5. hæð í afar vel viðhöldnu lyftuhúsi. Yfirbyggðar, flísalagðar suðvestursvalir með frábæru útsýni. Stæði í bílageymslu fylgir eigninni. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Nuddbaðkar og sturtuklefi inni á baðherbergi. Stutt í alla þjónustu. Sameign afar snyrtileg. **V. 30,9 millj. Þórarinn s. 770-0309**

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS**



# MELABRAUT

**170 Seltjarnarnesi**



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
sölufulltrúi
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

- Góð 103 fm neðri sérhæð
- 19 fm bílskúr, alls 122 fm.
- 4 góð svefnherbergi
- Útgengi í garð
- Frábær staðsetning

Verð: **36,8 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Lækjasmári 15, íbúð 201



**OPIÐ HÚS**
**Fimmtud. 20. júní 17:30 - 18:00**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

4ra herbergja
Stæði í bílageymslu fylgir eigninni
100% yfirtaka, hagstæð lán frá ILS
Greiðslubirgði á mánuði ca. kr 170.þús.

Verð: **30,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Litlikriki 33 - Mosfellsbær




Glæsileg og mjög vönduð 281,9 fm sérhæð á tveimur hæðum og með innbyggðum bílskúr í flottu hverfi í Mosfellsbæ. Eignin skiptist þannig: anddyri, hol, sjónvarpsherbergi, tvö baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi, fjögur góð herbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 20. júní milli kl. 17:30 og kl. 18:00.** V. 55 m 1148

## Nesvegur 53 - 3ja með sérinngang




Góð 69 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang og útgengi úr stofu í fallegan suður garð. Gengið er niður nokkrar tröppur að framanverðu en suðurhliðin er ekki niðurgrafin. Íbúðin er laus strax við kaupsamning. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 20. júní milli kl. 17:30 og kl. 18:00.** V. 22 m. 2886

## Ægisgata 5 - efsta hæð




Glæsileg 3ja herbergja 84,8 fm íbúð á 5. hæð(efstu) í nýlegu lyftuhúsi. Sér inngangur er af svölum. Glæsilegt útsýni. Bílskýli fylgir. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 20. júní milli kl. 17:30 og kl. 18:00.** V. 38 m. 2883

## Grandavegur 40 - einbýli




Mjög gott og mikið endurnýjað enbýli í vesturbænum. Húsið er skráð 77,4 fm. Húsið hefur verið mikið endurnýjað m.a. bárujárn utanhúss, gluggar, gólfefni ofl. . **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 20. júní milli kl. 17:30 og kl. 18:00.** V. 25,2 m. 2887

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

## atvinna




### Tæknistjóri Hörpu

Tæknistjóri er yfirmaður tæknisviðs og hefur yfirumsjón með tæknimálum Hörpu. Tæknistjóri þarf að geta unnið óreglulegan vinnutíma.

**Starfssvið**

- Ber ábyrgð á tæknimálum Hörpu.
- Ber ábyrgð á að skipuleggja vinnu tæknimanna í samvinnu við skipulagsstjóra.
- Tæknileg þarfagreining, tilboðsgerð og uppgjör.
- Ber ábyrgð á viðhaldi og endurnýjun búnaðar.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit fyrir tæknisvið.
- Tæknistjórn viðburða og ráðstefna.
- Samskipti við viðburðahaldara.
- Gerð samninga við undirverktaka í samvinnu við yfirmenn tæknisviða.
- Önnur verkefni á tæknisviði.

**Hæfniskröfur**

- Yfirgripsmikil þekking á tæknimálum og reynsla af umsjón ráðstefna, tónleika og annarra viðburða.
- Reynsla af stjórnun.
- Skipulagshæfni og færni til að sjá um krefjandi verkefni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

Umsóknarfrestur er til 28. júní 2013.
Umsóknum skal skilað til Huldu Kristínar **huldakristin@harpa.is**. Þeim skal fylgja ítarleg ferilskrá, mynd og kynningarbréf með ástæðum umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.





# Fáðu okkur í símann þinn!

**Sæktu þér nýja appið í snjallsímann þinn og hlustaðu á FM957, Bylgjuna og X977 hvar og hvenær sem er.**

Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

BYLGJAN 989 · FM957 · X977

# Borgarferðir

*í haust*





## Madrid
10.-13. okt.

**Frá aðeins 99.800**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Florida Norte, 10. okt. í 3 nætur.



## Barcelona
1.-5. nóv.

**Frá aðeins 103.200**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Hotel Catalonia Atenas. 1. nóv í 4 nætur.



## Sevilla
24.-27. okt.

**Frá aðeins 103.900**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Hotel Catalonia Giralda í 3 nætur.



## Budapest
3.-7. okt.
23.-27. okt.

**Frá aðeins 98.200**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur. Hotel Novotel Centrum, 23. október í 4 nætur.



## Prag
26.-30. sept.
10.-14. okt.

**Frá aðeins 88.900**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Ilf, 26. sept í 4 nætur.



## Ljubljana
17.-21. okt.

**Frá aðeins 99.900**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Hotel Park, 17. október í 4 nætur.



## Róm
10.-14. okt.
31. okt. - 4. nóv.

**Frá aðeins 126.700**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Hotel Torino, 31.okt í 4 nætur.



## Bratislava
17.-21. okt.

**Frá aðeins 94.800**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Hotel Color, 17. október í 4 nætur.



## Vínarborg
17.-21. okt.

**Frá aðeins 99.900**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Hotel Airo Tower, 17. október í 4 nætur.



## Kraká
12.-16. sept.
3.-7. okt

**Frá aðeins 99.900**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði. Hotel City, 3. okt. í 4 nætur.

***– ávallt á hagstæðu verði!***

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM55147





## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Við skulum alltaf hittast með bros á vör því brosið er upphafið að ástinni.“**

*Móðir Teresea*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT: 2.** blikk, **6.** tímaeining, **8.** húsfreyja, **9.** meðal, **11.** ekki, **12.** báts, **14.** umstang, **16.** mun, **17.** þunnur vökvi, **18.** skörp brún, **20.** átt, **21.** réttur.

**LÓÐRÉTT: 1.** loga, **3.** hvort, **4.** fargið, **5.** þreyta, **7.** heimilistæki, **10.** húðsepi milli táa, **13.** erfiði, **15.** naumur, **16.** ílát, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** depl, **6.** ár, **8.** frú, **9.** lyf, **11.** ei, **12.** skips, **14.** stúss, **16.** ku, **17.** lap, **18.** egg, **20.** na, **21.** ragú.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ef, **4.** pressan, **5.** lúi, **7.** ryksuga, **10.** fit, **13.** púl, **15.** spar, **16.** ker, **19.** gg.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Carlsen vann Anand í fimmtu umferð minningarmótsins um Tal. Skemmtilegasta viðureign umferðarinnar var hins vegar skák Gelfands og Morozevich.**



**Hvítur á leik** Gelfand lék hér 30. Hxf5! Skákin tefldist 30...gxf5 31. d7 Hf8 32. Dg3+ Kh8 33. Dd6! Svartur gafst upp þar sem hann getur ekki varist hótunum hvíts t.d. 30...Dxd6 31. Rxd6 sem hótar bæði 32. Rxf7+ og 32. Re8.

**www.skak.is.** Skákhátíð á Ströndum hefst á morgun. Enn er hægt að skrá sig.

HÁMARK
3 PK
Á MANN

netto
Kræsingar & kostakjör

# MEGATILBOÐ
## Á PAMPERSBLEIUM
## VERÐ 1498KR




- Pampers BD Jun.11-25kg 45s Eco 5
- Pampers BD Maxi 7-18k 50s Eco 4
- Pampers BD Maxi+ 9-20kg 46s Eco 4+
- Pampers BD Midi 4-9k 56s Eco 3

**Tilboðin gilda 20. - 22.júní**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Geimverurnar lenda á Snæfellsnesi

Geimverulendingin sem aldrei varð á Snæfellsnesi 1993 er til umfjöllunar í leikritinu 21.07, sem frumsýnt verður í Frystiklefanum á Rifi eftir viku. Höfundar og leikendur eru þeir Víkingur Kristjánsson og Kári Viðarsson. Ítarleg heimildarvinna liggur að baki verkinu en Kári segir atburðina hafa haft mikil áhrif á sig, þegar hann var átta ára drengur á Hellissandi og beið eftir heimsendi.

„Þessi atburður hefur alltaf setið í mér og mig hefur lengi langað til að gera leiksýningu um hann,“ segir Kári Viðarsson, sem ásamt Víkingi Kristjánssyni semur og setur upp leiksýninguna 21.07, sem frumsýnd verður í Frystiklefanum á Rifi fimmtudaginn 27. júní.

Verkið fjallar um fræga og undarlega uppákomu sem varð fyrir tæpum tuttugu árum síðan, nánar tiltekið 5. nóvember 1993. Þá hópaðist á sjötta hundrað áhugamanna um geimverur og fljúgandi furðuhluti vestur á Snæfellsjökul til að verða vitni að heimsókn úr geimnum, sem sjáendur víðs vegar um heiminn höfðu séð fyrir. Tímasetning lendingarinnar var nákvæm en gestirnir áttu að lenda á slaginu 21.07 um kvöldið. Íbúar á utanverðu Snæfellsnesi fóru ekki varhluta af þessum viðburði, og þeirri athygli sem hann vakti í innlendum og erlendum fjölmiðlum. Þegar á hólminn var komið létu engar geimverur sjá sig.

Atburðurinn er ljóslifandi í minni Kára; árið 1993 var hann átta ára gamall og bjó á Hellissandi, þar sem dreifibréf var borið í hvert hús og koma geimveranna var kunngjörð.

„Ég man að þetta hafði djúp áhrif á mig á sínum tíma,“ rifjar Kári upp. „Ég var dálítið ímyndunarveikt barn og varð sannfærður um að heimsendir væri yfirvofandi. Fyrir vikið hef ég alltaf haft það á bak við eyrað að gera leiksýningu um þetta mál. Mín sýn var að skoða þetta frá fleiri vinklum en að þetta hafi bara verið fyndin uppákoma heldur gera ólíkum sjónarhornum skil, þar á meðal mínu persónulega sjónarhorni.“

Verkið gerist klukkustundina áður en geimverurnar eiga að lenda.

„Við fáum að kynnast fjölda persóna og upplifum atburðinn með þeirra augum,“ segir Kári. „Þarna fléttast saman sex eða sjö sögur þar sem sjónarhornið breytist eftir því hver á í hlut og viðhorf viðkomandi til þess sem er að gerast.“

Það mæðir mikið á Víkingi og Kára, því þeir leika öll hlutverkin en alls koma á bilinu fimmtán til tuttugu persónur við sögu, sem allar eiga sér raunverulegar fyrirmyndir en margra mánaða heimildarvinna liggur að baki sýningunni.

„Ég tók fullt af viðtölum við fólk sem kom við sögu, bæði heimamenn og fólk sem býr í Reykjavík. Ég fór líka í gegnum gagnasafn RÚV og við fengum heimamenn til að senda okkur efni, ýmist sögur, ljósmyndir eða vídeóupptökur. Sýningin byggir á þessari vinnu en svo auðvitað ýkjum við ýmislegt og stækkum til að búa til núningsfleti og togstreitu fyrir sýninguna.“

Fimm sýningar eru á dagskrá í Frystiklefanum en Kári segir koma til greina að fjölga sýningum ef aðsókn verður góð.

„Ég geri samt ekki ráð fyrir að við sýnum þetta verk oftar en sjö sinnum í sumar.“



**VÍKINGUR KRISTJÁNSSON OG KÁRI VIÐARSSON** Leikritið 21.07 byggir á ítarlegri heimildarvinnu og persónur verksins eiga sér raunverulegar fyrirmyndir.

En á sýningin eftir að fara á flakk?

„Nei, ekki séns. Það er stutt á Rif úr Reykjavík og reynslan hefur sýnt að fólk er reiðubúið að leggja land undir fót til að sjá sýningar í Frystiklefanum. Þessi sýning fer ekki neitt.“

bergsteinn@frettabladid.is



**HORFT TIL HIMINS** Á sjötta hundrað manns biðu geimvera á Snæfellsnesi í nóvember 1993. Þær létu ekki sjá sig.




# Flugan til Frakklands

## Næststærsta forlag Frakka gefur út bók Bryndísar

Bayard Jeunesse, næststærsta barnabókaforlag Frakklands, hefur fest kaupin á útgáfuréttinum á bók Bryndísar Björgvinsdóttur, Flugan sem stöðvaði stríðið. Forlagið selur árlega um sex milljónir eintaka af bókum sínum. Forlagið hyggst gefa bókina út snemma árs 2015 og dreifa henni um hinn frönskumælandi heim.

Flugan sem stöðvaði stríðið er fyrsta bók Bryndísar og kom út fyrir tæpum tveimur árum. Sagan fjallar um þrjár venjulegar húsflugur, sem hrinda af stað óvæntri atburðarás þegar þær flýja að heiman og binda að lokum enda á styrjöld.

Bókin hlaut íslensku barnabókaverðlaunin 2011 og var tilnefnd til Fjöruverðlaunanna.

Bryndís Björgvinsdóttir er þjóðfræðingur að mennt og starfar meðal annars við rannsóknarstörf og kennslu.



**BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR** Hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2011.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 20. JÚNÍ 2013**

### Fræðsla

**20.00** Andri Snær Magnason er leiðsögumaður í fimmtudagskvöldgöngu á Þingvöllum en titill göngunnar er: Taktu þetta blað og stingdu því ofaní sauðarlegg. Andri Snær mun velta upp ýmsum flötum, spegla þá í sínum eigin skáldskap og annarra. Kvöldgangan hefst við fræðslumiðstöðina við Hakið og eru allir velkomnir.

### Upplestur

**17.45** Guðbrandur Siglaugsson, skáld og tónlistarmaður, les upp úr nýjustu ljóðabók sinni Þúfnatali í Flóru, Hafnarstræti 90 á Akureyri. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Tónlist

**12.00** Organistarnir Lenka Mátéová og Guðný Einarsdóttir leika fjórhent og fjórfætt á hið stóra Klaisorgel í Hallgrímskirkju á Alþjóðlegu orgelsumri. Sjaldgæft er að organistar leiði saman hesta sína á þennan máta. Efnisskráin er samanstendur af verkum eftir Mozart, Strauss og Elgar. Aðgangseyrir er 1.700 kr.

**21.00** Svavar Knútur heldur tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir kr. 1.500.

**21.00** Eðvarð Lárusson gítarleikari fagnar 50.ára afmæli sínu á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Fjölmargir listamenn munu mæta og taka lagið með afmælisbarninu.

### Myndlist

**16.00** Kínversk-íslenska menningarfélagið efnir til sýningar á verkum Lu Hong í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningin er haldin í tilefni af 60 ára afmæli félagsins. Lu Hong tvinnar saman í verkum sínum íslenska þjóðarvitund og ævafornar hefðir kínverskrar myndlistar.

**18.00** Sýningin Spectators verður opnuð í Artíma gallerí, Skúlagötu 28. Á sýningunni eru olíumálverk eftir myndlistarmennina Stephen Morrison, Þránd Þórarinsson og Rögnvald Skúla Árnason dregin saman.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

DESIGN: HGM/WWW.A3.IS · MYND: KARÓLÍNA

HARPA KYNNIR

# „VIÐBURÐUR ÁRSINS“

Íslensku tónlistarverðlaunin 2012

HARPA



# ANACHRONISM

## TÍMASKEKKJA

**19. til 21. júní**

## Reykjavík Midsummer Music.

Listrænn stjórnandi **Víkingur Heiðar Ólafsson**

Framúrstefnulegur morðingi frá 16. öld, nýjar bíómyndir í þöglum stíl, misjafnlega galnir madrígalar frá ýmsum tímum, sýnilegt myrkur Thomasar Adès, klassísk sinfónía frá 20. öld, gamaldags tónskáld sem komu framtíðinni á óvart og síðustu söngvar Strauss.

**Taktu þátt í tímaskekkjunni!**

Ókeypis er inn á þrjár kvikmyndasýningar.
Hægt er að kaupa miða á alla einstaka viðburði. Verð frá 1500 krónum.
**Öll dagskráin og miðasala á www.harpa.is**

2013 rmm.

Arion banki PROMENS ICELANDAIR

## Rennd peysa
st. S-L

TILBOÐ **999** v.á. ~~1.999~~



## Pólóbolur
st. S-XL

TILBOÐ **1.299** v.á. ~~2.999~~



## Kanvas skór
st. 40-46

TILBOÐ **2.999** v.á. ~~5.999~~



## Fjölskyldu Alias

TILBOÐ **3.999** v.á. ~~4.999~~




## Hlýrabolur
st. XS-L

TILBOÐ **1.499** v.á. ~~3.999~~



## TRUE bolur
st. S-XXL

TILBOÐ **2.499** v.á. ~~5.999~~





## Undirfatasett
st. 32B-36D

TILBOÐ **999** v.á. ~~2.499~~

## Party Alias

TILBOÐ **3.999** v.á. ~~4.999~~







## Fimbulfamb

TILBOÐ **3.999** v.á. ~~4.999~~

## Skór
st. 36-41

TILBOÐ **4.995** v.á. ~~9.990~~



Gildir til 23. júní á meðan birgðir endast.

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

# OFURTILBOÐSDAGAR

## FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS



**Kjóll**
st. 98-134

TILBOÐ
1.499
v.á. ~~2.999~~

**Bolur**
st. 128-176

TILBOÐ
1.999
v.á. ~~3.999~~




**Pólóbolur**
st. 92/98-128

TILBOÐ
799
v.á. ~~1.699~~



**Pólóbolur**
st. 140-176

TILBOÐ
999
v.á. ~~1.999~~



**Joggingbuxur**
st. 7/8-13/14

TILBOÐ
1.499
v.á. ~~3.299~~

**HFK Náttföt**
st. 92-116



TILBOÐ
1.499
v.á. ~~3.499~~

**Pils**
st. 128-176

TILBOÐ
1.499
v.á. ~~2.999~~



**Skór**
st. 28-41

TILBOÐ
2.499
v.á. ~~4.999~~





**HFK náttbuxur**
st. 92/98-128/134

TILBOÐ
1.499
v.á. ~~2.999~~

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



## TÓNNINN GEFINN

Freyr Bjarnason

# Spurningin um framboð og eftirspurn

Eins og komið hefur fram verður mikill fjöldi tónleika með erlendum flytjendum hér á landi í júní og júlí.

Hátíðin All Tomorrow´s Parties verður í næstu viku með Nick Cave and the Bad Seeds fremsta í flokki, gítarsnillingurinn Jeff Beck spilar einnig í næstu viku í Vodafone-höllinni, Frank Ocean stígur á svið í Laugardalshöll í júlí og svo mætti áfram telja. Nú þegar er einum stórum tónleikum lokið í Hörpu, þegar Ben Bridwell fór á kostum með hljómsveitinni Band of Horses í Eldborgarsalnum.



Þessi tónleikafjöldi sem er fram undan minnir óneitanlega á stöðuna eins og hún var fyrir bankahrunið þegar hver stjarnan á fætur annarri sótti landið heim. Eini gallinn þá var að eftirspurnin var ekki nógu mikil, enda erum við Íslendingar jú bara nokkur hundruð þúsund. Fólk varð að velja og hafna þegar valið stóð á milli nokkurra góðra kosta og fyrir vikið töpuðu tónleikahaldarar oft á tíðum umtalsverðum peningum.

Mér er minnisstætt þegar ég fór á tónleika, eða öllu heldur leiksýningu, goðsagnarinnar Alice Cooper í Kaplakrika í hálftómum sal og þegar ég sá aðra goðsögn, Iggy Pop, syngja í Hafnarhúsinu á tónleikum sem höfðu verið fluttir úr Laugardalshöllinni. Cooper og Iggy Pop voru einfaldlega fórnarlömb of mikils tónleikaframboðs. Sú varð einmitt raunin með Deep Purple-tónleikana í Laugardalshöll sem var aflýst fyrir skömmu, þó svo að eflaust hafði það einnig spilað inn í að frekar stutt er síðan hljómsveitin hélt síðast tónleika hér á landi.

Spurningin er hvort von sé á fleiri fréttatilkynningum í sumar þar sem tónleikum er aflýst vegna dræmrar miðasölu. Vonandi gerist það ekki, en miðað við stöðu mála kæmi það mér alls ekkert á óvart.

## Í spilaranum







**Sigur Rós** - Kveikur
**Ljótu hálfvitarnir** - Ljótu hálfvitarnir
**Queens of the Stone Age** - ...Like Clockwork








**KANYE WEST** Rapparinn í hlustunarpartíi í Sviss þar sem hann spilaði lög af nýju plötunni, Yeezus. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nemi í naumhyggju

Nýjasta plata bandaríska rapparans Kanye West hefur fengið frábærar viðtökur.

Sjötta sólóplata rapparans Kanye West, Yeezus, kom út núna á þriðjudaginn á vegum útgáfunnar Def Jam Recordings og hafa viðbrögð gagnrýnenda verið sérlega góð.

Rolling Stone gefur henni fjórar og hálfa stjörnu af fimm og segir hana algjöra snilld. „Allir brjálaðir snillingar verða að gera plötu eins og þessa að minnsta kosti einu sinni á ferlinum. Þegar hún er hvað mest illkvittin lætur hún Kid A eða In Utero hljóma eins og Bruno Mars." Pitchfork gefur henni 9,5 af 10 í einkunn og Los Angeles Times gefur henni þrjár og hálfa af fjórum og segir hana uppfulla af naumhyggju en samt kraftmikla.

Yeezus var að mestu leyti tekin upp í París og eins og oft áður fékk West til liðs við sig fjölda samstarfsmanna. Franski elektródúettinn Daft Punk stjórnaði upptökum á fjórum lögum af tíu á plötunni, þar á meðal þeim þremur fyrstu, en West starfaði síðast með sveitinni með góðum árangri í stuðlaginu Stronger. Hinn ungi rappari Chief Keef frá heimaborg Wests, Chicago, og Justin Vernon úr hljómsveitinni Bon Iver, sungu jafnframt inn á plötuna. Vernon var einmitt á meðal gesta á síðustu plötu West, My Beautiful Dark Twisted Fantasy, sem margir töldu á meðal þeirra bestu 2010.

Þegar West var kominn í tímaþröng með að klára Yeezus hóaði hann í stjörnu-upptökustjórann Rick Rubin, sem hefur unnið með Red Hot Chili Peppers, Metallica, Beastie Boys og Johnny Cash, og bað hann um aðstoð við að fínpússa hana. „Ég er enn þá bara krakki að læra hvernig naumhyggja virkar og hann er meistari í henni," sagði West um Rubin í viðtali við New York Times.

Að sögn Rubins þurfti West að skila plötunni af sér þremur vikum eftir að hann hafði samband við hann. Rubin taldi að nokkra mánuði þyrfti til að ljúka við verkið en lét engu að síður til leiðast. Aðeins tveimur dögum áður en rapparinn átti að skila af sér Yeezus var hann á leiðinni í flug til Mílanó til að vera viðstaddur veislu í tilefni af væntanlegri fæðingu dóttur hans og raunveruleikastjörnunnar Kim Kardashian. Þá átti hann eftir að syngja inn á fimm lög og texta vantaði fyrir nokkur þeirra. Áður en hann þurfti að mæta á flugvöllinn hafði hann tvo klukkutíma aflögu og skilaði sínu á síðustu stundu fyrir Rubin, og rúmlega það.

freyr@frettabladid.is

## Hefur selt 30 milljón lög stafrænt

Allar fimm sólóplötur Kanye West til þessa hafa náð platínusölu í Bandaríkjunum, eða selst í yfir einni milljón eintaka. My Beautiful Dark Twisted Fantasy og þær þrjár sem komu á undan fóru allar í efsta sæti vinsældarlistans. West hefur selt yfir þrjátíu milljónir stafrænna laga í Bandaríkjunum og er hann einn söluhæsti tónlistarmaðurinn í þeirri deild. Sex lög hafa selst í yfir þremur milljónum eintaka, eða Gold Digger, Stronger, Heartless, E.T., Love Lockdown og Niggas in Paris.

## 13.6.2013 → 19.6.2013





### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Robin Thicke / T.I. / Pharrell | Blurred Lines |
| ▼ | 2 | Daft Punk / Pharrell | Get Lucky |
| * | 3 | Emmelie de Forest | Only Teardrops |
| ▲ | 4 | Pink / Nate Ruess | Just Give Me A Reason |
| ▲ | 5 | Capital Cities | Safe And Sound |
| ▲ | 6 | Macklemore & Ryan Lewis | Can't Hold Us |
| ▼ | 7 | Justin Timberlake | Mirrors |
| ▲ | 8 | Bruno Mars | Treasure |
| ▲ | 9 | Botnleðja | Panikkast |
| ▲ | 10 | Maroon5 | Love Somebody |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▼ | 2 | Ýmsir | Tíminn flýgur áfram |
| * | 3 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▼ | 4 | KK & Maggi Eiríks | Úti á sjó |
| * | 5 | Botnleðja | Þegar öllu er á botninum hvolft |
| ▲ | 6 | Ýmsir | Pottþétt 59 |
| ▼ | 7 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▼ | 8 | Daft Punk | Random Access Memories |
| ▲ | 9 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| * | 10 | Ljótu hálfvitarnir | Ljótu hálfvitarnir (2013) |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# SUMARGLEÐI Fjarðarkaupa

## Taktu þátt í **skemmtilegum leik** og þú átt möguleika á **glæsilegum vinningum!**

Fylltu út þátttökuseðilinn og skilaðu honum í kassann. Vinningar verða dregnir út í föstudagsþætti Ívars á Bylgjunni. Fyrsti vinningur verður dreginn út þann 21. júní. Leik lýkur 2. ágúst. Fjöldi vinninga.

Heimsferðir

Borgarferð fyrir 2 til Prag með Heimsferðum

advania

Glæsileg tölva frá Advania

ICEWEAR ICELAND

Gjafabréf

ÓB ódýrt bensín

Bensínúttekt

FK FJARÐARKAUP

Matarkörfur

Gleðilegt SUMAR!

**Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga**

FK FJARÐARKAUP

- Einstök verslun



**PRÍLEIK LÝKUR** Before Midnight er síðasta myndin í þríleik leikstjórans Richards Linklater og skartar Ethan Hawke og Julie Delpy í aðalhlutverkum.

# Þrívídd og þríleikur

Tvær kvikmyndir frumsýndar á Jónsmessu. Önnur er hress teiknimynd, hin raunsæismynd um ást.

Tvær kvikmyndir verða frumsýndar á Jónsmessu: Before Midnight og The Croods. Fyrrnefnda myndin er sjálfstætt framhald myndanna Before Sunrise og Before Sunset frá árunum 1995 og 2004 og sú síðarnefnda er þrívíddarmynd frá Dreamworks.

Before Midnight þykir raunsæ og vönduð mynd sem hlotið hefur einróma lof kvikmyndarýna. Sagan gerist í Grikklandi og segir frá Jesse og Celine, sem leikin eru af Ethan Hawke og Julie Delpy, sem nú hafa verið par í tæpan áratug. Parið stendur á tímamótum og þarf að svara því hvort ástin sigri eða hvort aðskilnaður sé óumflúinn. Leikstjóri myndarinnar er Richard Linklater, sem hefur áður leikstýrt myndum á borð við Dazed & Confused, A Scanner Darkly og Bernie.

The Croods er ný teiknimynd eftir Kirk De Micco og Chris Sanders. Félagarnir hafa áður komið að gerð teiknimynda á borð við Aladdin, Mulan, The Lion King, Lilo og Stich og How To Train Your Dragon.

Myndin segir frá Croods-fjölskyldunni sem forðast allar hættur með því að prófa aldrei neitt nýtt. Dag einn hrynur hellirinn sem fjölskyldan býr í og neyðist hún þá til að halda út í hinn stóra, ókunnuga heim og lendir um leið í ýmsum ævintýrum.

| BEFORE MIDNIGHT | | THE CROODS |
|---|---|---|
| 98% | Rotten Tomatoes | 68% |

# Ofurmennið mætir aftur til leiks

Stórmyndin Man of Steel var frumsýnd í gær. Kvikmyndin segir frá upphafi Ofurmennisins, sem í þetta sinn er leikið af Bretanum Henry Cavill.

Flestir kannast við söguna um Ofurmennið frá plánetunni Krypton. Stórmyndin Man of Steel, sem frumsýnd var í gær, segir frá því þegar Ofurmennið kemur fyrst til Jarðar.

Þegar myndin hefst ríkir mikil ólga á plánetunni Krypton. Vísindamaðurinn Jor-El og eiginkona hans ákveða að senda nýfæddan son sinn, Kal-El, með geimflaug til Jarðar í þeirri von að hann lifi af. Jor-El er því næst myrtur af hinum illa Zod, sem er refsað með útlegð á annarri plánetu. Skömmu síðar springur Krypton í loft upp og láta foreldrar Kal-El báðir lífið.

Á Jörðinni finna hjónin Jonathan og Martha Kent ungbarnið Kal-El og taka það að sér. Pilturinn fær nafnið Clark Kent og fljótlega kemur í ljós að hann býr yfir ofurmannlegum kröftum. Í fyrstu koma kraftarnir honum í mikið uppnám en með tíð og tíma lærir Clark að nýta þá til ýmissa góðverka. Þegar Clark kemst loks að sannleikanum um uppruna sinn er Zod kominn til jarðar og upphefst þá æsispennandi barátta milli góðs og ills.

Man of Steel var frumsýnd í Bandaríkjunum um síðustu helgi og hlaut góðar viðtökur áhorfenda. Leikstjóri myndarinnar er Zack Sneyder sem er þaulreyndur þegar kemur að leikstjórn stórmynda sem eru stútfullar af tæknibrellum. Frumraun hans var kvikmyndin Dawn of the Dead frá árinu 2004, hann hefur einnig leikstýrt myndum á borð við 300, með Gerard Butler í aðalhlutverki, Watchmen og Sucker Punch.

Breska nýstirnið Henry Cavill fer með hlutverk Supermans að þessu sinni og þurfti leikarinn að leggja mikið á sig fyrir hlutverkið. Snyder óskaði eftir því að Cavill liti út eins og fyrstu teikningar af Superman og það án liðsinnis tölvutækninnar og búningahönnuða. Amy Adams fer með hlutverk blaðakonunnar Lois Lane, Michael Shannon, sem sjónvarpsáhorfendur þekkja úr þáttunum Boardwalk Empire, leikur illmennið Zod. Kevin Costner og Diane Lane leika Jonathan og Mörthu Kent, Russell Crowe fer með hlutverk Jor-El og loks leikur Laurence Fishburne yfirmann Lois Lane.

sara@frettabladid.is

➜ Frá 16. júní hefur Man of Steel halað inn 15 milljörðum króna í Bandaríkjunum einum saman.



**UPPHAFIÐ** Henry Cavill fer með hlutverk Supermans í stórmyndinni Man of Steel sem frumsýnd var hér á landi í gær.

## Fékk ráð frá Crowe á unglingsaldri

Leikarinn Henry William Dalgliesh Cavill er fæddur þann 5. maí árið 1983. Hann stundaði nám við Stowe-heimavistarskólann í Buckinghamshire, en kvikmyndin Proof for Life var meðal annars mynduð í og við skólann. Russell Crowe fór með aðalhlutverk myndarinnar og fékk hinn ungi Cavill nokkur góð ráð frá leikaranum á meðan á tökum stóð. Þeir leika nú feðga í Man of Steel.

Cavill hafði mikinn áhuga á sögu á námsárum sínum og haft hefur verið eftir honum að hefði hann ekki gengið á vit listagyðjunnar hefði hann að öllum líkindum gengið í herinn eða lagt stund á mannkynssögu.


## Sumarhappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

### Útdráttur 17. júní 2013

**Toyota Yaris Terra 1.0 að verðmæti kr. 2.730.000**

| | |
|---|---|
| 20947 | 56711 |

**Ferðavinningar frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr. 500.000**

| | | |
|---|---|---|
| 218 | 9075 | 10713 |
| 41802 | 57135 | 64773 |
| 75524 | 78257 | 79496 |

**Ferðavinningar frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr. 250.000**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 844 | 19096 | 37409 | 43234 | 62771 | 75164 |
| 2776 | 19262 | 38157 | 45520 | 63285 | 75946 |
| 4091 | 19744 | 38303 | 46994 | 63294 | 76165 |
| 4115 | 20088 | 38923 | 48575 | 65663 | 76600 |
| 5400 | 21805 | 39038 | 48597 | 67462 | 77203 |
| 8255 | 27692 | 39074 | 49374 | 67469 | 77651 |
| 8732 | 27971 | 39754 | 49783 | 67879 | 78834 |
| 9927 | 28604 | 40051 | 51176 | 68906 | 78952 |
| 10370 | 29601 | 40143 | 53967 | 69184 | 79346 |
| 10832 | 29648 | 40197 | 54452 | 69867 | |
| 14825 | 30496 | 40761 | 54775 | 70172 | |
| 15253 | 31193 | 41500 | 57561 | 70969 | |
| 15842 | 31641 | 42558 | 58397 | 71258 | |
| 16385 | 32937 | 42718 | 59505 | 73837 | |
| 18905 | 34108 | 42740 | 61463 | 73996 | |

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA





**FJÓRÐA MYNDIN VÆNTANLEG** Fjórða myndin um Júragarðinn er í bígerð.

# Júragarðurinn ekki útdauður ennþá

Fjórða myndin um Jurassic Park er í vinnslu.

Stórmyndin Jurassic Park var frumsýnd árið 1993 og sló þá rækilega í gegn. Nú eru uppi raddir um að fjórða myndin um Júragarðinn sé í bígerð. Empire-online.com flytur fréttir af þessu á vefsíðu sinni.

Áður hafa birst fréttir sem þessar og upphaflega var talið að kvikmyndin yrði frumsýnd sumarið 2014. Líklegra er þó að frumsýningardagur muni eiga sér stað ári síðar, eða 2015. Fengist hefur staðfest að myndin verði í þrívídd og skrifa Colin Trevorrow og Derrick Connelly handritið að myndinni. Trevorrow mun einnig leikstýra myndinni, en hann leikstýrði síðast gamanmyndinni Safety Not Guaranteed frá árinu 2012.

Fyrsta myndin var í leikstjórn Stevens Spielberg og var handrit hennar byggt á samnefndri skáldsögu eftir Michael Crichton. Myndin skartaði Sam Neill, Laura Dern, Jeff Goldblum, Richard Attenborough, Ariana Richards, Joseph Mazzello, Martin Ferrero, Samuel L. Jackson og Bob Peck í helstu hlutverkum.

## Á erfitt með breytingar

Tökur á gamanmyndinni Anchorman 2: The Legend Continues standa nú yfir og er fyrsta stikla myndarinnar nú aðgengileg á netinu. Sem fyrr fara Will Ferrell, Christina Applegate, Paul Rudd, Steve Carell, David Koechner og Fred Willard með aðalhlutverk myndarinnar.

Adam McKay, leikstjóri myndarinnar, hefur áður upplýst aðdáendur myndarinnar um að í The Legend Continues muni Herra Burgundy glíma við fjölmenningarlegt fréttateymi. „Við vitum vel að þessir guttar taka breytingum ekki vel og á þeim tíma sem myndin gerist áttu margar breytingar sér stað,“ segir McKay.



**FRAMHALD** Framhald gamanmyndarinnar Anchorman er að vænta innan skamms. NORDICPHOTOS/GETTY


Af hverju er KFC
svoo
gott?
Gamla leyniuppskriftin frá Kentucky
Við notum fyrsta flokks hráefni frá íslenskum kjúklingaframleiðendum.
Við notum ferskt og heilnæmt grænmeti frá íslenskum grænmetisbændum.
Allt þetta frábæra hráefni er eldað á staðnum samkvæmt ströngustu gæðastöðlum KFC.
KFC®
svooogott™
PIPAR\TBWA • SÍA • 131409

# Hjólar allt að tvöhundruð kílómetra í senn

Björn Arnar Hauksson, hagfræðingur í Singapúr, tók að æfa hjólreiðar fyrir stuttu. Hann hefur þegar lent í efstu sætum í hjólreiðakeppnum í Malasíu.

„Ég hef ekki átt bíl í tíu ár og hef notað hjól sem samgöngumáta í London, Haag og Singapúr. Ég hef líka stundað langhlaup og fjallgöngur. Þegar ég svo prófaði hraðskreitt götuhjól þá varð ekki aftur snúið. Það kom svo fljótlega í ljós að ég virtist eiga tiltölulega auðvelt með að hjóla hratt, langt og upp brekkur. Þrjóska og viljastyrkur hjálpa líka til í svona úthaldsíþróttum en þegar mest á reynir kalla ég á Þór, Óðin og Freyju,“ segir hjólagarpurinn og hagfræðingurinn Björn Arnar Hauksson. Björn er búsettur í Singapúr ásamt fjölskyldu sinni og stundar hjólreiðar af miklum móð og hefur meðal annars lent í efstu sætum í hjólreiðakeppnum víða um Malasíu og í Taílandi.

Inntur út í árangur sinn viðurkennir Björn Arnar að það sé ávallt gaman þegar vel gengur. Hann stundar íþróttina sex sinnum í viku og byrja æfingar klukkan 04.30 að morgni því þá er veður svalara og minni bílaumferð.

„Á virkum dögum fer ég 50 til 80 kílómetra en um helgi allt að 200 kílómetra í senn. Suma daga æfum við spretti eða brekkur. Ég nota að jafnaði þrjú hjól: eitt fyrir æfingar og keppnir, annað í samgöngur og það þriðja í innkaup og snatt í hverfinu.“

Björn Arnar nam hagfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands og flutti árið 2006 til London þar sem hann vann í hrávörukauphöll þar sem verslað er með olíu, sykur, appelsínur og kaffi svo fátt eitt sé nefnt. „Nokkrum árum síðar fluttist ég ásamt konu minni, Kristínu [Viggósdóttur], til Hollands og hóf störf hjá einu stærsta auðlindafyrirtæki heims. Skrifstofunni í Haag var svo lokað í fyrra þar sem viðskiptin hafa færst til Asíu og mér var boðið að flytja til Singapúr,“ útskýrir hann. Fjölskyldunni líkar lífið í Singapúr vel þó að veðráttan sé stundum til ama. „Hitastigið hér er að jafnaði yfir 30 gráðunum og mikill raki, en maður lærir að laga sig að aðstæðum. Það er frábært að fá tækifæri til að kynnast menningunni hér. Við ferðumst mikið og reynum eins og kostur er að lifa eins og innfæddir. Fimm ára dóttir okkar, Góa, hefur lært hollensku, ensku og er nú að spreyta sig á kínversku,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

**99 Á virkum dögum fer ég 50 til 80 kílómetra en um helgi allt að 200 kílómetra í senn. Suma daga æfum við spretti eða brekkur.**

➜ Hefbundinn morgunn hjá Birni hefst rétt fyrir fjögur að morgni. Þá hjólar hann í tvo til þrjá tíma og fer svo með hjólafélögum í morgunmat á matartorgi sem er í borginni.



**Á FLEYGIFERÐ** Björn Arnar Hauksson stundar hjólreiðar af miklum móð í Singapúr. Þó hann hafi aðeins æft íþróttina í stuttan tíma hefur hann þegar lent í efstu sætum í hjólreiðakeppnum í Malasíu og Taílandi.

# Kynfræðingar gera allskonar

**?** Þetta er ekki beint spurning um kynlíf en tengist því samt. Mig langar að verða kynfræðingur en ég er bara að klára stúdentinn og ég veit ekkert hvað ég þarf að vera búin að læra eða hvernig þetta virkar allt saman. Hvað gera kynfræðingar? Gætir þú aðstoðað mig?

•••

**SVAR** Ég hugsa að við þrjár sem berum og notum titilinn kynfræðingur á Íslandi tökum því mjög fagnandi að fleiri langi til að nema fagið. Eins og staðan er í dag þá er hægt að læra kynfræði við Háskóla Íslands á framhaldsnámsstigi eða í Endurmenntun en einungis til diplóma. Því þarft þú fyrst að afla þér BA- eða BS-gráðu og hún getur verið úr hinum ýmsu greinum. Í mínu námi voru nemendurnir með bakgrunn í hjúkrunarfræði, sálfræði, félagsráðgjöf og listmeðferð. Þetta er þó ekki upptalning á náminu sem kemur til greina og þarf að kynna sér hvaða kröfur hver skóli setur. Kynfræði til meistaragráðu er kennd víða um heim en oftar en ekki er hún kennd á móðurmáli viðkomandi lands svo það ber að hafa í huga þegar nám er valið. Meistaranámið er yfirleitt um tvö ár svo þetta eru alls um fimm ár í háskóla (getur þó verið misjafnt eftir grunnnámi).

Ég lærði í Curtin-háskóla í Vestur-Ástralíu en veit til þess að náminu var breytt aðeins eftir að ég útskrifaðist þaðan. Þá er gott að hafa í huga að umsóknarferlið getur verið langt og margra gagna krafist, svo gott er að gefa sér góðan tíma í að skoða þetta allt saman og undirbúa umsóknina. Þegar ég var að skoða þetta þá gerði ég stórt skipulagsskjal yfir hvað hver skóli vildi fá og svo skoðaði ég kennarana við deildina og hvaða fög voru í boði. Þetta er smá dund en vel þess virði.

Kynfræðingar geta unnið við ýmiss konar störf og fer það líka að miklu leyti eftir því hvaða gráðu þú ert með í grunninn og hvar áhugamálin þín liggja. Þú getur til dæmis sinnt kynfræðslu, skrifað bækur, unnið við ráðgjöf, unnið við rannsóknir eða bara það sem þér dettur í hug.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**KAFFIFRÁHVÖRF** Kaffi er meira ávanabindandi en áður var talið og fráhvörfin eru höfuðverkur og þreyta.

# Kaffi ávanabindandi

Kaffibollinn býr til fráhvörf á borð við hausverk og þreytu samkvæmt nýjustu rannsóknum.

Samkvæmt vísindamönnum við Bristol-háskóla í Bretlandi er kaffi meira ávanabindandi en áður var talið. Margir kannast við tilfinninguna að vakna ekki almennilega fyrr en búið er að drekka fyrsta bollann og kenna koffíninu um.

Vísindamenn segja að það sé hins vegar þannig að líkaminn sé að bregðast við fráhvörfum frá síðasta bolla með því að vakna við fyrsta bollann. Fráhvörfin frá kaffinu lýsa sér í þreytu og höfuðverk. „Fyrsti kaffibollinn kemur manni einfaldlega í venjulegt ástand aftur,“ segir Peter Rogers, sem hefur rannsakað kaffi í 20 ár.

Í rannsókninni kom einnig í ljós að kaffibollarnir sem maður drekkur yfir daginn hafa ekki nærri því jafn mikil áhrif og fyrsti bollinn.



DEBENHAMS

HÖNNUNARVEISLA
ALLA HELGINA

30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM
SUMARVÖRUM FRÁ
DEBENHAMS HÖNNUÐUM

DÖMUR • HERRAR • BÖRN

JASPER CONRAN JEANS
principles BY BEN de LISI
ROCHA . JOHN ROCHA
butterfly by MATTHEW WILLIAMSON
STAR BY julienmacdonald
JEFF BANKS LONDON
BAKER BY TED BAKER

OG 50% AFSLÁTTUR AF SUNDFÖTUM FRÁ TRIUMPH OG ESPRIT

Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

OPIÐ Í KVÖLD TIL 21.00

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 4:30 - 7:30 - 10:10 - 10:30 | 12 |
| MAN OF STEEL VIP | KL. 5 - 8 - 11 | VIP |
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 8 - 11 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 10:30 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 4 - 7 - 10 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 - 10:30 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 10:40 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ A 5%

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL | KL. 4 - 7 - 10 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 6 - 8 - 9 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.30 - 8 - 10.35 | 7 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ A 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE ICEMAN | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 10.35 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.40 - 8 | 7 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5.40 | 12 |
| THE ICEMAN | KL. 8 - 10 | 16 |
| AFTER EARTH | KL. 10.20 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
A 5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE ICEMAN | 8 - 10.20 | 16 |
| THE INTERNSHIP | 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| EPIC 2D | 5 | L |
| EPIC 3D | 5 | L |
| FAST & FURIOUS | 8 - 10.30 | 12 |


# Borvéla-blús

**BAKÞANKAR**
Dóra
DNA



Það er borvél á eldhúsborðinu mínu. Skrúfbitar og skrúfur allt í kringum hana og svo bara venjuleg eldhúsáhöld. Ég sé ekki tilganginn í því að ganga frá henni, ekki fyrr en afgangurinn af innréttingunni kemur frá Ikea. Minnir mig á að ég þarf að hringja í þá og grennslast fyrir um hvort gámurinn sé kominn. Inni í borðstofu, við hliðina á borðstofuborðinu í kringum kassa af flísum, rúllur af rafmagnsvír og hauga af parketi, er gul sög. Það er hægt að velta henni á milli hlutverka, bæði borðsög og kútter. Ég notaði hana um daginn til þess að skera brauðhleif á meðan enginn sá til. Það kom gamalt sag í brauðið – svo ég geri það ekki aftur. En það skiptir engu, það er sag um allt, örfínar agnir sem hvorki ryksugan tekur, né kústur. Ég finn stundum fyrir þeim í rúminu mínu þegar ég fer að sofa, engin ónot svo sem.

**ÉG STEND** í framkvæmdum. Hef verið að gera upp íbúð síðan í byrjun maí. Það glittir í framkvæmdalok. Ítreka – glittir. Ég þori ekki að taka til öll verkin sem eru eftir, því þá fallast mér hendur. Þess í stað klæði ég mig í framkvæmda-joggingbuxurnar eftir vinnu dag hvern og hjóla handahófskennt í það sem ég á eftir. Buxurnar hef ég ekki þvegið síðan framkvæmdir byrjuðu – þær eru orðnar svo stífar að þær standa sjálfar eftir á gólfinu þegar ég klæði mig úr þeim.

**ÞEGAR** ég er ekki að vinna og ekki í framkvæmdum skoða ég verkfæri á netinu. Sannfærður um að betri og dýrari verkfæri geri mig að betri og afkastameiri smið. Ég er farinn að tala eins og iðnaðarmaður og gott betur er ég farinn að nota fagmanna-inngang Húsasmiðjunnar.

**ÞAÐ ER** erfitt að búa í íbúð sem er á sama tíma verkstæði. Nóg til að gera mann brjálaðan. Sonur minn er farinn að líta á vinkla, þvingur og fræsitennur sem leikföngin sín. En burtséð frá því eru þetta spennandi tímar. Hér er verið að leggja grunninn að góðu heimili – lykilorðin eru þolinmæði, æðruleysi og Dewalt.



**HALDA Í HEFÐINA** Þau Kim og Kanye hafa nefnt dóttur sína Kaidence. Þau halda í hefðina með bókstafinn „K".

## Búin að nefna dótturina

Kim Kardashian og Kanye West eru að sögn erlendu pressunnar búin að nefna dóttur sína Kaidence Donda West. Stúlkan fæddist á Cedars-Sinai spítalanum í Los Angeles á laugardaginn. Kim og Kanye ákváðu að halda í hefðina hjá Kardashian-fjölskyldunni og nefna stúlkuna Kaidence, en allir í fjölskyldunni heita nafni sem byrjar á bókstafnum „K". Það ákváðu þau að millinafn stúlkunnar yrði Donda, í höfuðið á móður rapparans sem lést árið 2007.



**SUMARLEGT PAR** Sienna Miller var sumarleg á Tony-verðlaununum í ferskjulituðum Burberry-kjól. Hér ásamt unnusta sínum Tom Sturridge.

**HVÍTT** Leikkonan Dree Hemingway í glæsilegum kjól frá Calvin Klein.

**BLÁKLÆDD** Jennifer Lopez stal senunni í þessum bláa glitrandi kjól frá Tom Ford. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vel klæddar á rauða dreglinum

Kjólarnir sem stóðu upp úr í vikunni.

**Stjörnurnar hafa gaman að því að klæða sig upp fyrir rauða dregilinn og því gaman að sjá hvaða kjólar stóðu upp í vikunni. Jennifer Lopez stal senunni í bláum kjól og Dree Hemingway vakti athygli á góðgerðarsamkomu.**



**ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ STEFÁN** Hljómsveitin gefur út nýja plötu á næstunni.

## Upphrópun frá Ultra Mega

Önnur plata hljómsveitarinnar Ultra Mega Technobandið Stefán nefnist ! og er væntanleg seinna í sumar. Fyrsta smáskífulagið heitir My Heart.

Hljómsveitin hressa ætlar að spila stíft í allt sumar og þessa dagana er verið að undirbúa tónleikaferð um Skandinavíu. Næstu tónleikar hennar verða á Bar 11 á föstudagskvöld.

Fyrsta plata Ultra Mega Technobandsins Stefán, Circus, kom út 2008. Hljómsveitin spilaði víða um Evrópu í framhaldinu. Platan fékk góða dóma víðast hvar og landaði sveitin kynningarsamningi við samfélagsmiðilinn Myspace.

## Naut lífsins á Íslandi

Ofurfyrirsætan Karlie Kloss var hér á landi um helgina.

Fyrirsætan Karlie Kloss var stödd hér á landi um helgina ásamt fjölskyldu sinni og kærasta, fjárfestinum Joshua Kushner. Kloss deildi myndum af sér í íslenskri náttúru á samskiptavefnum Instagram þar sem hún lýsir yfir hrifningu sinni á landi og þjóð.

Fyrirsætan hefur meðal annars hafa farið í fjórhjólaferð um Fljótsdalshérað á meðan hún var stödd hér.

Kloss er fræg fyrir að hafa gengið tískupallana fyrir Victoria´s Secret og Christian Dior. Hana má nú sjá í auglýsingum fyrir tískurisann Louis Vuitton en hún var í öðru sæti yfir frægustu fyrirsætur í heimi hjá Models.com.



**SKEMMTI SÉR** Fyrirsætan Karlie Kloss kom hingað til lands um helgina ásamt fjölskyldu og kærasta. NORDICPHOTOS/GETTY

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM










### 16GB MINNISLYKILL

Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.990**

4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990




### 500GB FLAKKARI

Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!

**9.990**

1TB 14.900 | 1.5TB 24.900




### 7"SPJALDTÖLVA

Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 4.1

**14.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

## Skagamenn veðja á Þorvald

**FÓTBOLTI** Þjálfarinn Þorvaldur Örlygsson var ekki lengi atvinnulaus því hann skrifaði í gær undir samning við ÍA. Þorvaldur tekur við þjálfarastarfinu af Þórði Þórðarsyni sem hætti á mánudag.

Þorvaldur hætti að þjálfa lið Fram fyrir skömmu síðan og hann er því að þjálfa sitt annað lið í deildinni í sumar.

Samningur Þorvalds er frekar óhefðbundinn. Enginn tímarammi er á samningnum heldur er hann einfaldlega ráðinn í vinnu eins og gengur og gerist á atvinnumarkaðnum. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á samningnum.

Ingi Fannar Eiríksson, formaður knattspyrnudeildar ÍA, segir að félagið hafi eingöngu rætt við Þorvald um starfið og eftir það samtal hafi Skagamenn verið sannfærðir um að Þorvaldur væri rétti maðurinn í starfið.

- hbg



## Kristján Guðmundsson tekur við Keflavík á ný

**FÓTBOLTI** Kristján Guðmundsson var í gær ráðinn þjálfari Keflavíkur, rétt eftir að félagið hafði rekið Zoran Daníel Ljubicic.

Zoran er þriðji þjálfarinn í Pepsi-deild karla sem hættir á miðju tímabili.

„Ég er mjög glaður að fara að þjálfa Keflavík aftur," segir Kristján.

„Þetta er samt sem áður sérstök tilfinning en ég hef aldrei tekið við liði í miðju móti. Það hefur verið vinnuregla hjá mér að vera með lið frá upphafi undirbúningstímabilsins og út mótið og því hef ég aldrei komið inn þegar annar þjálfari missir starfið sitt."

„Þeir segja að þetta sé líf þjálfarans sem er alveg rétt, ég hef kynnst þessu frá báðum hliðum. Ég hlakka virkilega mikið til, þetta verður mjög gaman."



Zoran Daníel Ljubicic var í gær rekinn sem þjálfari liðsins.

„Núna fer ég í það að skoða liðið í heild sinni og fara yfir tölfræðiþætti leikmanna og annað. Þetta mun taka ákveðinn tíma og síðan kemur í ljós hvort ég þurfi að styrkja liðið meira. Ég mun fá stuðning frá stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur ef það þarf að styrkja liðið í glugganum, ég á bara eftir að sjá hvort þess þurfi."

Kristján þjálfaði Keflavík á árunum 2005-2009 og litlu munaði að hann næði að gera liðið að Íslandsmeisturum árið 2008.

„Ég þekki mig vel í Keflavík og allar aðstæður þar, en það var aðalástæðan fyrir því að ég tók þetta verkefni að mér."

- sáp

## BORGUNARBIKAR

### 16-LIÐA ÚRSLIT

**SINDRI - FYLKIR** 0-2
0-1 Viðar Örn Kjartansson (50.), 0-2 Heiðar Geir Júlíusson (56.).

**LEIKNIR - KR** 0-3
0-1 Óskar Örn Hauksson (39.), 0-2 Kjartan Henry Finnbogason (54.), 0-3 Aron Bjarki Jósepsson (65.).

**VÍKINGUR Ó. - FRAM** 1-1
0-1 Almarr Ormarsson (29.), 1-1 Fannar Hilmarsson (69.).

Fram fór áfram eftir sigur í vítakeppni sem fór alla leið í bráðabana.

**GRÓTTA - MAGNI** 3-2
1-0 Pétur Theodór Árnason (27.), 2-0 Jónmundur Grétarsson (51.), 2-1 Hreggviður Heiðberg Gunnarsson (73.), 2-2 Anton Ástvaldsson, sjm (79.), 3-2 Örlygur Helgason, sjm (85.).

**VÍKINGUR R. - TINDASTÓLL** 2-1
1-0 Aron Elís Þrándarson (2.), 2-0 Hjörtur Júlíus Hjartarson, víti (8.), 2-1 Christopher Tsonis (21.)

### LEIKIR KVÖLDSINS

**ÍA - BREIÐABLIK** KL. 19.15
**STJARNAN - FH** KL. 20.00
*Sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.*



**Í HÖRKUFORMI** Leiknismenn veittu KR-ingum keppni en þeir réðu ekki við Óskar Örn Hauksson sem skoraði eitt mark og lagði upp tvö. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# Í námi með Giggs og Neville

Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, sækir sér nú þjálfaramenntun hjá enska knattspyrnusambandinu en meðal samnemenda hans eru þekkt nöfn úr enska boltanum. „Bara venjulegir gaurar," segir Rúnar um þá.

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, heldur í vikunni utan til Tyrklands til að fylgjast með leikjum á HM U-20 liða í Tyrklandi. Það er þáttur í námi hans en Rúnar er nú að sækja sér svokallaða UEFA Pro Licence-þjálfaragráðu hjá enska knattspyrnusambandinu. Með honum í náminu eru ekki ómerkari menn en Ryan Giggs, Gary Neville, Paul Ince og Stéphane Henchoze. Tveir fyrstnefndu eru goðsagnir hjá Manchester United, sá síðastnefndi lék með Liverpool og Ince með báðum félögum.

„Við erum um tuttugu sem erum á þessu námskeiði og það tekur um eitt og hálft ár að klára það. Ég og Henchoz erum þeir einu sem erum ekki Bretar. Við byrjuðum í janúar og verðum því fram á næsta vor," sagði Rúnar sem ber þeim köppum góða sögu. „Það er heilmikil samvinna á milli nemenda, bæði í hópa- og paravinnu, eins og gengur og gerist á svona námskeiðum. Í Tyrklandi verður okkur skipt í fjóra hópa og munum við alls sjá sex leiki þar sem við munum bæði greina leikina og liðin sjálf," sagði Rúnar.

### Hefur víkkað sjóndeildarhringinn

„Þótt sumir þeirra séu frægari en margir aðrir eru þetta bara venjulegir gaurar, eins og ég og þú. Það er mjög gaman að spjalla við alla þessa menn enda hafa þeir frá mörgu skemmtilegu að segja. Það eru alls kyns sjónarmið sem koma fram og það hefur opnað huga manns og víkkað sjóndeildarhringinn. Þetta er mjög krefjandi nám en mjög gefandi."





**SKÓLABRÆÐUR** Ryan Giggs og Gary Neville léku saman hjá Manchester United í vel á annan áratug. Rúnar hefur náð góðum árangri með KR og trónir nú á toppi Pepsi-deildar karla. NORDICPHOTOS/GETTY

Meðal annarra samnemenda Rúnars má nefna Mike Marsh, þjálfara hjá Liverpool og fyrrverandi leikmann liðsins, sem og nokkra knattspyrnustjóra úr neðri deildunum í Englandi.

Alls fer Rúnar um 7-8 sinnum utan vegna námsins auk þess sem símafundir eru haldnir reglulega. En þrátt fyrir að hafa kynnst mönnum eins og Neville og Giggs vel vill Rúnar sem minnst segja um möguleika þeirra um að ná frama í þjálfarastarfinu.

„Neville hefur verið að leikgreina fyrir Sky-sjónvarpsstöðina og hlotið mikið lof fyrir það, enda þekkir hann leikinn mjög vel. Giggs gerir það vitanlega líka en virðist aðeins hlédrægari. En það er erfitt að ætla að spá því hver verður góður þjálfari. Það kemur bara í ljós," segir Rúnar.

### Námið hefur nýst vel

„Það hefur auðvitað verið mikil umræða um hvort Giggs muni ganga inn í þjálfarateymi United þegar hann ákveður að hætta að spila og aldrei að vita nema hann geri það. Þeir virðast í það minnsta báðir stefna á feril í þjálfun."

Rúnar segir að námið hafi þegar nýst sér vel í sínu starfi sem þjálfari KR enda er liðið enn taplaust á toppi Pepsi-deildar karla. „Til þess að ná langt í þjálfun verður maður að viða að sér eins mikilli þekkingu og hægt er. Þetta er liður í því ferli."

Þess má geta að Rúnar mun missa af leik KR gegn Víkingi Ólafsvík á sunnudagskvöldið vegna ferðarinnar til Tyrklands.

**eirikur@frettabladid.is**

## LIÐ UMFERÐARINNAR




**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

1. stig alm. hluta hefst 24. júní nk. og 2. stig 8. júlí.
Námið gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar!
Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000.
Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

sjá einnig á **www.isi.is**

# Ég fékk blóð á tennurnar

Hólmbert Aron Friðjónsson er leikmaður 7. umferðar Pepsi-deildar karla.

**FÓTBOLTI** Hólmbert Aron Friðjónsson, leikmaður Fram, hefur verið að finna sig einstaklega vel á tímabilinu og virðist loksins vera að springa út.

Leikmaðurinn skoraði þrjú mörk gegn Þór í 7. umferð Pepsi-deildar karla og hefur því verið valinn leikmaður umferðarinnar af Fréttablaðinu. Hólmbert átti erfitt uppdráttar á síðasta tímabili þrátt fyrir mörg fín tækifæri með Fram en núna virðist leikmaðurinn vera að sýna sitt rétta andlit.

„Þetta hefur verið að ganga vel hjá mér í sumar," segir Hólmbert.

„Ég fann mig rosalega vel í síðasta leik og það í raun gekk allt upp. Liðið lék allt vel gegn Þór og ég fékk að njóta góðs af því."

### Er stútfullur af sjálfstrausti

„Ég hef alla tíð æft gríðarlega mikið og það breytist ekkert fyrir þetta tímabil. Aftur á móti finn ég fyrir því að ég er með miklu meira sjálfstraust núna en áður og það skiptir sköpum í fótbolta."

Ríkharður Daðason var ráðinn þjálfari Fram á dögunum, eftir að Þorvaldur Örlygsson sagði starfi sínu lausu hjá félaginu, og virðist hann hafa komið með ákveðna innspýtingu í liðið.

„Það hafði verulega góð áhrif á mig. Menn vilja strax sanna sig fyrir nýjum þjálfara og það fá allir blóð á tennurnar og vilja vera í liðinu. Ríkharður hefur verið viðloðandi Fram í nokkur ár og maður hefur fengið að kynnast honum nokkuð vel. Hann er frábær þjálfari sem á eftir að nýtast mér persónulega vel."

### Stefnir út í atvinnumennsku

„Það er markmiðið hjá flestum knattspyrnumönnum að fara út í atvinnumennsku og það hefur alltaf verið mitt markmið. Ég er aftur á móti nokkuð rólegur í þeim málum og hugsa fyrst og fremst um það að standa mig með Fram, það er númer eitt, tvö og þrjú og þá kannski opnast einhverjar dyr fyrir mér."

- sáp

**SJÓÐHEITUR** Hólmbert Aron hefur verið frábær fyrir Framara að undanförnu og gerði þrennu í síðasta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






FÍTON / SÍA

# Fréttablaðið er fáanlegt alls staðar!

Fréttablaðið er fáanlegt á sölustöðum víða um land, í stórmörkuðum, sjoppum og á bensínstöðvum.

Blað dagsins er alltaf aðgengilegt í rafrænni útgáfu á visir.is.

Og nú er hægt að sækja Fréttablaðsappið í App Store, Google Play eða Windows Marketplace. Með appinu geta snjallsíma- og spjaldtölvunotendur lesið Fréttablaðið á hverjum morgni.

Þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur af að missa af þínu daglega blaði þegar þú leggur af stað í sumarfríið. Fréttablaðið er aðgengilegt alltaf og alls staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ




**App sem þú þarft!**

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Sláðu inn **Fréttablaðið** í App Store, Google Play eða Windows Marketplace og náðu í appið.

# Ævintýraþráin enn til staðar

Jón Arnór Stefánsson ætlar að klára næsta tímabil með CAI Zaragoza á Spáni en heldur svo á ný mið. Hann er stoltur af nýliðnu tímabili á Spáni en ætlar að vera sókndjarfari á því næsta.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Jón Arnór Stefánsson er einn fremsti körfuboltamaður þjóðarinnar frá upphafi en þessi þrítugi kappi er hvergi nærri hættur. Hann er nú heima í sumarfríi eftir frábært tímabil með CAI Zaragoza í spænsku úrvalsdeildinni.

Hann segir í samtali við Fréttablaðið að það sé ekkert annað í spilunum en að fara aftur til Zaragoza og klára samninginn sinn þar. Hann mun spila með landsliðinu seinni parts sumars og halda svo út til Spánar.

„Þangað til ætla ég að hafa það gott í íslenska „sumrinu“ – við eignuðumst dóttur á dögunum og erum því hvort eð er oftast innandyra,“ segir hann í léttum dúr.

### Ekki auðvelt að berjast við risana

Zaragoza náði frábærum árangi síðastliðið tímabil og komst í undanúrslit úrslitakeppninnar, eftir að hafa slegið út Valencia – gamla liðið hans Jóns Arnórs. Hann segir þetta samt ekki hafa verið hans besta tímabil á ferlinum.

„Ég sinnti því hlutverki sem ég hafði mjög vel og var ánægður með það. Liðinu gekk svo mjög vel og þó maður hafi ekki komið heim hlaðinn verðlaunum var þetta ævintýri líkast hjá okkur. Við erum með mun minni fjárhag en stærstu liðin í deildinni en náðum samt að vinna mörg þeirra og standa í þeim allra stærstu,“ sagði hann en Zaragoza komst einnig í undanúrslit bikarsins. Félagið tekur svo þátt í Evrópukeppni á næstu leiktíð og segist Jón Arnór hlakka til þess.

„Við getum því verið mjög stoltir af þessum árangri því það er ekki auðvelt að berjast við þessa risa. Það er svo heldur ekki líklegt að þetta verður endurtekið hjá þessu félagi – ekki nema fjárhagurinn verði endurskoðaður verulega.“

Jón Arnór hefur verið lykilmaður í bæði vörn og sókn hjá Zaragoza þó það endurspeglist ekki alltaf í tölfræðinni.

„Ég eyði mikilli orku í vörninni og er svo hálfgert lím í sóknarleiknum. Það fer mikið spil í gegnum mig þó svo að ég sé ekki maðurinn sem skorar mikið eða gefur stoðsendingar. Það þarf einhver að halda ákveðnu jafnvægi í spilinu og ég er með þannig leikskilning að ég geri liðinu gott á þann máta. En það þýðir að tölfræðin hjá mér er stundum ekki upp á marga fiska en þeir sem þekkja mig best vita að ég hef aldrei verið mikið fyrir tölfræðina.“

Hann segist hafa byrjað að gefa meiri kraft í sóknarleikinn undir lok tímabilsins. „Mér fannst það ganga ágætlega, þó svo að varnarleikurinn hafi liðið fyrir það. Ég var að reyna að finna betra jafnvægi í mínum leik og fannst að mér hafi tekist ágætlega upp, sérstaklega í lokin. Ég ætla að halda því áfram,“ bætir hann við en Jón Arnór segir lítinn vafa á því að spænska deildin sé sú sterkasta í Evrópu í dag.

„Það eru góð lið í mörgum löndum en öll átján liðin í spænsku deildinni eru samkeppnishæf. Í því felst stærsti munurinn,“ segir hann.

### Til í að fara hvert sem er

Hann segist ekki hafa velt framtíðinni mikið fyrir sér, þó svo að honum finnist gott að hafa atvinnuöryggi á Spáni út næsta tímabil.

„Ég hef aldrei verið mikið fyrir að setja mér langtímamarkmið og frekar einbeitt mér að núinu, sem er örugglega ágætis kostur. Það eina sem ég hef hugsað um er að verða sóknarsinnaðri á næsta tímabili og ná mér svo í einhvern góðan samning – prófa eitthvað nýtt,“ segir Jón Arnór sem ætlar að leita á ný mið.

„Ég er alveg til í að fara hvert sem er enda ævintýraþráin enn til staðar. Ég þarf bara að sannfæra frúna,“ segir hann í léttum dúr. „Ég hef nú þegar prófað ýmislegt, eins og Rússland og mafíuumhverfið í Napólí. En það er bara gaman og ég er til í allt,“ segir hann að lokum.



**FEÐGAR** Jón Arnór verður á Íslandi í sumar en hér er hann með syni sínum, Guðmundi Nóel, sem verður tveggja ára í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fjölskyldan gríðarlega stolt af Óla




Jón Arnór Stefánsson var að sjálfsögðu í Laugardalshöllinni á sunnudagskvöldið er bróðir hans, Ólafur, var kvaddur eftir frábæran feril með íslenska handboltalandsliðinu. Viðtökurnar sem Ólafur fékk voru magnaðar og Jón Arnór var vitanlega stoltur af sínum manni.

„Ég fékk gæsahúð,“ segir hann. „Ég er þakklátur fyrir að hafa verið á staðnum og við í fjölskyldunni erum auðvitað alveg gríðarlega stolt af honum. Hann er magnaður íþróttamaður en líka góður strákur, eins og flestir vita.“

Ólafur sagðist eftir leik ekki ætla að spila með Val í N1-deild karla á næsta tímabili, en hann verður þá þjálfari liðsins. „Það sást vel í leiknum gegn Rúmeníu að keppnisskapið og löngunin er enn til staðar. Það er örugglega erfitt fyrir hann að hætta og ég væri ekki hissa ef hann myndi rífa fram táskóna og spila með Val.“



2 | OZ

Sjónvarp framtíðarinnar

# Stöð 2 hvar sem er

## Upplifunin hefst á stod2.is

Nú eru tímamót í íslenskri sjónvarpssögu. Með OZ-appinu getur þú horft á Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar, Gull, PoppTíví, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í iPad, iPod eða iPhone, iOS 6 eða nýrra. Njóttu þess að horfa á notendavænan og þægilegan máta, hvar og hvenær sem er.

### Horfðu á útsendinguna

Útsending Stöðvar 2 er nú aðgengileg fyrir áskrifendur í Apple-spjaldtölvum og í iPhone. Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.

### Speglaðu á sjónvarpið

Þeir sem eiga Apple TV geta speglað myndina yfir á sjónvarpsskjáinn.

### Spólaðu aftur í tímann

Með einum smelli er hægt að spóla allt að eina klukkustund aftur í tímann. Misstirðu af byrjuninni á uppáhaldsþættinum? Ekkert mál, þú smellir bara á byrjun og missir ekki af neinu.

### Taktu upp dagskrárliði og safnaðu þínum þáttum

Merktu við uppáhaldsþættina og appið sér um að taka þá upp. Þú getur svo horft á þá í safninu þínu þegar þér hentar.




FÍTON / SÍA

Fáanlegt í App Store

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

### Skráðu þig á stod2.is

- Appið virkar aðeins á þeim iPad, iPod touch og iPhone sem hafa stýrikerfið iOS 6 eða nýrra. (iPad 2 og nýrri og iPhone 4 og nýrri og iPod touch af 4. eða 5. kynslóð).
- Notaðu OZ-appið með Wi-Fi sem býður upp á meiri gæði og er hagkvæmara en t.d. 3G og 4G.
- Einungis fyrir áskrifendur á Íslandi.
- OZ TV þjónustan kostar aðeins 990 kr. á mánuði fyrir áskrifendur (Frítt fyrir áskrifendur til 1. ágúst).

# Blússandi gangur í laxveiðinni

Ástandið á laxastofninum virðist vera eins og best verður á kosið segir Ingólfur Ásgeirsson, einn leigutaka Þverár/Kjarrár. „Ég man varla eftir að hafa séð svona fallega fiska í byrjun sumars,“ segir Einar Sigfússon.

Laxveiðin fer mjög vel af stað víðs vegar um land. Veiðimenn eru einróma um að laxinn sé vel haldinn og greinilegt að hann hafi haft nóg æti í sjónum. Í veiðinni er venjan sú að tveggja ára lax, lax sem hefur verið tvö ár í sjó, skili sér fyrst í árnar. Það hefur hann gert í ár en það sem vakið hefur sérstaka athygli nú er að smálaxinn er þegar farinn að ganga og hann virðist vænni en í fyrra. Þótt allt of snemmt sé að spá fyrir um veiðisumarið lofar þessi byrjun svo sannarlega góðu.

**Óskabyrjun**

Í Þverá, sem opnaði 12. júní, voru í fyrrakvöld komnir 40 laxar á land, þar af kom 21 í opnuninni. Í Kjarrá, sem opnaði 15. júní, eru komnir 54 laxar á land.

„Þetta er óskabyrjun,“ segir Ingólfur Ásgeirsson. „Þetta er einhver besta opnun í Þverá í manna minnum. Að stærstum hluta er þetta fallegur tveggja ára lax sem er mjög vel haldinn og smálaxinn sem hefur líka verið að skila sér sem er mjög jákvætt. Við verðum líka að átta okkur á því að við erum á milli strauma – það verður ekki stórstreymt fyrr en eftir helgi. Vegna þessa er mjög merkilegt að við séum að sjá svona sterkar göngur strax.“

„Ástandið á stofninum virðist vera eins og best verður á kosið og það má segja að það sé staðan úti um allt land. Veiðimálastofnun var líka að benda á að ástandið í sjó hafi verið með besta móti – fiskurinn hafi nóg æti. Síðan er líka spurning hvort eitthvað af þessum laxi sem skilaði sér ekki í fyrra sé að gera það núna. Það væri óskandi. Það er því ekki hægt að segja annað en að þetta allt saman gefi tilefni til þess að vera bjartsýnn fyrir sumarið.“

**Þykkur og pattaralegur**

Haffjarðará opnaði á sunnudaginn, 16. júní. Fyrstu þrjá dagana veiddust 40 laxar og var eingöngu veitt á þrjár stangir. Einar Sigfússon, einn eigandi árinnar, segir þetta alveg ljómandi byrjun.

„Þetta er betri byrjun en undanfarin ár og eins og annars staðar kemur fiskurinn mjög vel haldinn úr sjó,“ segir Einar. „Ég man varla eftir að hafa séð svona fallega fiska í byrjun sumars. Laxinn er þykkur og pattaralegur. Sömu sögu er hægt að segja um smálaxinn þannig að þetta lofar allt mjög góðu tel ég. Nú krossar maður bara fingurna og vonar að framhaldið verði í sama dúr.“

## Laxveiði í nokkrum völdum ám




| Laxveiðiá | Veiði hófst | Fjöldi laxa |
|---|---|---|
| 1 Norðurá | 5. júní | 153* |
| 2 Brennan | 5. júní | 30* |
| 3 Straumar | 5. júní | 30* |
| 4 Ferjukotseyrar | 5. júní | 4* |
| 5 Blanda | 5. júní | 64** |
| 6 Þverá og Kjarrá | 12. júní | 94*** |
| 7 Haffjarðará | 16. júní | 40** |
| 8 Hítará | 18. júní | 10* |
| 9 Skjálfandafljót | 18. júní | 19** |
| 10 Flókadalsá | 18.júní | 12** |

** klukkan 13 í gær ** klukkan 22 í fyrrakvöld *** klukkan 13 í fyrradag*

Veiði í Blöndu hófst 5. júní og var byrjunin erfið sökum veðurs og þess hversu áin var skoluð. Í fyrrakvöld voru samt 64 laxar komnir á land sem er mjög gott að sögn Þorsteins Hafþórssonar, veiðileiðsögumanns á Blönduósi. „Áin er í rólegheitum að hreinsa sig og hængarnir eru byrjaðir að sýna sig,“ segir Þorsteinn. „Laxarnir sem hafa verið að veiðast hafa flestir verið á bilinu 80 til 85 sentímetrar en þó veiddist ein 95 sentímetra hrygna hérna á þriðjudagskvöldið.“

**Tröllanáttúra**

Skjálfandafljót opnaði á þriðjudaginn og veiddust 19 laxar fyrsta daginn.

„Ég held mér sé óhætt að segja að þetta sé besta byrjun frá upphafi,“ segir Stefán Sigurðsson, sölustjóri hjá Lax-á. „Þetta er orðin uppáhaldsáin mín í dag. Þarna er alvöru vatn og tröllanáttúra.“

trausti@frettabladid.is



### ➜ Vísbendingar eru um góðar smálaxagöngur

Mælingar á hreistri smálaxa í Norðurá og Þjórsá sýna að aðstæður í hafi hafa verið góðar. Þetta kemur fram á vef Veiðimálastofnunar.

„Eins og mönnum er enn í fersku minni var smálaxagengd (lax sem er eitt ár í sjó) og veiði síðasta sumar lítil. Rannsóknir á hreistri sýndu að sjávarvöxtur smálaxa í fyrra var mjög lélegur,“ segir á vef stofnunarinnar. „Gagnaraðir Veiðimálastofnunar sýna að þegar vöxtur er lítill í sjó eru göngur einnig litlar og þar með veiði. Þetta skýrist af því að þegar skilyrði eru erfið í sjó er vöxtur minni og afföll meiri.“

„Nú eru fyrstu smálaxar sumarsins farnir að sýna sig á veiðislóð. Sýni hafa verið tekin af laxi í Norðurá og í Þjórsá. Mælingar af smálaxahreistri úr báðum þessum ám sýna að sjávarvöxtur er góður. Þetta eru góðar fréttir og gefur sterka vísbendingu um að smálaxagengd á Suður- og Vesturlandi verði mun betri en á síðastliðnu sumri. Smálax á Norðurlandi kemur heldur síðar og þarf einnig að fylgjast vel með ástandi hans þegar hann sýnir sig.

Lax er farinn að sýna sig víða í ám. Vísbendingar eru um að stórlax sé smár eins og við mátti búast enda var lax af sama árgangi, þ.e. smálax í fyrra, smár. Hins vegar er smálax einnig mættur í ár á Suður- og Vesturlandi sem er snemmt og veit á gott með veiði sumarsins,“ segir á vef Veiðimálastofnunar. - th




## Best að láta þessa damla

Fluga vikunnar er Black Eyed Prawn, sem tældi fyrsta lax sumarsins í Norðurá þann 5. júní. Veiði hófst klukkan sjö og var laxinn kominn á þremur mínútum síðar.

Black Eyed Prawn, sem stundum er skammstöfuð BEP, er forveri Frances-flugunnar. Flugan var upphaflega hnýtt á sjöunda áratugnum af Peter Dean.

Frances-flugan hefur í tímans rás þróast úr þessari flugu í þá útgáfu sem við þekkjum í dag.

Best er að veiða fluguna þannig að kastað er þvert á straum eða jafnvel upp í straum, línunni mendað og flugan látin „damla“ niður og jafnvel skrapa árbotninn.



**JÓN GNARR** Borgarstjórinn sést hér landa laxi í Elliðaánum sumarið 2010.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Veiði hefst í Elliðaám í dag

Laxveiði hefst í Elliðaám í dag. Klukkan sjö mun Reykvíkingur ársins renna fyrir laxi í Fossinum og Jón Gnarr borgarstjóri. Það mun ekki verða tilkynnt hver er Reykvíkingur ársins fyrr en skömmu áður en veiði hefst. Á vefsíðu Stangaveiðifélags Reykjavíkur kemur fram að mikill lax sé kominn í árnar miðað við árstíma.

„Þess má geta að sést hefur til stórlaxa í vor á Elliðaárvísu, og menn haft á orði að langt sé síðan að jafn vænir laxar hafi gengið árnar. Það eru því vonandi góðir tímar í vændum fyrir veiðimenn í Elliðaánum,“ segir á vef Stangaveiðifélagsins. - th

Minna að fletta
meira að frétta

visir.is




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

# Veiddi maríulaxinn í Flókadalsá

Hinn tíu ára gamli Daníel Þorri veiddi sinn fyrsta lax í Flókadalsá í Borgarfirði í fyrradag. Faðir hans og afi voru með í för. Krökt er af fiski í ánni.

Daníel Þorri Haukson, sem er tíu ára gamall veðimaður, veiddi maríulaxinn við opnun Flókadalsár í Borgarfirði í fyrradag.

Faðir hans, Haukur Birgisson, veiddi einmitt sinn maríulax í sömu á fyrir fjörutíu árum síðan. Afinn, Birgir Jóhannsson, var einnig með í för. Hann hefur veitt í ánni í hartnær hálfa öld. Laxinn, sem strákurinn veiddi, var fimm punda hrygna og veiddist hann við Steinakvörn.

Veiðimaðurinn Ingi Rafn Sigurðsson, hefur opnað Flóku undanfarin sumur. Hann sagði að ástandið í ánni núna minnti á sumarið 2008 en það var metár í ánni. „Í Pokagljúfri var til dæmis krökt af fiski. Þar sáum við lax stökkva á tíu mínútna fresti. Mér sýnist þetta lofa mjög góðu,“ sagði Ingvi Rafn. - ósk, - th



**MARÍULAX** Daníel Þorri bítur hér veiðiuggan af maríulaxinum.

heimkaup.is

# SEGÐU SÍÍÍÍS

Frábærar myndavélar á dúndurverði



**26.900**
VERÐ ÁÐUR ~~35.900~~

**Canon IXUS 125 HS**
Myndatakan er ekkert mál með þessari nettu og stílhreinu IXUS vél. Tekur góðar myndir, jafnvel við léleg birtuskilyrði. Háskerpu myndbandsupptaka og andlitsgreining. Ein skemmtilegasta vélin á markaðnum!

25% afsl.

**13.900**
VERÐ ÁÐUR ~~19.900~~

30% afsl.

**Canon Powershot A810**
Einfaldara gæti það ekki verið. Þessi 16 megapixla vél er hönnuð til þess að miða og smella af. Flottar myndir í hverri tilraun. Tekur einnig upp háskerpu myndbönd og býður upp á margskonar skemmtilegar stillingar.

## Brot af vöruúrvali okkar

- ...re bleyjufata
- 4.290 Under Armour stuttermabolur
- 54.900 Sony hljómtæki með dokku
- 2.690 Maybelline Vex Rocket maskari
- 8.995 Playmobil sjóræningjabátur
- 2.990 OXO ferðamál...

**Við sendum FRÍTT heim til þín!** [eða í vinnuna]

- ...cs Wellman ...in 30 stk.
- 2.495 Retro Stefson–Retro Stefson
- 1.628 Lee Stafford Hair Growth Treatment
- 5.990 (40% afsl.) Silicon Power Blaze USB3.0 32GB minnislykill
- 15.900 Illy mjólkurflóari
- 1.530 Nuby gómlaga...

**Mikið vöruúrval sem fer vaxandi dag frá degi**



## Heimkaup er fyrsta vefverslun sinnar tegundar á Íslandi.

Þar finnur þú frábært vöruúrval úr ótal vöruflokkum á góðu verði og getur sparað þér búðarápið. Þú ræður svo hvort þú sækir vöruna í vöruhús okkar í Turninum í Kópavogi eða lætur senda þér hana. Þú getur einnig komið beint í vöruhúsið, skoðað vörur í sýningarsal, þegið aðstoð frá starfsfólki og verslað á staðnum.

**heimkaup.is**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 21.20

### Breaking Bad



Bryan Cranston snýr aftur í fimmtu og jafnframt síðustu þáttaröð af verðlaunaþáttunum Breaking Bad á Stöð 2. Cranston hlaut Emmy-verðlaunin þrjú ár í röð fyrir frammistöðu sína sem efnifræðikennarinn og fjölskyldumaðurinn Walter White sem sneri sér að eiturlyfjaframleiðslu eftir að hann greindist með krabbamein.

## Í KVÖLD



**Revolution**

**STÖÐ 2 KL. 20.30** Þetta er fyrsta þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum. Heimurinn missir allt rafmagn og nú þarf heimsbyggðin að laga sig að heiminum upp á nýtt.

TV.COM 7,3 IMDb 6,5



**The Office**

**SKJÁR 1 KL. 20.45** Starfsfólkið hjá Dunder Mifflin er stórskemmtilegt. Skrifstofustjórinn undarlegi, Michael Scott, er hættur störfum en sá sem tekur við starfi hans er engu skárri.

TV.COM 9,0 IMDb 8,7



**Chicago Fire**

**RÚV KL. 21.15** Á Neyðarvaktinni fylgjumst við með slökkviliðsmönnum berjast við elda og bráðaliðum sem bjarga mannslífum í Chicago.

TV.COM 7,2 IMDb 6,8

## Rás 2

### Virkir morgnar



Það eru þau Andri Freyr Viðarsson og Guðrún Dís Emilsdóttir sem stjórna Virkum morgnum á Rás 2. Þátturinn er í léttum dúr þar sem fjallað er um skemmtileg málefni líðandi stundar. Góður þáttur fyrir þá sem eru að koma sér af stað í morgunsárið.











## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In the Middle** (6:22)
**08.30 Ellen** (169:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (107:175)
**10.20 Human Target** (1:13)
**11.05 Masterchef** (3:13)
**11.50 Man vs. Wild** (8:15)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Who Do You Think You Are? UK** (1:6)
**14.00 Come See The Paradise**
**16.10 Ofurmennið**
**16.30 Ellen** (170:170)
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** (19:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** (2:23)
**19.35 Modern Family**
**20.00 Grillað með Jóa Fel** (4:6)
**20.30 Revolution** (13:20) Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**21.15 Breaking Bad** Þriðja þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White.
**22.00 Vice** (5:10) Glænýir og áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan og þeim gerð góð skil.
**22.30 Grimm** (11:22) Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**23.15 Harry's Law** (4:22) Önnur þáttaröðin um stjórnulögfræðinginn Harriet Korn *(Kathy Bates)* sem hætti hjá þekktri lögfræðistofu og stofnaði sína eigin.
**00.00 Rizzoli & Isles**
**00.45 Mad Men** (10:13)
**01.35 The Killing** (2:12)
**02.20 Burn Notice** (12:18)
**03.05 Transporter 3**
**04.45 Human Target** (1:13)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** (16:24)
**19.25 Two and a Half Men** (13:24)
**19.45 Simpson-fjölskyldan** (17:25)
**20.10 Game Tíví**
**20.35 Glory Daze** (10:10)
**21.40 Sons of Tucson** (12:13)
**22.05 Brickleberry** (8:10)
**22.30 Pretty Little Liars** (5:25)
**23.10 Pretty Little Liars** (6:25)
**23.55 Game Tíví**
**00.20 Glory Daze** (10:10)
**01.25 Sons of Tucson** (12:13)
**01.50 Brickleberry** (8:10)
**02.15 Pretty Little Liars** (5:25)
**02.55 Pretty Little Liars** (6:25)
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Siggi Stormur

## SPORT *besta sætið*

**17.20 Young Boys - Liverpool**
**19.00 Sumarmótin 2013** Sýndar svipmyndir frá Pæjumótinu í Eyjum þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar láta ljós sitt skína.
**19.45 Stjarnan - FH** BEINT frá leik Stjörnunar og FH í 16 liða úrslitum Borgunarbikarsins.
**22.00 Borgunarmörkin 2013** Mörkin og marktækifærin í leikjunum í Borgunarbikarkeppni karla í knattspyrnu.
**23.05 Kraftasport 2013**
**23.55 Borgunarmörkin 2013**
**01.00 Miami - San Antonio** BEINT frá leik Miami og San Antonio í NBA körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.45 Arsenal - Chelsea**
**19.30 Premier League World 2012/13**
**20.00 Meistaradeildin:** Bestu leikirnir
**20.30 Chelsea - Wigan**
**22.10 Meistaradeildin:** Bestu leikirnir
**22.40 Stuðningsmaðurinn: Willum Þór Þórsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**23.10 Sunderland - Chelsea**

## krakkar

**09.55** Waybuloo **10.15** Brunabílarnir **10.35** Doddi litli og Eyrnastór **10.45** Histeria! **11.05** Ofuröndin **11.30** Sorry I've Got No Head **12.00** Njósnaskólinn **12.25** iCarly **12.50** Victourious

**13.10** Big Time Rush **13.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar**13.55** Lalli **14.00** Lalli **14.10** Refurinn Pablo **14.15** Litlu Tommi og Jenni **14.40** Svampur Sveinsson **15.00** Dóra könnuður **15.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Strumparnir **16.10** Áfram Diego, áfram! **16.30** Lína langsokkur **16.55** Waybuloo **17.05** Brunabílarnir **17.30** Histeria! **17.50** Ofuröndin **18.15** Njósnaskólinn **18.45** iCarly **19.10** Victourious **19.35** Big Time Rush

## GULL

**20.00 Strákarnir**
**20.30 Stelpurnar**
**20.55 Fóstbræður** (3:8)
**21.25 Curb Your Enthusiasm** (9:10)
**22.00 The Drew Carey Show** (16:22)
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Stelpurnar**
**23.20 Fóstbræður** (3:8)
**23.50 Curb Your Enthusiasm** (9:10)
**00.25 The Drew Carey Show** (16:22)
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.35 I Love You Phillip Morris**
**14.10 Ævintýraferðin**
**15.30 The Break-Up**
**17.15 I Love You Phillip Morris**
**18.50 Ævintýraferðin**
**20.15 The Break-Up**
**22.00 War Horse**
**00.25 Be Cool**
**02.20 The Terminator**
**04.05 War Horse**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Úmísúmí** *(12:20) (Team Umizoomi - Season 1)*
**17.43 Hrúturinn Hreinn** *(2:20) (Shaun the Sheep)*
**17.50 Dýraspítalinn** *(6:10) (Djursjukhuset)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Gómsæta Ísland** *(5:6) (Delicious Iceland)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Andraland II** *(5:5)*
**20.20 Tony Robinson í Ástralíu** *(2:6) (Tony Robinson Down Under)*
**21.15 Neyðarvaktin** *(23:24) (Chicago Fire)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(12:24) (Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** *(Call the Midwife II) (e)*
**00.00 Þrenna** *(3:8) (Trekant) (e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**18.00** Golfið **18.40** Álfukeppnin - upphitun **18.50** Álfukeppnin BEINT frá leik Spánar og Tahítí. **20.50** Álfukeppnin - samantekt **21.05** Mótorsport **21.40** Álfukeppnin - upphitun **21.50** Álfukeppnin BEINT frá leik Nígeríu og Úrúgvæ. **23.50** Álfukeppnin - samantekt

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**07:05 America's Funniest Home Videos** *(35:48)*
**07:30 Everybody Loves Raymond** *(20:25)*
**07:55 Cheers** *(3:22)*
**08:20 Dr. Phil**
**09:05 Pepsi MAX tónlist**
**15:25 The Voice** *(12:13)*
**17:35 Dr. Phil**
**18:20 Psych** *(6:16)*
**19:05 America's Funniest Home Videos** *(36:48)*
**19:30 Everybody Loves Raymond** *(21:25)*
**19:55 Cheers** *(4:22)*
**20:20 How to be a Gentleman** *(6:9)*
**20:45 The Office** *(11:24)*
**21:10 Royal Pains** *(7:16)* Bandarísk þáttaröð sem fjallar um Hank sem er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**22:00 Flashpoint** *(1:18)* Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættu ber að garði.
**22:50 Dexter** *(9:12)*
**23:40 Common Law** *(6:12)*
**00:25 Excused**
**00:50 The Firm** *(15:22)*
**01:40 Royal Pains** *(7:16)*
**02:25 Flashpoint** *(1:18)*
**03:15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06:00** US Open 2013 *(4:4)* **12:00** Golfing World **12:40** US Open 2013 *(4:4)* **18:40** Inside the PGA Tour *(25:47)* **19:00** Travelers Championship 2013 *(1:4)* **22:00** The Open Championship Official Film 1990 **23**:00 Golfing World **23:50** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


66°
NORÐUR
Göngudagar
20% afsláttur af völdum vörum
Aðeins í verslun 66°NORÐUR í Faxafeni.
Vilborg Arna pólfari verður á staðnum
milli 17 og 20 og gefur góð ráð um göngufatnað.
Opnunartímar í Faxafeni um helgina:
fim.: 9-20
fös.: 9-18
lau.: 11-16
magazine.66north.is

## SUMARFRÍIÐ



**„Sumarfríið mitt byrjar á sunnudaginn þegar ég legg leið mína til Istanbúl. Þar ætla ég að borða góðan mat og njóta lífsins. Ég vona bara að ég lendi ekki í mótmælunum.“**

Gyða Lóa Ólafsdóttir, mannfræðingur og bloggari á Bonaparte.is.

# Starfa með enskum stórliðum

Gamanferðir hafa gert samninga við knattspyrnuskóla Man. Utd. og Chelsea.

„Það er gaman að fá að vinna með þessum stórliðum,“ segir Þór Bæring, annar af eigendum Gamanferða.

Ferðaskrifstofan, sem var stofnuð í fyrra, hefur gert samninga við opinbera knattspyrnuskóla Manchester United og Chelsea um að bjóða upp á ferðir þangað fyrir efnilega íslenska fótboltakrakka. „Það er mjög jákvætt að ná þessum samningum því þetta eru opinberir fótboltaklúbbar á vegum þessara liða.“

Innganga í hinn fræga skóla Manchester United kostar sitt, eða 250 þúsund krónur. Innifalið í því er skólinn sjálfur frá sunnudegi til föstudags, ferð á Old Trafford og æfingagalli. Hjá Chelsea kostar ódýrasti pakkinn tæpar 130 þúsund krónur.

Þór og félagar hafa einnig gert samning við aðdáendaklúbb Arsenal á Íslandi og ætla að skipuleggja ferðir fyrir hann á leiki Arsenal á næstu leiktíð. „Þetta er einn stærsti klúbburinn á landinu og þeir eru mjög duglegir að fara út og gera skemmtilega hluti saman. Það er mjög gaman að vinna með svoleiðis klúbbum,“ segir Þór, sem ætlar einnig að hjálpa klúbbnum að fá Arsenal-hetju á árshátíð hans. „Þetta er allsherjarsamstarf,“ segir hann. **- fb**

➜ Fyrsti leikur Arsenal á næstu leiktíð verður gegn Aston Villa á heimavelli sínum Emirates.



**ÞÓR OG BRAGI** Þór Breiðfjörð og Bragi Hinrik Magnússon reka gamanferðir.




# Tilda Swinton óskaði eftir þátttöku á ATP

Leikkonan Tilda Swinton óskaði eftir því að fá að taka þátt í tónlistarhátíðinni All Tomorrow’s Parties. Hún stýrir kvikmyndasýningu í tengslum við hátíðina.



**TÓMAS YOUNG**

„Jim Jarmusch og Tilda [Swinton] eru vinir. Þau hittust bæði á Cannes og á spænsku tónlistarhátíðinni Primavera og hann sagði henni frá hátíðinni. Eftir að hafa heyrt hvar hátíðin færi fram og hvaða hljómsveitir spiluðu hafði hún samband og spurði hvort hún mætti velja kvikmyndirnar annan daginn,“ segir Tómas Young, skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar All Tomorrow‘s Parties sem fer fram á Ásbrú dagana 28. til 29. júní.

Kvikmyndasýningar fara fram í gamla herstöðvarkvikmyndahúsinu í tengslum við hátíðina. Til stóð að leikstjórinn Jim Jarmusch sæi um að velja kvikmyndirnar annan daginn og hljómsveitirnar sem fram koma hinn daginn. Nú deila Jarmusch og breska leikkonan Tilda Swinton aftur á móti verkefninu sín á milli.

Koma Swinton og þátttaka hennar í hátíðinni teljast til stórtíðinda enda er leikkonan mikilsmetin bæði innan leiklistarinnar og tískuiðnaðarins. „Ég varð mjög ánægður þegar hún hafði samband en þetta kom mér ekki mjög á óvart því það hefur verið gríðarlegur áhugi á hátíðinni. Tónlistarvefsíðan Pitchfork hefur meðal annars fjallað mikið um hana,“ segir Tómas.

Leikkonan verður viðstödd hátíðina og gistir á svæðinu líkt og aðrir gestir hátíðarinnar og eru því líkur á að hátíðargestir muni rekast á stjörnuna á vappi um Ásbrú.

Rúm vika er í hátíðina og viðurkennir Tómas að enn þurfi að huga að ýmsu smálegu. „Nú er „crunch time“. Síminn stoppar ekki. Við höfum haft langan undirbúningstíma en það er auðvitað fullt sem þarf að gera og græja á síðustu metrunum,“ segir hann að lokum. **sara@frettabladid.is**



**GESTUR Á ATP** Tilda Swinton óskaði eftir því að fá að taka þátt í tónlistarhátíðinni All Tomorrow‘s Parties. Tómas Young, skipuleggjandi hátíðarinnar, segir komu hennar auka umtal um hátíðina til muna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tilda Swinton

**FÆDD** 5. NÓVEMBER 1960

**FULLT NAFN** KATHERINE MATHILDA SWINTON

**LEIKLISTARFERIL** HÓFST 1986

**KVIKMYNDIR** The Beach, ævintýramyndunum The Chronicles of Narnia, Vanilla Sky, We Need to Talk About Kevin og Only Lovers Left Alive ásamt Tom Hiddleston og Miu Wasikowska.

**BEST KLÆDD** Swinton þykir með einstakan fatastíl og er gjarnan á lista yfir best klæddu konur heims. Belgíski hönnuðurinn Haider Ackermann er í sérstöku dálæti hjá henni.

*Þann 3. apríl árið 2011 sagði Vísir.is frá því að leikkonan væri stödd hér á landi og hefði meðal annars sést „í miðborg Reykjavíkur sem og í Hagkaup í Skeifunni“. Ástæða heimsóknarinnar var tískuþáttur sem ljósmyndarinn Tim Walker gerði fyrir W Magazine. Myndirnar voru meðal annars teknar á Krýsuvíkursvæðinu.*

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# Berjast fyrir Barnaspítalann

Söngvarinn Geir Ólafsson og uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson berjast í blönduðum bardagalistum í Mjölni.

„Ég er bara á fullu við það að undirbúa mig, undir bardaga ársins,“ segir söngvarinn Geir Ólafsson, en hinn 13. júlí ætlar hann að keppa við uppistandarann Rökkva Vésteinsson í blönduðum bardagalistum og mun allur ágóði renna óskertur til Barnaspítala Hringsins. „Við Rökkvi erum kollegar í skemmtanaiðnaðinum, hann hefur verið að æfa újítsú í einhvern tíma og ég hef verið að æfa júdó. Hann skoraði á mig að keppa við sig í blönduðum bardagalistum, þar sem við reynum að blanda saman þessum tveimur greinum eins vel og hægt er. Þannig munum við svo berjast,“ segir Geir. Glímt verður í þrjár fimm mínútna lotur, þar sem stig fást fyrir að þvinga andstæðinginn til uppgjafar eða kasta honum í gólfið með júdóköstum. Bardaginn fer fram í húsi bardagaíþróttaklúbbsins Mjölnis en Geir segist ekki hafa æft þar áður. „Ég æfi á fullu í Júdófélagi Reykjavíkur. Þar eru mínir stuðningsmenn.“ Miðasala á bardagann er hafin á Midi.is. **-ka**



**BÚA SIG UNDIR BARDAGA ÁRSINS** Geir Ólafs og Rökkvi Vésteinsson ætla að berjast í blönduðum bardagalistum. Allur ágóði bardagans rennur til Barnaspítala Hringsins.

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# SUMAR Í HÁSKERPU

## LG 2013 LÍNAN ER LENT!



199.995

50PN6504

**50“ LG Plasma Full HD**
2x HDMI, USB, 600Hz,
Clearvoice DVB-T, Razorframe



339.995

47LA641V

**47" LG EDGE LED 3D SMART TV**
3x HDMI, 3x USB, 200Hz Mci, WiFi, DVB-T, upptaka á USB drif, Remote App, Media Link, DLNA, MHL, WiDi, NFC, Miracast, DualPlay



199.995

47LN540V

**47" LG DIRECT LED DVB-T2**
2x HDMI, USB, 100Hz Mci, DVB-T2, Simplink, LAN, Screen Share - MHL



199.995

42LA613V

**LG 42" FULL HD DIRECT LED 3D**
Cinema 3D Smart TV, Full HD, IPS skjár, 2x HDMI, USB, 100Hz Mci, DVB-T2/S2, Simplink, MHL, DLNA, DualPlay



149.995

39LN540V

**39" LG DIRECT LED DVB-T2**
Full HD, 2x HDMI, USB, 100Hz Mci,DVB-T2, Simplink, LAN, Screen Share - MHL

***Þetta er aðeins brot af nýju 2013 tækjunum frá LG***

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 131947

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jón Gnarr setti Kexreið

Kexreiðin var haldin um síðastliðna helgi. **Jón Gnarr** setti hjólreiðakeppnina við mikinn fögnuð viðstaddra. Fremstir meðal jafningja í keppninni voru Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, forstjóri Sports Direct, Skúli Mogensen hjá WOW, Emil hjá Kríu Cycles og Hörður Kristbjörnsson, grafískur hönnuður og skipuleggjandi keppninnar. Sá sem bar sigur úr býtum heitir Ingvar Ómarsson. Í verðlaun hlaut hann glæsilega keppnistreyju hannaða af Guðmundi Jörundssyni. - ósk



### Vinsæl ábreiða

Hljómsveitinni Hjaltalín er margt til lista lagt en nú hefur hún skyggt á sjálfa poppdrottninguna Beyoncé. Sveitin tók ábreiðu af vinsælu lagi Beyoncé, Halo, fyrir útvarpsþáttinn Poppland á Rás 2 en útgáfa sveitarinnar hefur vakið mikla á samskiptamiðlum undanfarna daga. Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, þykir ekki gefa Beyoncé neitt eftir í söngnum og myndband af sveitinni að flytja ábreiðuna hafði verið skoðað um sjö þúsund sinnum á Youtube.com í gær. -áp



## Mest lesið vísir

1 Ólafur Ragnar Grímsson: Fá mál betur til þess fallin að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu
2 Öskjuhlíðin nýtt sem Sorpa
3 Veist þú hver þetta er?
4 Silfur Egils hættir á RÚV
5 Segja sýknudóm yfir Knox gallaðan
6 Vala Grand með nýja snyrtivörulínu

„Ómissandi bók fyrir spennufíkla“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR MORGUNBLAÐIÐ




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

Sumargleði!
20% afsláttur
af öllum vörum í verslunum okkar




